



NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
 ...á þínum vegum!
568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
 10. ágúst 2013
 186. tölublað 13. árgangur
 Sími: 512 5000

*MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

*Samkvæmt örnefningablaðsönnun Lögáskemmtu, janúar - mars 2014



REYKDALSSYSTUR MEÐ LISTINA Í BLÓÐINU

Systurnar **Nanna, Hadda Fjóra** og **Hlín Reykdal** hafa allar náð langt í lista- og hönnunargeiranum. Faðir þeirra, **Jón Reykdal** listamaður, lést í byrjun árs. Hann var þeirra helsti ráðgjafi og mikill vinur. ▶ 26



RAGNHILDUR STEINUNN Á KVIKMYNDAHÁTÍÐ
 Heimildarmynd hennar keppir á Nordic Panorama. ▶ 62



Tónleikasumaríð 2013 VIÐ KEYPTUM ÁTJÁN PÚSUND MIÐA ▶ 22



INNREIÐ RÚSSNESKU TÍSKUMAFIUNNAR
 Allt um nýjustu stjórnurnar í tískuheiminum. ▶ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

OPIÐ ALLA HELGINA!

tl.is

TÖLVU LISTINN

YFIR 80 TEGUNDIR AF FARTÖLVUM FRÁ TOSHIBA, ACER, ASUS OG APPLE

RISAÚTSALA

BÍLTÆKI ÚTVÖRP
 BÍLHÁTALARAR SJÓNVÖRP
 BÍLHÁTALARAR HLJÓMBORD

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÖTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

FERDATÆKI MAGNARAR DVD SPILARAR HEYRNARTÖL FRYSTIKISTUR
 MYNDAVÉLAR MP3 SPILARAR HÁTALARAR ÍSSKÁPAR
 PRÁDLAUSIR SÍMAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
 www.ht.is

OPIÐ Lau. 11-16
 OPIÐ Sun. 13-17

SÚÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

**Götu-
markaður**

8.-11. ágúst

Opið til **18**

Smáralind

AÐHAFAST EKKI 4

Fjarskiptafyrirtækin ætla ekki að loka fyrir ólöglegt niðurhal nema að yfirvöld fari sérstaklega fram á að það verði gert.

LESA FYRIR HUNDA 6

Verkefni sem gengur út á að láta lesblind börn lesa fyrir hunda hefur gefist vel og aukði lestraráhuga barnanna.



SKOÐUN 12→16



TÓMT STUNDAGLAS 16

Brýnasta úrlausnarefnið þegar sem við kemur lífeyrissjóðunum er að aflétta af þeim gjaldeyrishöftunum.

EKKI EINN HÁSKÓLA EÐA SPÍTALA 20

EKKI á að fækka sveitarfélögum frekar, heldur jafnvel fjölga þeim, skrifar Ómar Kristmundsson.

HELGIN 18→32

SKÁLMOELD LIGGUR BEINT VIÐ 18

Tónlistarhátíðin Pönk á Patró er haldin í fimmta sinn á Patreksfirði um helgina.

VISSU ALLIR HVER ÉG VAR 20

Hörður Torfason söngvaskáld viðurkenndi samkynhneigð sína fyrstur manna opinberlega hér á Íslandi árið 1975.

HÆFILEIKARÍKAR SYSTUR 28

Þær Nanna, Hadda Fjóra og Hlín Reykdal hafa allar haft listir að aðalstarfi og segja sína helstu fyrirmynd hafa verið þabba sinn.

ÁHRIFAVALDARNIR Í TÍSKUNNI 30

Nýjar „stjörnur“ hafa rutt sér til rúms í tískuheiminum undanfarin ár.



DRAMAD ER SYKURINN Í LÍFINU 32

Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri er kominn á fullt við tökum á Borgríki II, sjálfstæðu framhaldi Borgríkis.

MENNING 44→62




ÁTJÁN PÚSUND TÓNLEIKAMIÐAR SELDIR 48
Íslendingar keyptu um átján þúsund miða á tónleika með erlendum poppurum í sumar.

BLAM! SLÆR Í GEGN 62
Leiksvínungin Blam! fær hvern fimm stjörnu dóminn á færur öðrum á Edinborgarhátíðinni.

SPORT 54→56

SÓLARHRINGUR SEM GLEYMIST SEINT 54

Kristinn Jónsson klúðraði víti og féll úr Evrópukeppni með Blikum á fimmtudagskvöldið en var síðan valinn í íslenska landsliðið aðeins fjórtán klukkutímum síðar.



FIMM Í FRÉTTUM FORSETAFRÚIN Á HESTBAKI



Dorrit Moussaieff stal senunni á Heimsmeistaramóti Íslenska hestsins í Berlín. Reið hún í gegnum Brandenburg-hliðið klædd í landsliðsbúning Íslands. Einnig segir sagan að hún hafi heillað Klaus Wowereit, borgarstjóra Berlínar, upp úr skónum.



Koma **Franklins Graham**, bandaríks predikara, til landsins hefur vakið mikla athygli og reiði margra. Ástæðan er sú að Graham er þekktur fyrir andúð sína á samkynhneigð en var boðið hingað til lands á Hátíð vonar, þar sem hann mun flytja boðskap sinn. Þykir tímasetningin óheppileg þar sem hinsegin dagar fara nú fram í Reykjavík með pomp og prakt.



Ingólfur Pórarinsson var áberandi síðastliðna helgi, sérstaklega á sunnudagskvöld, þar sem hann stjórnaði Brekkusöngnum á Þjóðhátíð í Eyjum með miklum ágætum að mati flestra. Þótti þó sumum hann hafa sungið helst til hratt.



Guðmundur Ingi Póroddsson, höfuðpaurinn í stóra amfetamín málinu í Danmörku, var vinsælt fréttæfni í vikunni. Samverkamenn hans fóru fyrir dómi í Kaupmannahöfn og þótti ljóst að þeir voru annað og meira en bara burðardýr.

→ **Sigríður Margrét Oddsdóttir**, forstjóri fyrirtækisins Já, fékk úrskurð Persónuverndar í hendurnar í vikunni. Þar kemur fram að Já skuli afmá andlit og bílnúmer á myndum sem teknar voru fyrir verkefni þeirra Götusýn. Þetta gæti reynst þrautin þyngr þar sem Já býr ekki yfir slíkum búnaði en þó segir Sigríður þau halda ótraud áfram með verkefnið.



Þjóðkirkjuprestar á bak við Hátíð vonar

Tveir prestar úr Þjóðkirkjunni eru í forsvari fyrir samtökin sem bjóða Franklin Graham á Hátíð vonar. Umdeild ummæli hans um samkynhneigð hafa vakið reiði á Íslandi. Agnes biskup átti að halda erindi á hátíðinni en íhugar að hætta við.

TRÚMÁL Tveir prestar í Þjóðkirkjunni taka þátt í að bjóða hinum umdeilda Franklin Graham á Hátíð vonar. Graham verður aðalræðumaður hátíðarinnar en hann er þekktur fyrir umdeildar skoðanir sínar á samkynhneigðum.



MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR



ÁRNI SVANUR DANÍELSSON

„Það var aldrei ætlunin að særa neinn,“ segir séra María Ágústsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurbíofastdæmi vestra, en hún situr í nefnd sem fer fyrir hinum svokallaða Friðrikskapelluhópi, sem stendur fyrir heimsókn hins umdeilda predikara.

Séra Kjartan Jónsson, sóknarprestur Ástjarnarkirkju, er einnig í hópnum.

„Markmiðið er að boða trú og von,“ segir María.

„Hér er hann kominn til að vera ræðumaður á þessum samkomum og boðar þar sátt og fyrirgefningu. Það ætla ég að vona – og tryggja.“

Hún segir erfitt að svona umræða fari í gang um hátíðina, sérstaklega í ljósi Hinsegin daga. Þeir ná hápunkti sínum í dag þegar tugir þúsunda taka þátt í gleðigöngunni.

Árni Svanur Daníelsson, verkfnisstjóri á Biskupsstofu, segir að starf prestanna tveggja með



UMDEILDUR Predikarinn Franklin Graham segir að samkynhneigðir geti ekki lifað eðlilegu fjölskyldulífi.

Biðja saman eftir spámannlega vitrun

Friðrikskapelluhópurinn hóf að biðja saman í ágúst 2008 eftir að einn úr hópnum fékk spámannleg skilaboð um að eitthvað slæmt væri yfirvofandi hér á landi. Nú hittist hópurinn einu sinni í viku og að honum kemur fólk úr hinum ýmsu söfnuðum og kirkjum.

Í nefndinni sem er í forsvari fyrir hópnum eru, auk fyrrnefndra presta, Friðrik Schram, prestur íslensku Kristskirkjunnar, séra Vörður Traustason, forstöðumaður Filadelfíusafnaðarinnar, og Ómar Kristjánsson leikmaður.

Friðrikskapelluhópnum sé ekki á vegum Þjóðkirkjunnar.

Þjóðkirkjan sem slík kemur ekki að Hátíð vonar að öðru leyti en að Agnes M. Sigurðardóttir biskup

verður meðal ræðumanna. Hún sagði í samtali við Stöð 2 í gærkvöldi að hún íhugaði að hætta við að halda ræðu á hátíðinni.

nannae@365.is

DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR



HVITA HÖRPU

Vodafone semur við bandarísk fyrirtæki um lagningu á öflugum sæstreng: Fyrsti strengurinn í fimmtán ár

Samstarf tæknifyrirtækjanna Emerald Networks og Vodafone var innsiglað í Hörpu í gær. Með samningnum tryggir Vodafone sér afnot af nýjum og afar öflugum sæstreng sem lagður verður á haustmánuðum næsta árs, frá New York til meginlands Evrópu.

Philip Magiera, fjármálastjóri Emerald Networks, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að með tilkomu sæstrengsins væri Ísland í einstakri stöðu á heimsvísu þegar kemur að rekstri gagnavera. Það vakir því meira fyrir fyrirtækinu.

Rúm 15 ár eru síðan sæstrengur var lagður milli Norður-Ameríku og Evrópu. Magiera bendir á að þeir strengir sem nú eru til staðar eigi í verulegum vandræðum með að svara eftirspurn eftir gagnaflytningu, sérstaklega með tilkomu snjallsíma, samskiptamiðla og skýtækni.

„Afkastagetan er að hverfa,“ segir Magiera. „Þessi nýi sæstrengur svarar þessari eftirspurn en um leið fær Ísland tengingu við umheiminn sem á sér ekki fordæmi í heiminum.“



SKRIFAÐ UNDIR Forsvarsmenn fyrirtækjanna héldu blaðamannafund í Hörpu í gær.

- khn

ÁVÍSUN Á LÆGRA VERÐ

Í HÚSASMÍÐJUNNI



Electrolux

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

**30 DAGA
SKILARETTUR**

**Þvottavél
1000 sn
5 ára ábyrgð
92.900kr**



**ÁVÍSUN
HANDA
ÞÉR!**

3.000,-

Handhafa
Þrjúþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
tíl 19. ágúst 2013
Húsasmíðjan og Blómaval

HANDBÓK HÚSASMÍÐJUNNAR
er komin heim til þín
3.000 kr. ávísun fylgir á bakhlið.
Ávísun gildir sem innborgun í Húsasmíðjunni og Blómavali þegar verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira.



**Innimálning
10 lítrar
aðeins
3.995kr**

**Beka pottar
mikið úrval
verð frá
5.499kr**

**Frystikista
103 lítr.
5 ára ábyrgð
44.900kr**

**Hleðslu
borvél 12V
2 rafhlöður
13.995kr**

**Harðparket
hnota
1.190kr/m²**



**RÓSIR
7 stk.
999kr**

**LUKTIR
OG KERTI
mikið úrval
20%
afsláttur**



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

03.08.2013 → 09.08.2013

5.000
Vefsíðan Deildu.net hóf að leyfa niðurhal á íslensku myndefni í vikunni og nú hafa yfir 5.000 manns sótt mynd Baltasars Kormáks, Djúpið.

11 Hátíðin Reykjavík Dance Festival flautar til leiks í ellefta sinn í næsta mánuði.

€ 35 Fyrirhugaðir IPA-styrkir sem áttu að koma frá Evrópu-sambandinu í verkefni hér á landi vegna árána 2012 til 2013 nema um 3,5 milljörðum króna. Ekki verður þó samið um frekari styrki.

50 Hinn 5. október verða stórtónleikar í Eldborgarsal Hörpu í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að hin ástsæla hljómsveit Hljómur kom fram á sínu fyrsta balli.

50 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að Ísland get skorið niður um 50 milljarða í íslenska heilbrigðiskerfinu.

439,83 Tóbaksgjald ríkisins á hvern sígarrettupakka nemur 439,83 krónum í ár. Í fyrra var gjaldið 365,64 krónur á hvern pakka.

22 Uppgefið mínútagjald símfyrirtækja hér á landi er herra en í 22 ESB-ríkjum.

4.475 Íslendingar þiggja sérstakar húsaleigubætur frá sveitarfélögum en þær eru ætlaðar leigjendum sem búa við erfðir félagslegar og fjárhagslegar aðstæður.

Sumarleiðangrar líffræðinga: Gróður gróskumikill í Surtsey

NÁTTÚRA Gróður í Surtsey er gróskumikill eftir vætuna í sumar og er það ólíkt því sem áður hefur verið þegar þurrkar hafa leikið eyjuna grátt. Þetta er niðurstaða sumarleiðangurs líffræðinga og jarðfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands sem farinn var seint í júlí. Fuglavarp ýmissa tegunda var þó minna en stundum áður. Mávar voru færri og má kenna fæðuskorti úr hafi um það. Aðeins fáein þör af ritum voru í eyinni og ekki sáust neindir eða egg. Fýlar virtust þó með fleira móti. Niðurstöðurnar verða kynntar á 50 ára afmæli Surtseyjar, 12. til 15. ágúst.



HARPAN Hún hefur náð athygli arkitekta sem tilnefna hana og verðlauna.

Tilnefnd til verðlauna: Harpan heillar arkitektana

BYGGINGAR Harpan hefur verið tilnefnd til verðlauna sem opinber bygging ársins í menningargeira af LEAF, sem eru alþjóðleg samtök arkitekta í Evrópu. Hún er meðal fjögurra annarra bygginga sem eru tilnefndar.

Harpan er einnig tilnefnd til verðlaunanna WAN Performing Spaces Awards. Auk þess hlaut Harpa fyrir skemmstu evrópsku arkitektúrverðlaunin sem kennd eru við Mies van der Rohe, en það eru ein virtustu byggingarlista-verðlaun heims.

Loka ekki Deildu fyrr en eftir tilmæli frá yfirvöldum

Sérfræðingur í höfundarétti telur að vænlegasta leiðin til að stöðva starfsemi Deildu.net sé að fjarskiptafyrirtækin í landinu loka fyrir aðgang að síðunni. Síminn og Vodafone telja lagaheimild til þess hins vegar óljósa.

FJARSKIPTI „Virka aðferðin til að hindra dreifingu á hugverki Íslendinga hratt og vel er ef fjarskiptafyrirtækin myndu loka fyrir aðgengi að síðum eins og Deildu.net. Málið er þungt fyrir yfirvöld ef forsprakar slíkra síða flýja land með starfseminna,“ segir Tómas Þorvaldsson, lögmaður Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Í vikunni tóku eigendur skráarskiptasíðunnar Deildu.net þá ákvörðun að byrja að deila íslensku myndefni, en það hefur ekki verið leyfilegt á síðunni áður. Í kjölfarið hafa þúsundir manna sótt íslenskt efni á netinu, án leyfis, en talið er að það geti haft veruleg áhrif á íslenskan kvikmyndaiðnað.

Í byrjun árs 2012 var starfsemi síðunnar kærð til lögreglu en málið hefur ekki enn verið leyst. „Það er skýrt brot á lögum að deila efni sem höfundar hafa ekki gefið leyfi til og það er því miður allt of oft í íslensku þjóðfélagi að yfirvöld aðhafast ekki í málum þó að um augljóst lögbrot sé að ræða,“ segir Tómas en bendir þó á að málið sé erfitt. „Vefsíðan er vistuð erlendis, sem gerir það að verkum að erfitt er fyrir yfirvöld að leita uppi forsprakka síðunnar.“ Tómas bendir á að fjarskiptafyrirtækin geti sýnt ábyrgð í verki og lokað fyrir aðgengi notenda á Deildu.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafultrúi Símans, segir að fyrirtækið geti ekki tekið slíka ákvörðun nema fullvíst sé að það standist lög. „Það er nauðsynlegt að yfirvöld taki af skarið í þessu máli og við hjá Símanum höfum þegar



ÚR DJÚPINU Kvikmynd Baltasars Kormáks hefur verið halað niður oftar en fimm þúsund sinnum á Deildu. Baltasar segir að þar með sé forsendan fyrir DVD-sölu myndarinnar brostin.

óskað eftir því,“ segir Gunnhildur og bætir við að ef lagaramminn væri skýr væri ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni réttshafa. „Þegar Síminn lokaði aðgengi að síðunni Slembing í kjölfar beiðni frá lögreglu og barnafyrirvöldum var sú ákvörðun kærð.“

Hrannar Pétursson, upplýsingafultrúi Vodafone, segir að fyrirtækið geti ekki aðhafst í málinu án þess að fá skýra skipun frá yfirvöldum. „Vodafone þekkir ekki fordæmi þess að fjarskiptafyrirtæki nokkurs staðar í heiminu ákveði upp á



HRANNAR PÉTURSSON



GUNNHILDUR ARNA GUNNARSDÓTTIR

sitt einsdæmi að loka fyrir síður án skýrra lagaheimilda eða úrskurða frá eftirlitsstofnun eða dómstóli.“

Tómasi þykir ummæli fjarskiptafyrirtækjanna ekki standast yfirlýsingar þeirra í viðskiptasáttmálum. „Þar stendur beinlínis að þau áskilji sér rétt til að loka aðgengi og stöðva umferð efnis sem ekki stenst lög og reglur.“

Hann segir að vefsíður á borð við Deildu hafi mjög skaðleg áhrif á skapandi greinar og að tjónið nemi tæplega tveimur milljörðum á ársgrundvelli. „Það er meðal annars vegna sinnuleysis stjórnvalda.“

lovisa@frettabladid.is

TÖK Á TILVERUNNI – námskeið við athyglisbresti og kvíða

- Átt þú erfitt með að einbeita þér?
- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?



Sigríður D. Benediktsdóttir
Sóley D. Davíðsdóttir

Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að einfalda lífið, bæta einbeitingu, draga úr frestun, óskipulagi og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt lærir fólk leiðir til að minnka áhyggjur og kvíða með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Stjórnendur námskeiðs eru Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar.


Námskeiðið hefst 22. ágúst og verður á þriðjudögum frá 15-17, alls 7 skipti.

Skráning fer fram á kms@kms.is og nánari upplýsingar á www.kms.is



Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



BLAUTT Í FYRSTU en styttr upp. Rigning með köflum NV- og V-til á landinu í dag en sést til sólar A-til. Dregur frá á morgun S- og V-lands en lítilsháttar rigning N- og NA-lands á morgun. Bjart um allt land á mánudag. Hiti 7-16 stíg.

Alicante 30°	Billund 22°	Gautaborg 23°	London 22°	Orlando 31°	San Francisco 17°
Basel 29°	Frankfurt 25°	Kaupmannahöfn 23°	Mallorca 35°	Oslo 23°	Stokkhólmur 22°
Berlín 24°	Friedrichshafen 24°	Las Palmas 28°	New York 30°	París 23°	

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



Snjallir hjá Nova!



Samsung Galaxy S4 Active

104.990 kr. stgr.

6.390 kr./18 mán.



Samsung Galaxy S4

99.990 kr. stgr.

5.990 kr./18 mán.

Fullt verð: 109.990 kr.



Samsung Galaxy SII Plus

59.990 kr. stgr.

3.690 kr./18 mán.



iPhone 5 16 GB

119.990 kr. stgr.

7.290 kr./18 mán.



iPhone 4S 16 GB

99.990 kr. stgr.

5.990 kr./18 mán.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA



BIÓGESTIR Í SMÁRABÍÓ Spennan var eflaust helst til raunveruleg fyrir smekkt flestra í gær. MYND/DANIEL

Rýma þurfti Smárabíó:

Spennir brann

BRUNI Gestir í Smárabíó urðu varir við reyk um klukkan sjö í gærkvöldi. Upptökin fundust fljótlega, en þau voru spennir í tæknirými sem brann yfir. Rýma þurfti húsið en allt féll fljótlega aftur í ljúfa lög og hægt var að reyrkræsta húsið. -jse

Forstjóri Matís segir að ákvörðun ESB um að setja IPA-styrki í salt setji fyrirtækið í bagalega stöðu:

Eins árs undirbúningsvinna í súginn

EVROÞUMÁL „Þessi atburðarás er afskaplega bagaleg fyrir starfsemi fyrirtækisins og markmið um aukna verðmætasköpun í kringum matvælaframleiðslu,“ segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, um nýlega ákvörðun Evrópusambandsins (ESB) um að ekki verði undirritaðir fleiri samningar um svokallaða IPA-styrki frá sambandinu.

Matís átti von á 240 milljóna króna styrk frá ESB í formi IPA-styrkja vegna þriggja verk-



SVEINN MARGEIRSSON

mun erfiðara fyrir fyrirtækið að fylgja eftir markmiðum sínum. „Það sem við vorum að stefna að

efna sem stofnunin sótti um á síðasta ári. Nú liggur hins vegar fyrir að ekkert verður af styrkveitingunni.

Sveinn segir að nú verði óneitanlega

í öllum þessum verkefnum var að byggja upp og þróa nýja matvælaframleiðslu og til þess þarf fjármagn,“ bætir Sveinn við en honum þykir staðan sem nú er komin upp afar óheppileg.

Verkefni þrjú snúa að þönguþættun á Suðurlandi, vöruþróun með uppsjávarfisk á Austurlandi og vistvænni nýsköpun á Vestfjörðum.

„Það var lögð mjög mikil vinna í undirbúning þessara verkefna,“ útskýrir Sveinn.

Undirbúningur verkefnanna þriggja hefur staðið í um það bil ár og verkefni eru mikilvægur hluti af áætlaðri starfsemi fyrirtækisins til ársins 2014 að sögn Sveins.

Sveinn segist ekki vera bjartsýnn á að hægt verði að keyra verkefni áfram í óbreyttri mynd án styrkjanna. en ætla þó ekki að gefast upp. „Þetta er hindrunarhlaup. Nú er komin ein hindrun í veginn sem þarf að leysa.“ -le

Fjör hjá Arctic Odda:

Úr ládeyðu í makrílævintýri

SIÁVARÚTVEGUR Starfsmenn Arctic Odda á Flateyri hafa fengið að upplifa að fljótt skipast veður í lofti í sjávarútveginum. Um síðustu mánaðamót var þremur sagt upp og margir hafa farið í sumarfrí, meðal annars til Póllands.

En skyndilega náðust samningar við fyrirtækið Port-Ice um flokkun og frystingu á makríl. Þá voru góð ráð dýr því finna þurfti fólk til vinnu. Bryndís Sigurðardóttir framkvæmdastjóri segir að hver sem vettlingi geti valdið hafi verið kallaður til á Flateyri og unnið sé fram á nótt. -jse

Fíkniefnabaron fær frelsið:

Laus eftir nærri 30 ár í fangelsi

MEXÍKÓ, AP Alræmdur fíkniefnabaron í Mexíkó verður látinn laus eftir að hafa setið 28 ár í fangelsi. Upphaflega hljóðaði dómurinn upp á 40 ára fangelsi.

Rafael Caro Quintero var dæmdur fyrir hrottalegt morð en ekki er vitað hvort hann verður nú framseldur til Bandaríkjanna, þar sem hann er eftirlýstur fyrir margvíslega glæpi.

Dómstóll komst í gær að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið rétt staðið að upphaflegu málaferlunum. -gb



ÓHEFÐ-BUNDIÐ

„Markmiðið er að auka áhuga barnanna og ánægjuna sem þau fá út úr því að lesa,“ segir Margrét Sigurðardóttir, sem færði verkefnið á íslenska grundu.

Lesblind börn læra lestur með hundum

Nýstárlegt verkefni, sem felur í sér að börn með lestraröðugleika lásu með hund sér við hlið, jók lestraráhuga barnanna.

FÓLK Verkefni þar sem börn með lestraröðugleika lásu fyrir hunda sló í gegn á Seltjarnarnesi í vetur.

„Við fengum helstu upplýsingar um persónuleika barnanna og

Brynja Tomer, sem er algjör hundasérfræðingur, paraði hunda og börn samkvæmt því,“ segir Margrét Sigurðardóttir, æskulýðsfulltrúi og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Selsins á Seltjarnarnesi. Margrét, ásamt Brynju, fór af stað með verkefnið í samstarfi við yfirvöld Valhúsa-skóla eftir að henni barst til eyrna að slíkt hefði gefist vel í Bandaríkjunum. Fjögur börn, fjórir hundar og hundaeigendur voru fengin til þátttöku.

MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

„Við vinnum þetta verkefni á þeim forsendum að það sé ekki verið að leiðrétta barnið.“ Þegar barn er sífellt leiðrétta myndast stress við að ná hverju einasta orði réttu og skilningur á samhengi textans týnist.

„Þetta er svo dásamlegt. Hundarnir mæna bara á börnin. Þeir eru ekkert að leiðrétta heldur dá þau,“ útskýrir Margrét. Hunda-eigendurnir voru einnig lykilaðilar í verkefninu. Ef upp kom orð sem ekki telst í orðaforða tíu ára barns útskýrði það, með hjálp eigandans, merkingu orðsins fyrir hundinum.

„Það er lestraraskali í skólum sem öll börn eru mæld eftir og öll börnin fjögur höfðu færst ofar á honum,“ segir Margrét um niðurstöður verkefnisins.

„Eitt barn sem vildi aldrei lesa heima þegar við byrjuðum í þessu var í lok verkefnisins byrjað

að fara upp í rúm og lesa sjálf. Annað barn, sem átti annað gæludýr heima en hund, var byrjað að lesa fyrir það gæludýr.“

„Ég er mjög stolt af þessu og af hópnun okkar öllum. Ég hefði aldrei getað gert þetta ein.“

Margrét segir afar mikilvægt, ef fleiri hafa áhuga á að ráðast í slíkt verkefni, að það fari í gegnum samtökin Vigdís, vinir gæludýra á Íslandi, til þess að rétt sé að því staðið. „Verkefnið kemur frá samtökum að nafni R.E.A.D., Reading Education Assistance Dogs, sem hefur haldið námskeið fyrir okkur,“ útskýrir hún.

„Þetta var svo fallegt verkefni, ég var alltaf með gæsaþé,“ segir Margrét og bætir við að það séu engar ýkjur. „Börnin komu yfir til okkar í félagsmiðstöðina á handahlaupum.“

Til stendur að halda áfram með verkefnið í haust. nanna@365.is



Námskeið við svefnleysi

- Hugræn atferlismeðferð

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir 5 skipta námskeiði við svefnleysi. Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar sem er eitt árangursríkasta meðferðarform við svefnleysi sem völ er á og hefur námskeiðið notið mikilla vinsælda.

Námskeiðið er miðað að þeim sem svefnleysi truflar í lífi og starfi. Veitt er fræðsla um svefn og svefnleysi og þátttakendur aðstoðaðir við að breyta svefnhegðun og hugarfari sem grefur undan svefni.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 28. ágúst kl. 17.30 og stendur yfir í 1,5 klukkustund í senn, alls 5 skipti.

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is

Pakkir, kærur vinir!

Öllum þeim sem glöddu okkur með nærveru sinni, eða sendu okkur kveðjur þann 1. júní s.l., þegar við höldum upp á skemmtilega lífsáfanga, þökkum við af heilum hug. Það gladdi okkur sérstaklega hve vel þið brugðust við ósk okkar um að láta Söfnunarsjóð um kaup á aðgerðapjarka fyrir Landspítalann njóta gjafmildi ykkar, en þessu brýna málefni lögðu þið lið með 916 þúsund krónum, og við í minningu foreldra okkar, hækkuðum í eina milljón. Söfnunarkassa, sem við létum hanna sérstaklega fyrir afmælishófið, höfum við gefið söfnunarsjóðnum. Ef einhverjir vilja nýta hann í þágu söfnunarinnar, er hann til reiðu, endurgjaldslaust, og má nálgast hann hjá KPMG í Borgartúni 27, Reykjavík.

Söfnunin heldur áfram: Reikningsnúmerið er 0515-14-408005, kt.470313-1370, og framlög, stór og smá, til þessara byltingarkenndu tækjakaupa, vel þegin.

Kærar þakkir.
Puríður Steingrímsdóttir og Óli H. Þórðarson

Hjóla hringinn í kringum landið til styrktar krabbameinssjúkum börnum:

Hringferðin hefst í Ráðhúsinu

SAMFÉLAGSMÁL Það hefur eflaust komið fyrir í Ráðhúsinu að hjóla sé í menn en það er sjaldgæfara að sjá þar menn á hjólum.

Það gerdist þó í gær en þar var Jón Gnarr borgarstjóri hjólandi, fremstur í flokki hjólaðagarpa sem ætla að hjóla hringinn í kringum landið til styrktar krabbameinssjúkum börnum.

Borgarstjóranum þvarr hins vegar þröttur fljótlega og lét sexmenningunum hringferðina eftir. Þeir eru Bárður Hertervig Finsen Ísleifsson, Helgi Hrafn Björns-son, Helgi Ragnar Jensson, Rafn

Erlingsson, Þórir Ingi Ólafsson og Róbert Þórhallsson. Sá síðastnefndi hjólaði hringinn aleinn í fyrria fyrir sama málstað.

Þeir munu allir hjóla í einu og gefa sér tólf daga til ferðarinnar.


Með þeim í för er kvikmyndatökufólk en Sölmundur Ísak Steinarsson og félagar munu gera heimildarmynd um ferðina.

Þeim sem vilja styrkja málefnið er bent á söfnunarsímana sem eru: 903-3001 fyrir 1.000 krónur 903-3003 fyrir 3.000 krónur og 903-3005 fyrir 5.000 króna styrk. -jse



BORGARSTJÓRINN Á HJÓLI Það er ekki oft farið um Ráðhúsið á hjóli.

VINSÆL ÍSLENSK TÓNLIST!



Fjölskyldualbúmið



Sveppi og Villi búa til plötu



Barnagull



Acoustic Iceland



Einnar nætur gaman með Sigga Hlö



KK & Maggi Eiríks - Úti á sjó



Bubbi - Stormurinn



Ljótú hálfvitarnir

Gildir til 15. ágúst

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Dagskrá

- 08:30 Skráning
- 09:00 **Setning**
Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra
- 09:10 **Framtíðarsýn Heilsueflandi skóla**
Dagur B. Eggertsson forseti borgarstjórnar Reykjavíkur
- 09:30 **Gagnrýnin hugsun í skólalastarfi**
Henry Alexander Henrysson heimspekingur
- 10:00 **Hvað er verið að gera í Heilsueflandi grunnskólum?**
- 10:30 **Morgunhressing**
- 10:50 **Kynning á nýjum leiðbeiningum í heilsuvernd grunnskólubarna**
Jórlaug Heimisdóttir verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis
- 11:10 **Nýjar áherslur á tannvernd í skólum**
Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir hjá Embætti landlæknis
- 11:30 **Öryggi nemenda og slysavarnir í skólum**
Herdís Storgaard verkefnisstjóri slysavarna hjá Embætti landlæknis
- 11:50 **Handbók Heilsueflandi grunnskóla og gagnvirk heimasíða**
Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnisstjóri Heilsueflandi grunnskóla
- 12:10 **Fyrirspurnir og umræður**
- 12:30 **Afhending viðurkenningar**
- 12:40 **Hádegismatur**
- 13:30 **Málstofur um áhersluþætti Heilsueflandi grunnskóla**
- 16:00 **Ráðstefnulok**

Fundarstjóri: Ólöf Kristín Sívertsen lýðheilsufræðingur og fagstjóri heilsuskóla Skóla ehf.
Skráning og nánari upplýsingar á www.landlaeknir.is, verð 3.900 kr.
Innfalið er morgunhressing, léttur hádegisverður og síðdegishressing.

Fylkjast út í Flatey eftir Brúðgumann

Farþegafjöldinn til Flateyjar rís og hnígur með vinsældum Brúðgumans. Farþegum fjölgaði um mörg þúsund á þremur árum. Þeim fjölgaði mjög eftir frumsýningu og aftur eftir að kvikmyndin var sýnd í sjónvarpinu síðastliðið vor.

FERÐAMÁL Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, segir augljósa fylgni á milli vinsælda kvikmyndarinnar Brúðguminn og farþegafjölda Baldurs til Flateyjar á sumrin.



PÉTUR ÁSGEIRSSON

Myndin, sem kvikmynduð var í Flatey, var frumsýnd í ársbyrjun 2008 en sumarið þar á eftir rauk farþegafjöldinn upp og sú þróun náði síðan hæstu hæðum sumarið 2009 þegar hróður myndarinnar hafði farið enn víðar. Hún var til að mynda framlag Íslendinga til forvals Óskarsverðlaunanna.


Sumarið 2010 fækkaði sumarfarþegum til Flateyjar á ný og hélt svo áfram að fækka árin 2011 og 2012. „Svo er Brúðguminn sýndur í sjónvarpinu síðastliðið vor og ég er nokkuð viss um sumarið nú verði mun betra en það síðasta,“ segir Pétur.

Ólafur Egill Egilsson, annar handritshöfundar að myndinni, segist kátur yfir þessum áhrifum myndarinnar. Hann segir hana minna okkur Íslendinga á að það er engin leið að flýja sjálfan sig og hvergi sé betra að undirstrika það en í Flatey.




ÚR BRÚÐGUMANUM Hér er Hilmir Snær hálfíflaus í senu í kvikmyndinni Brúðguminn en sú mynd hefur heldur betur hleypt lífi í ferðamenskuna í Flatey.

Farþegafjöldi frá Stykkishólmi til Flateyjar frá júní til september 2006-2012



MYNDARLEGUR

www.landrover.is



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4 VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskiptingu með takkaskiptingu í stýrinu og loftþúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



Maður gæti náttúrulega alltaf misstigið sig í gleðigöngunni

VÍS ÓSKAR HINSEGIN FÓLKI TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

F plús fjölskylduþrygging nær til allra fjölskyldugerða og er hreint ótrúlega viðtæk. Í F plús er meðal annars heimilstrygging, slystrygging í frítíma, farangurstrygging og ferðarofstrygging.

Kynntu þér ótvíræða kosti F plús og tryggðu öryggi fjölskyldu þinnar.

Gleðjumst saman örugg og áhyggjulaus.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



SAMSTARF Vefurinn gerir kennurum um alla Evrópu kleift að skiptast á efni.

Fræðsluvefur á vegum ESB:

Neytendavefur fyrir kennara

SKÓLAMÁL Gagnvirkur upplýsinga- og fræðsluvefur ætlaður kennurum hefur verið settur upp.

Tilgangurinn með vefsíðunni er að auka neytendafraeðslu í skólum. Síðan var unnin í samstarfi við kennara og er sérstaklega ætluð neytendafraeðslu fyrir 12 til 18 ára nemendur. Hún er hugsuð sem eins konar miðlægur gagnagrunnur þar sem kennarar um alla Evrópu geta miðlað reynslu sinni og skipst á kennsluefni. Þar er að finna alls kyns fræðsluefni tengt réttindum neytenda og tilbúið kennsluefni. -nej

Obama bregst við hneyksli

Bandaríkjaforseti boðar breytingar á njósnum bandarískra leyniþjónustumanna í beinu framhaldi af uppljóstrunum Edwards Snowden. Obama boðar strangara eftirlit þingsins með njósnunum og meira gagnsæi.

BANDARÍKIN, AP „Bandaríkin hafa engan áhuga á því að njósna um líf almennings,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti á blaðamannafundi í gær, þar sem hann kynnti hert eftirlit með þeirri víðtæku njósnastarfsemi sem leyniþjónusta Bandaríkjanna hefur orðið uppvís að.

„Það er ekki nóg að ég sem forseti hafi trú á þessum kerfum heldur þarf almenningur í Bandaríkjunum að bera traust til þeirra líka.“

Ákvörðun Obamas um að afboða leiðtogafund með Vladímír Pútín í næsta mánuði er talin bera merki þess að Obama sé ósáttur við að Rússar hafi veitt uppljóstraranum Edward Snowden tímabundið hæli.

Það var Snowden sem upplýsti heimsbyggðina um að bandarískir leyniþjónustumenn stunda víðtækt eftirlit með símtölum og netsamskiptum einstaklinga.

Viðbrögð Obamas í gær benda til þess að hann hafi áttað sig á því hve

skaðlegar þessar njósnir eru ímynd Bandaríkjanna, jafnt heima fyrir sem erlendis.

Obama boðar nú endurskoðun á þessu eftirliti og segir að forsendur þess verði gerðar opinberar og gegnsæi verði í hávegum haft.

„Það er rétt að spyrja spurninga um eftirlit, ekki síst þar sem tæknin er að endurmóta allar hliðar lífs okkar,“ sagði Obama á blaðamannafundinum í gær.

Aðspurður sagði hann þetta hins vegar engu breyta um afstöðu Bandaríkjanna gagnvart Snowden. Bandaríkin hafa viljað fá hann framseldan og sóttan til saka.

„Nei, ég tel ekki að Snowden sé föðurlandsvinur,“ sagði Obama.

Þótt Obama hafi afboðað leiðtogafund með Vladímír Pútín í næsta mánuði hittust utanríkisráðherrar ríkjanna, þeir John Kerry og Sergei Lavrov, í Washington í gær.

Hvorugur þeirra fór í grafgötur



BARACK OBAMA Afstaðan til Snowdens er óbreytt: Bandaríkin vilja enn fá hann framseldan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

með að samskipti ríkjanna væru í ákveðinni lægð en Lavrov sagði þó að menn þyrftu að haga sér eins og fulloröð fólk.

Meðal þeirra sem hafa fagnað ákvörðun Bandaríkjaforseta eru rússneskir stjórnarandstæðingar.

„Pútín þrífst og dafnar á þessum sameiginlegu framkomum til að sýna kumpánnum sínum að hann standi jafnfætis á alþjóðasviðinu,“ er haft eftir Garrí Kasparov á vefsíðu vikuritsins Time.

gudsteinn@frettabladid.is

ÚTSALA

20-50% afsláttur af öllum vörum

Opið laugardag
Reykjavík 11-16
Akureyri 11-17

Lín DESIGN

www.lindesign.is
Sendum frítt

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220



LEIFSSTÖÐ 123 þúsund farþegar fóru þar í gegn í júlí.

Um 2.200 færri Íslendingar á ferðalagi milli ára: Íslendingar ferðast minna til útlanda

FERÐAÞJÓNUSTA Um 33 þúsund Íslendingar fóru utan í júlí á þessu ári samkvæmt nýjum tölum frá Ferðamálastofu. Það eru um 1.700 færri heimamenn en í júlí í fyrra.

Frá áramótum hafa 203 þúsund Íslendingar farið til útlanda, eða um 2.200 færri en á sama tímabili árið 2012, en fækkunin nemur 1,1 prósent milli ára.

Einnig kemur fram í upplýsingum frá Ferðamálastofu að um 123 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið frá landinu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar í nýliðnum

júlímánuði, eða um 11.400 fleiri en í júlí í fyrra. Um er að ræða 10,4 prósentu aukningu milli ára.

Flestir ferðamenn sem heim sóttu landið í júlí eru frá Bandaríkjunum eða um 14,9 prósent. Þjóðverjar fylgja fast á eftir og voru 12,2 prósent af öllum ferðamönnum í júlí.

Frá áramótum hafa tæplega 450 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu, eða um 78 þúsund fleiri en á sama tímabili í fyrra. Nemur aukningin um 21,8 prósentum milli ára. -le

ÚTSALA Í BETRA BAKI!

ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA

Allt að **50%** afsláttur



Levanto hægindastólar
20% afsláttur

Verðdæmi
LEVANTO leður hægindastóll með skemli

Kr. 111.840
Fullt verð kr. 139.800

Fæst í svörtu, hvítu og rauðu leðri.

Einnig til í mörgum litum í áklæði.


Betra BAK

Stillanleg heilsurúm í sérflokk!
20%-45% afsláttur



HOLLANDIA
stillanlegt að þínum þörfum!

Svefnsofar margar gerðir
15%-35% afsláttur



Dýnstærð 140x200 cm

Verðdæmi

SENSEO svefnsofi

Afsláttarverð kr. 267.800

Fullt verð kr. 412.000

Nú er skólastemning í
Kringlunni. Allt sem þarf
fyrir skólann á einum stað.

SKÓLADAGAR

OPIÐ 10-18 Í DAG



AFSLÁTTARHEFTI KRINGLUNNAR
Stútfullt af frábærum tilboðum á nýjum vörum.*

*Afsláttarhefti Kringlunnar var dreift á öll heimili
á höfuðborgarsvæðinu 10. ágúst. Vanti þig eintak
getur þú nálgast það á þjónustuborði Kringlunnar.

Kringlan

kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
Opíð sunnudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA

Gleðilega hátíð



HÆGINDASTÓLAR

GHOST
HÆGINDASTÓLL**119.990**

FULLT VERÐ: 139.990

Grátt,
blátt,
og fjólu-
blátt
áklæðiGYRO
HÆGINDASTÓLL**149.990**

FULLT VERÐ: 169.990

Hvitt,
rautt
eða
svart
leðurROLAND
LYFTISTÓLL**169.990**

FULLT VERÐ: 199.990

Svart
leður og
svart
áklæði.DALLAS barstóll,
krómlappir. Litir:
svart og hvítt.**19.990**

VERÐ: 23.990

DUMPLING
barstóll,
krómlappir.
Litir. Svart,
rautt og
hvítt.**11.990**

VERÐ: 15.990

JULIE borð-
stofustóll,
krómlappir.
Litur: svart.**13.590**

VERÐ: 16.990

CECILE
eldhússtóll.
Svart leður.**13.990**

VERÐ: 17.990

ALLTAF KÁTT Í HÖLLINNI!

AÐEINS
16.293
KRÓNURAfb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.CLEVELAND
HORNSÓFI**186.990**

FULLT VERÐ: 219.990

AÐEINS
19.139
KRÓNURAfb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.DURANGO
HORN-TUNGUSÓFI**219.990**

FULLT VERÐ: 269.990

Stærð: 273x199 H81,5 cm.
Hægri eða vinsti tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.B 310 D 240 H 88 cm.
(hægt að fá með tungu hægra og vinstra megin)
Litur: svart slitsterkt áklæði. Krómlappir.AÐEINS
20.864
KRÓNURAfb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.OREGON
HORNSÓFI M. HVÍLD**239.990**

FULLT VERÐ: 299.990



Stærð: 300X200/150 H: 78 cm.
Fæst bæði með bæði hægri og vinstri tungu.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði

AÐEINS
11.377
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

STORY
3JA SÆTA SÓFI

129.990

FULLT VERÐ: 159.990



STORY sófar. Ljóst áklæði. Stærð 3ja sæta 210x86 H: 81 cm.
Stærð 2ja sæta 171x86 H: 81 cm. Verð 2ja sæta 129.990 TILBOÐ 99.990

AÐEINS
19.139
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

OPINEL
SÓFI

219.990

FULLT VERÐ: 299.990



OPINEL fjölskyldusófi. B 347 D 101 H 85 cm.
(hægt að fá með 45° horn hægra og vinstra megin).
Litur: grátt slitsterkt áklæði.

AÐEINS
3.614
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

IBIZA
BORÐSTOFUBORÐ

39.990

FULLT VERÐ: 49.990

IBIZA borð-
stofuborð
Stærð: 110
þvermál.
Hæð: 74.5
Til í mögum
litum á
borðplötu.



FULL BÚÐ AF NÝRRI SMÁVÖRU



LÍF OG FJÖR Á husgagnahollin.is

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com/husgagnahollin)



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Ekki einn háskóla eða spítala

Fram hafa komið raddir um að sam- eina þyrfti háskóla á Íslandi í einum skóla. Hugmyndir af þessu tagi koma oftar og oftar fram og á fjölmörgum sviðum, svo sem að reka eigi bara einn spítala á landinu. Og vissulega er einhvers konar aftur- hvarf frá NPM (Nýskipan í ríkis- rekstri, m.a. með áherslu á dreif- stýringu) í gangi hér á landi, þannig að menn keppast um yfirboð sem ganga gegn lausnum þeirrar stefnu. Nú eru það stóru einingarnar sem heilla.

Fylgismenn þessara sjónarmiða horfa gjarnan til Norðurlandanna og ann- arra nágrannaríkja og segja að einn háskóli á Íslandi yrði alls ekki stór í alþjóðlegu ljósi og einn ríkisspítali alls ekki stærri en sjúkrahús af lágmarksstærð í öðrum ríkjum.

En hér með er ekki öll sagan sögð og í þessari grein er vakin athygli á sjónar- miðum sem ætti að hugleidda í þessu sam- hengi.

Samanburður og fjölbreytni

Þótt ágætt sé að koma fram með alþjóð- legan samanburð á stærð stofnana þarf að hafa fleira í huga. Einnig er mikilvægt að hafa í landinu samanburð milli tveggja aðila sem stunda á einhvern hátt sambær- legan rekstur, ef því verður við komið. Svo er t.d. á framhaldsskólastiginu. Það getur, ásamt öðru, verið svo mikilvægt að eðli- legt getur talist að stofnanir hérlendis séu smærri en víða erlendis, jafnvel þótt ekki sé um eiginlega samkeppni að ræða (en hún hefur skilgreind skilyrði), heldur einhvers konar form fákeppni.

Samanburður er mikilvægur í mörgu til- liti, bæði rekstrarlega og faglega. Ef við lítum til framhaldsskólastigsins sem fyrir- myndar þá kemur vel í ljós að mismunandi áherslur og þjónusta skólanna koma mjög vel út fyrir samfélagið.

STJÓRNSÝSLA



Ómar H. Krist- mundsson
prófessor í stjórns- ýslufræðum

Sterk staða gagnvart ríkinu

Þá er óhjákvæmilegt að nefna að einn háskóli og einn spítali hefðu afar sterka stöðu gagnvart ríkinu. Slíkur aðili hefði nánast fjár- kúgunaraðstöðu gagnvart opinberu valdi og við þekkjum þetta vel hér á landi, t.d. í fjarskipta- og tölvu- geiranum og fleiri geirum. Óneitan- lega vekja vikulegar fréttir í sjón- varpi af hörmungum Landspítalans ekki góðar hugrenningar.

Ef til vill er orsök slyss eins og launahækkun forstjóra Landspítal- ans á sl. vetri einmitt þessi; að helstu ráðgjafar velferðarráðherra hafi verið fyrr- verandi nánustu samstarfsmenn eða undir- menn forstjórans og tæplega hæfir til þess að taka ákvarðanir um launakjör hans. Það gæti verið stjórnsýslulegur fylgifiskur eins stórs aðila á málefnasviði.

Sterk staða gagnvart starfsfólki

Staða einnar stofnunar á málefnasviði verður mjög sterk gagnvart stéttarfélögum starfsfólks og aukin hætta verður á því að launakjör þróist ekki í samræmi við alþjóð- lega þróun heldur í takt við styrkleika þessara aðila, og þá kæmi samkeppnin um starfsfólk aðeins erlendis frá.

Þá verður staða einnar stofnunar gagn- vart einstökum starfsmönnum með sér- staka fagþekkingu mjög sterk; þeir gætu ekki fengið atvinnu hjá neinum öðrum aðila ef yfirmönnum stofnunar mislíkar eitt- hvað. Þetta þekkja margir íslenskir sér- fræðingar og svona var staðan hjá sumum háskólasérfræðingum meðan einn háskóli starfaði.

Millistjórnsýslustig

Besta formið til þess að reka fleiri en eina stofnun á hverju málefnasviði er að þróa millistjórnsýslustig sem tekur við verkefnum frá ríkinu. Þau mættu gjarnan taka mið af landshlutum og byggja mætti

→ Í ljósi þess að kröfur hafa komið fram um að sveitarfélög verði afar fá væri eðlilegt að skoða millistjórnsýslu- stig af alvöru. Ekki virðist raunhæft að fækka sveitarfélögum frá því sem nú er, en þau þurfa að vera nálægt íbúum. Jafnvel þyrfti að fjölga þeim aftur.

upp kjarna sem gætu raunverulega veitt byggðapróuninni eitthvert viðnám. En jafnvel þótt bara væri um tvö stjórnvöld að ræða, t.d. höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar, myndi skapast allt önnur aðstaða við rekstur helstu stofnana ríkisins en nú er stefnt að. Þá á ég við að háskólar, sjúkrahús og framhalds- skólar verði rekin af millistjórnsýslustigi, auk mögulega margra fleiri málaflokka.

Í ljósi þess að kröfur hafa komið fram um að sveitarfélög verði afar fá væri eðlilegt að skoða millistjórnsýslustig af alvöru. Ekki virðist raunhæft að fækka sveitarfélögum frá því sem nú er, en þau þurfa að vera nálægt íbúum. Jafnvel þyrfti að fjölga þeim aftur.

Lokaorð

Það hefur óneitanlega vakið undrun margra að framkvæmdir við háskólasjúkrahúsið skuli ekki hafa verið stöðvaðar alveg með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar. Telja verður sennilegt að bygging eins stórs miðlægs ríkissjúkrahúss beri með sér alla þá galla sem hér eru raktir og gæti orðið erfitt að vinda ofan af slíkum stórfelldum mistökum í stjórnun heilbrigðismála.

Hér er varað með almennum rökum við þeirri leið að ríkið feli einum aðila rekstur á og umsjón með heilum málefna- geira og bent á að tiltölulega litlar stofnanir gætu verið nauðsynlegar og viðeigandi í litlu samfélagi.

AF NETINU

Kínverska útrásin

Íslenska útrásin náði til Kína svo það er ekki óeðlilegt að kínverska útrásin nái til Íslands. Það ætti ekki að koma neinum á óvart.

Kínverska útrásin er hins vegar engin kjánaútrás eins og sú íslenska var.

Lykilinn að kínverskri útrás er gjaldeyris. Kínverjar eiga stærsta gjaldeyrisforða í heimi og hann er hornsteinn í þeirra útrás. Í langflestum löndum er meiri eftirspurn eftir gjaldeyri en framboð og þetta ójafnvægi er dragbítur á hagvöxt og lífs- kjör, eins og Íslendingar ættu að þekkja vel.

Kínverjar eiga því það sem flestar þjóðir þrjá meir en nokkuð annað – nógan gjald- eyri. Það er erfitt fyrir stjórn- málamenn úti um allan heim að standa í vegi fyrir kínverskum fjárfestingum sem lofa betri tíð og blóm í haga fyrir hinn almenna launamann. Þetta vita Kínverjar og nota óspart til að koma ár sinni fyrir borð.

Ög hvergi er þessi strategía auðveldari í framkvæmd en í yfirskuldugum löndum sem búa við lélegt lánstraust, lítið aðgengi að erlendum fjár- málamörkuðum og gjaldeyris- höft. Og ekki spillir fyrir þegar lönd hafna ESB-aðild og evru og eiga í stríði við sína nánustu nágranna.

Fyrir Kínverja að eiga banka í slíku landi er eins og að vera sjáandi í landi hinna blindu og kröfuhafar Íslandsbanka munu njóta þess.

blog.pressan.is/andrigeir

Andri Geir Arinbjarnarson



SIDMENNT
www.sidmennt.is

Sidmennt styður opið, víðsýnt og fjölbreytt samfélag



VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR:
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. SEPTEMBER

Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára

Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 26. október 2013.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.
Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair

Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is



Vildarbörn Icelandair

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

HELGIN



Georg Hólm
tónlistarmaður

Mamma í heimsókn

Ég er í frí heima hjá mér og ætla að gera sem allra minnst. Reyndar er mamma að koma í heimsókn svo ætli það verði ekki bara matarboð.



Ágúst Már Garðarsson
matreiðslumaður

Pönnukökur í hádeginu

Ég ætla að bjóða í pönnukökur í hádeginu í dag og fara svo í Gay pride-gönguna. Restina af helginni ráða börnin svo ferðinni.



Margrét Gauja Magnúsdóttir
bæjarfulltrúi

Afmæli guldrengs

Ég ætla að taka þátt í Gay pride-göngunni ásamt samstarfsfélögum hjá Hafnarfjarðarbæ. Svo verð ég að undirbúa þriggja ára afmæli guldrengsins Breka sem verður á morgun.



Bryndís Loftsdóttir
bóksali

Kíkja á kartöfluuppskeruna

Draga fram pollagallann ef með þarf og vinna í garðinum. Svo vona ég að maðurinn minn grilli eitthvað gott fyrir okkur og hver veit nema ég prófi að taka upp kartöflur.



GÍTARLEIKARINN Svanur Vilbergsson er einn þeirra sem koma fram í völundarhúsinu að Engi.

Sungið innan um kálið

Veisla fyrir skilningarvitin

Tónleikar í lystigarði ljúfra kála er yfirskrift tónleika sem haldnir verða að Engi í Biskupstungum bæði í dag og á morgun. Tinna Sigurðardóttir söngkona, Svanhvít Lilja Ingólfsdóttir blokkflautuleikari og Svanur Vilbergsson gítarleikari munu flytja þar íslensk og erlend lög um garða og gróður. Hægt verður að sjá, snerta, lykta af og bragða á jurtunum sem sungið er um.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15 báða dagana.



LIST Ein myndanna á sýningu Hrafnhildar Ingu.

Sýning í söguasetrinu Hvolsvelli

Útsýni í Ormi

Myndlist Listakonan Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir er með málverka-sýningu í Gallerí Ormi, Söguasetrinu Hvolsvelli. Sýningin ber heitið Útsýni og stendur langt fram í september. Upplagt er að kíkja þar við þegar brunað er um Hvolsvöll.



PÖNK Jóhann Ágúst Jóhannsson skipuleggur Pönk á Patró þar sem börnum og fullorðnum gefst færi á gæðastund með hljómsveitinni Skálmöld í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skálmöld liggur beint við

Tónlistarhátíðin Pönk á Patró er haldin í fimmta sinn á Patreksfirði um helgina. **Jóhann Ágúst Jóhannsson**, stofnandi hátíðarinnar, segir mikið gleðiefni að hin vinsæla Skálmöld gefi sér tíma til að sinna unga fólkinu.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Skálmöld liggur afar beint við á Pönk á Patró þar sem þessi hljómsveit hefur heldur betur slegið í gegn, ekki síst hjá yngri kynslóðinni, en sést hefur til heilu leikskólanna í Skálmaldarbolum syngjandi með lögum hljómsveitarinnar. Það er því gleðiefni að sveitin hafi gefið kost á sér í þetta verkefni, auk þess sem hún hefur aldrei áður spilað á sunnanverðum Vestfjörðum,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, skipuleggjandi hátíðarinnar Pönk á Patró sem er haldin í fimmta sinn á Patreksfirði um helgina.

Hátíðin hófst gær með sundlaugarpartíi í sundlaug Patreksfjarðar þar sem hin ellefu ára gamla Una Margrét Reynisdóttir, eða DJ Una, þeytti skifum fyrir gesti. Í dag er komið að aðalatriði hátíðarinnar, hljómsveitinni Skálmöld, sem bregður sér í hin ýmsu líki.

Pönk á Patró fór fyrst fram árið 2010, en hátíðin í ár er sú fimmta í röðinni þar

sem hún var haldin tvisvar sinnum fyrsta sumarið. Frá upphafi hefur hátíðin byggst á því að ein hljómsveit stígi á stökk og haldi tvenna tónleika, eina fyrir börn og aðra fyrir fullorðna, en kynni jafnframt tónlist sína og sjái um tónlistarsmiðjur fyrir unga fólkið.

„Skálmaldar meðlimir verða með þrjár tónlistarsmiðjur fyrir krakkana í ár. Ásláttur verður viðfangsefni einnar þeirra, önnur snýst um rímur og rímnakennslu og í þeirri þriðju verður farið yfir lög og plötur sveitarinnar og söguviðið sem textarnir byggja á.

Á þennan hátt gefst unga fólkinu tækifæri til að njóta gæðastundar og taka þátt í markvissri vinnu með hljómsveitinni,“ útskýrir Jóhann og tekur fram að frítt sé fyrir alla undir sextán ára aldri á hátíðina. Tónlistarsmiðjurnar hefjast klukkan 13, svo verður boðið upp á hressingu á undan tónleikum fyrir krakkana klukkan 15 og í kvöld verða svo fullorðinstónleikar klukkan 21, en miðaverð á þá tónleika er 2.500 krónur. Engin sérstök skráning fer fram fyrir börn og unglíngi í tónlistarsmiðjurnar og á tónleikana og er nóg að mæta á svæðið, en Sjóráningja-

Myndi velja Led Zeppelin

Spurður hvaða hljómsveit, innlenda eða erlenda og lífs eða liðna, Jóhann myndi velja til að koma fram á Pönk á Patró í framtíðinni fengi hann frítt spil er skipuleggjandinn ekki í nokkrum vafa. „Led Zeppelin, engin spurning. Það er kannski skrytið að nefna Led Zeppelin frekar en Bítlana en svona er þetta. Ég hugsa að Jimmy Page myndi slá í gegn í tónlistarsmiðjunni.“

húsið á Patreksfirði sér um forsölu miða á fullorðinstónleikana.

Jóhann fékk hugmyndina að hátíðinni þegar hann heimsótti Sjóráningjahúsið sumarið 2008 og Pönk á Patró hefur verið haldið við með styrkjum síðustu fjögur ár, en starf Jóhanns er unnið í sjálfboðavinnu. Hann gegnir einnig starfi framkvæmdastjóra Kraums tónlistarsjóðs og segir álagið í kringum Pönk á Patró aukast þegar styttest í hátíðina. „Þegar maður er orðinn vanur því að fylla út og fara yfir umsóknir gengur þetta skjótt fyrir sig.“

Fabúla heldur tónleikaröð í sögufrægum sal

Margrét Kristín Sigurðardóttir, tónlistarkonan Fabúla, tekur sviðsetta tónleika alla leið í Þjóðfundarsalnum.

„Margir landsmenn hafa aldrei stigið fæti inn í þennan sögufræga sal þar sem Þjóðfundurinn fór fram, og þar var ég sjálf meðtalin, svo þetta er frábært tækifæri og eins fyrir ferðamenn,“ segir Margrét Kristín Sigurðardóttir, söngkonan Fabúla, sem kemur fram á tónleikaröð nú í ágúst í hinum sögufræga Þjóðfundarsal í Menntaskólanum í Reykjavík. Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld, laugardag, en fimm í viðbót fylgja í kjölfarið þann 12., 14., 17., 19. og 21. þessa mánaðar.

Aðspurð segist Margrét hafa viljað sviðsetja tónleika á nýjan leik eins og hún

hefur gert nokkrum sinnum áður, meðal annars í Borgarleikhúsinu árið 2005, og bjóða áheyrendum upp á óvenjulega upplifun, eins og hún orðar það. „Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður sviðsetti tónleikana mína í Borgarleikhúsinu og endurtekur leikinn í MR, en núna vinn ég í fyrsta sinn með myndlistarmönnum Helenu Harsitu Stefánsdóttur og Arnari Steini Friðbjarnarsyni og hef mikla ánægju af. Þau hafa gert myndbandsverk við mörg laganna, sem eru samspil íslenskrar náttúru og abstrakt verka, og verður þeim varpað á vegg og loft og umlykja tónleikana,“

útskýrir Margrét. „Andrúmsloftið í salnum er dularfullt og sögulegt, og þar munum við skapa saman ævintýraheim.

Með Fabúla leika Unnur Birna Bassadóttir á fiðlu, Karl Jóhann Bjarnason á selló, Birkir Rafn Gíslason á gítar, Jökull Jörgensen á bassa og Scott McLemore á slagverk. Miðar eru seldir í ferðamannamiðstöðvunum Bankastræti 2 og Aðalstræti 2 og við innganginn á meðan húsrúm leyfir. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

FABÚLA Margrét Kristín kemur fram í Menntaskólanum í Reykjavík.



ARMANDO tungusófi

Stærð: 311x173cm

Verð: 249.000,-

Útsöluverð: 199.200,-



-20%

BORÐSTOFUBORÐ Hnota

Stærð: 180x100cm

Verð: 99.900,-

Útsöluverð: 69.930,-



-30%



TOLEDO 3ja sæta og skemill

Breidd á sófa: 200cm

Verð: 185.000,-

Útsöluverð: 129.500,-

-30%



MALMO Tungusófi

Stærð: 230x158cm. Færanleg tunga

Verð: 185.000,-

Útsöluverð: 138.750,-

-25%

ÚTSALAN ER HAFIN 20 - 50% AFSLÁTTUR



AMBER Tungusófi

Stærð: 290x165cm

Verð: 237.000,-

Útsöluverð: 189.600,-

-20%



ROYAL TV Skenkur

Hvítt háglans

Breidd: 180cm Verð: 109.000,-

Útsöluverð: 76.300,-

-30%



ORION Tungusófi

Stærð: 300x180cm

Verð: 255.000,-

Útsöluverð: 191.250,-

-25%

ROYAL Sófaborð

Stærð: 120x60cm

Verð: 38.000,-

Útsöluverð: 19.000,-

-50%



VEGAS Stóll

Útsöluverð: 12.675,-

MAX Stóll

Útsöluverð: 12.675,-

TWIST Stóll

Útsöluverð: 13.425,-

-25%

-25%

-25%



FLAMINGO Tungusófi

Stærð: 275x191cm

Verð: 253.000,-

Útsöluverð: 189.750,-

-25%

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00

Opið um helgina: Lau 10.00-17.00 - Sun 13.00-17.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

Vissu allir hver ég var

Hörður Torfason söngvaskáld viðurkenndi samkynhneigð sína fyrstur manna opinberlega hér á Íslandi árið 1975.

„Ég varð fyrir miklum ofsóknum eftir að ég sagði frá því í viðtali í tímaritinu Samúel að ég væri samkynhneigður. Var bara heppinn að sleppa lifandi. Enda flúði ég land um tíma,“ segir Hörður Torfason söngvaskáld, sem hóf baráttu samkynhneigðra á Íslandi með því að koma opinberlega út úr skápnunum árið 1975. Hann kannast þó ekki við að vera hugrakkari en annað fólk, enda hafi hann hvorki farið í viðtalið kaldur né yfirvegaður. „Þetta kostaði átök og ég þurfti að fórna miklu. En það skilaði sér.“

Hörður gerði plötuna Tabú árið 1983, þá búsettur í Danmörku, en árið 1991 tók hann ákvörðun um að reyna að búa á Íslandi. Þá voru Samtökin '78, sem hann átti þátt í að stofna, farin að skila árangri og fordómarnir gagnvart samkynhneigðum voru í rénun. „Danir stofnuðu svona samtök

árið 1948 en íslensku samtökin náðu meiri árangri á mánuði en hin norrænu samtökin á áratugum. Meðal annars vegna þess að á Íslandi vissu allir hver ég var, því ég var orðinn eftirsóttur söngvari. Þess vegna varð slagkrafturinn meiri,“ segir hann.

Hörður hefur verið í föstu sambandi í 15 ár og er hamingjusamlega giftur maður. „Ég lifi góðu lífi og mín baráttu hefur vakið athygli víða um heim. Mér er boðið víða til að halda fyrirlestra um aðferðir mínar. Þeir standa yfir í tvo tíma, ég tala í klukkutíma og svo svara ég fyrirspurnum. Jafnvel harðsvíruðustu andstæðingar samkynhneigðra hafa sýnt mér þá virðingu að borða með mér og taka í höndina á mér. Víða er landlægur mórall eins og var hér fyrir 30-40 árum. Baráttan liggur í því að breyta þessum mórall. Það gerist ekki á einni nóttu.“



SÖNGVASKÁLDIÐ
„Jafnvel harðsvíruðustu andstæðingar samkynhneigðra hafa sýnt mér þá virðingu að borða með mér,“ segir Hörður Torfason.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Sveitabréðkaup af bestu gerð

Guðrún Arna Kristjánsdóttir hafði verið í sambúð með karlmanni í tíu ár og eignast tvo syni þegar hún áttaði sig til fulls á að hún væri lesbía. Fljótlega féll hún fyrir **Ólöfu Þorsteinsdóttur**. Nú búa þær með drengjunum og geisla af gleði, enda nýgiftar.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það var ekki fyrr en ég var farin að misnota áfengi að ég þurfti að fara að hugsa minn gang. Ég lokaði á kenndir mínar til kvenna voða lengi en vissi þó af þeim í menntaskóla. Svo á einhverjum tímamarki sprakk ég og hugsaði: Ég verð að gera það sem mér finnst rétt að gera – fyrir mig.“ Þannig lýsir Guðrún Arna Kristjánsdóttir því þegar hún kom út úr skápnunum árið 2010. Þá bjó hún með manni og á með honum tvo drengi, Andra Snæ og Birki Ísar.

Nú er Guðrún hamingjusamlega gift Ólöfu Þorsteinsdóttur, sem kom inn í líf hennar fljótlega eftir skilnaðinn, og þær hjálpast að við uppeldi strákanna. Saman tekur þessi litla fjölskylda á móti útsendurum Fréttablaðsins í falletti íbúð á Álftanesi. Þangað flutti hún frá Grindavík og kann ljómandi vel við sig. „Hér er svolítið „úti á landi“-stemning og allir hafa tekið okkur rosalega vel. Auðvitað er alltaf erfitt fyrir börn að flytja en strákarnir hafa komið sér vel fyrir og eiga orðið félag. Þeir hafa ekkert orðið fyrir aðkasti fyrir að búa með tveimur mömmum,“ segir Guðrún Arna. Eru bara himinlifandi að eiga þrjár mömmur og einn pabba.“

Hugsaði um þetta í tvær mínútur

Að litla fjölskyldan sækist eftir „úti á landi“-stemningu kemur ekki á óvart þegar uppruninn er skoðaður. Guðrún Arna átti lengi heima í Nesjahverfi, nærri Höfn í Hornafirði, og Ólöf er frá Sólheimum í Mýrdal. Hún var sex sumur að vinna í Skaftafelli og ber sterkar taugar til staðarins. Hún var í Menntaskólanum á Laugarvatni og flutti svo í bæinn 1996. En hvenær vissi hún að hún væri samkynhneigð? „Á unglingsárunum fóru þær hugsanir aðeins að láta á sér kræla. Annars var engin umræða um svona hluti í sveitinni. Ég man eftir því þegar ég heyrði fyrst um samkynhneigð. Ég var að ryksuga heima og það var verið að tala um homma og lesbíur í útvarpinu. Ég gleymi því aldrei. Þá var eins og hringdi einhverjum bjöllum hjá mér. Ég var alltaf skotin í stelpum í skólanum en ekki strákum. Svo kemur togstreitan innra með manni. Nei, þetta er ekki rétt – og svona.“

Spurð út í strákamálín hlær hún: „Það fór minna fyrir þeim. Ég á engin sambönd á bak við mig, ekki við karlmenn að minnsta kosti, heldur fór beint í djúpu lauginna þegar ég flutti í bæinn.“

Viðbrögðum fjölskyldunnar við fregnum um að hún væri lesbía telur hún best lýst með því sem bróðir hennar hafi sagt: „Ég hugsaði um þetta í tvær mínútur og fannst þetta svo allt í lagi.“ „Það var ekkert flókið. Ef mér líður vel þá eru allir sáttir,“ segir Guðrún Arna.



ANDRI SNÆR, ÓLÖF, GUÐRÚN ARNA OG BIRKIR ÍSAR „Við höfum voða gaman af því að vera bara lítil fjölskylda, gerum lítið af því að tjúttu en erum dálítið í útilegum og ferðalögum.“

Í dag eru allir ánægðir

En hvernig skyldi umskiptunum í lífi Guðrúnar Örnú hafa verið tekið í fjölskyldu hennar? „Þau voru auðvitað frekar erfið fyrir fólk mitt. Sumir voru lengur að meðtaka það en aðrir að ég væri lesbía. Það tekur allt tíma. Maki minn var til dæmis talsverðan tíma að jafna sig á því, sem eðlilegt var. Hann hélt að ég vissi ekki hvað ég vildi, væri bara að prófa eitthvað nýtt. En ég get sagt eins og Ólöf að í dag eru allir ánægðir af því ég er hamingjusöm og drengirnir líka.“

Ég var auðvitað búin að vera lengi í gagnkynhneigðu sambandi og það er von að fólk hugsu: Bíddu, hvað varstu að gera allan þennan tíma? En ég er víst ekki ein um að haga lífi mínu svona. Það vissi ég ekki fyrr en löngu eftir að ég kom út úr skápnunum að margar konur fara þessa leið. Átta sig seint. Vonandi verður því einhvern tímann tekið líkara því þegar gagnkynhneigt fólk skilur og tekur saman við aðra gagnkynhneigða maka. Mér finnst að þetta ætti að geta verið jafn eðlilegt. Auðvitað eru alltaf einhver særindi í sambandi við skilnaði. Þeir eru skipbrot. En ástæðan fyrir því að ég var svona lengi inni í skápnunum var kannski sú að litla systir mín kom út úr skápnunum fyrir nokkuð mörgum árum. Mér fannst það mjög skrytið

ef við værum tvær systurnar lesbíur, en komst svo að því að það er ekkert óalgennt.“

Byrjuðu á Facebook

Nú eru þær Guðrún Arna og Ólöf búnar að vera saman í tæp þrjú ár. En hvar hittust þær? „Við byrjuðum að spjalla saman á Facebook og hittumst síðan á kaffihúsi,“ byrjar Guðrún. „Já, svo vatt það aðeins upp á sig,“ skýtur Ólöf inn í hlæjandi. „Málið var að þegar við hittumst fyrst var það vegna þess að ég ætlaði að fá ráðleggingar hjá annarri lesbíu. Ég vissi af Ólöfu og ástæðan fyrir því er sú að móðir mín býr með bróður hennar,“ segir Guðrún Arna hikandi.

Ólöf kemur henni til hjálpar. „Já, móðir hennar og bróðir minn eru búin að búa saman í 16 ár og við Guðrún Arna höfðum aðeins sést tvisvar með margra ára millibili áður en við hittumst á kaffihúsinu.“ „Það er auðvitað ekki um nein blóðtengsl milli okkar að ræða en þetta er samt ekki það fyrsta sem við segjum fólk þegar það spyr hvernig við höfum kynnst,“ áréttar Guðrún Arna.

Þær héldu brúðkaupið 27. júlí síðastliðinn. „Við giftum okkur í Vík í Mýrdal. Þetta var sveitabréðkaup af bestu gerð – skemmtilegheit frá föstudegi til sunnudag. Alveg dásamlegt,“ segir Ólöf brosandig og



27. JÚLÍ 2013 „Þetta var besti dagur sem hefur komið í Vík í Mýrdal í einhver hundruð ár.“
MYND/HALLDÓR INGI

bætir við að margir hafi hjálpað til við undirbúninginn, meðal annars drengirnir Andri og Birki.

„Við brutum blað í sögu Víkurkirkju,“ segir Guðrún. „Við vissum það þó ekki fyrr en á giftindaginn að við værum fyrsta samkynhneigða parið sem gifti sig þar, að sögn okkar ágæta prests, séra Haraldar Kristjánssonar. Við fengum líka rosa gott veður, logn og

„Ég var auðvitað búin að vera lengi í gagnkynhneigðu sambandi og það er von að fólk hugsu: Bíddu, hvað varstu að gera allan þennan tíma?“

Guðrún Arna

28 stiga hita.“ „Já, besti dagur sem hefur komið í Vík í Mýrdal í einhver hundruð ár!“, grínast Ólöf.

Veislan var í félagsheimilinu Leikskálum í Vík. Þar voru um 100 manns og dansað fram á nótt. „Þeir síðustu fóru heim klukkan sex. Þetta var alvöru,“ segir Ólöf hlæjandi.

Alltaf saman

Þær Guðrún Arna og Ólöf búa ekki bara saman heldur starfa þær saman líka, á skrifstofu Sóma. „Við erum mikið saman. Búum saman, vinnum saman, förum í ræktina saman og spilum blak saman. Við höfum voða gaman af því að vera bara lítil fjölskylda, gerum lítið af því að tjúttu en erum dálítið í útilegum og ferðalögum. Oftast förum við í Mýrdalinn. Þar er gróðurreitir sem fjölskyldan mín á og við tökum þátt í að rækta,“ upplýsir Ólöf.

„Já, Ólöf er rosalega mikil húsmóðir og strákarnir kunna alveg að meta það. Hún er mjög dugleg að baka og elda og sér bara eiginlega um þá deild. Ég er alltaf svo upptekin,“ segir Guðrún Arna, sem auk vinnunnar er í stjórn Samtakanna '78 og ströngu námi. „Ólöf hefur stjórn á hlutunum þannig að drengirnir búa við reglur, ég er svona mildari týpan og sveigi stundum aðeins fram hjá þeim. En þeir eru dásamlegir drengirnir og finnst þetta allt svo eðlilegt.“

ICELANDAIR og GB FERÐIR kynna:

WINTER PARK COLORADO


FJÓRÐA STÆRSTA SKÍÐASVÆÐI COLORADO

© AÐEINS 90 MÍNÚTUR FRÁ DENVER

Winter Park er þekkt fyrir afbragðs þúðursnjó og nægan snjó langt fram í apríl. Skíðasvæðið samanstendur af fimm samliggjandi fjöllum: Winter Park, Mary Jane, Parsenn Bowl, Vasquez Cirque og Vasquez Ridge. Samtals 1.521 hektari, 142 skíðaleiðir og 25 lyftur. Rúsínan í pylsuendanum er 490 hektarar af "off piste" skíðasvæði fyrir þá hörðustu. Fjallaborpið í Winter Park er stórskemmtilegt og barnvænt, með fjölda kaffihúsa, veitingastaða og verslana til að njóta eftir ánægjulegan dag á skíðum.




Bókaðu skíðaferðina
snemma í ár..



frá kr. **159.000**-*

Vintage Resort Hotel


Hótelið er staðsett efst í fjallaborpi Winter Park. Öll 128 herbergin voru endurnýjuð árið 2012 og einnig eru á hótelinu íbúðir sem flestar eru með arni og eldhúskrók. Á hótelinu eru heitir pottar, veitingastaður og bar.



frá kr. **184.000**-*

Fraser Crossing

Fraser Crossing / Founders Pointe íbúðahótelið í fjallaborpi Winter Park býður upp á rúmgóðar og vandaðar íbúðir. Íbúðirnar eru allar með arni. Stutt er að ganga í lyfturnar.



frá kr. **189.000**-*

Zephir Mountain Lodge

Zephir Mountain Lodge er „ski in ski out“, íbúðarhótel í hjarta fjallaborpsins í Winter Park. Íbúðirnar eru rúmgóðar og allar með arni. Frá hótelinu eru aðeins nokkrir metrar í Zephir Express lyftuna, sem er sex sæta "high speed" stólalyfta.

* Í öllum herbergjum eru svefnsófar og því geta því a.m.k. tveir til viðbótar gisti í hverju herbergi án auka gjalds. **Tilboðin gilda til 1.september.**

Bókaðu skíðaferðina þína á www.gbferdir.is eða í síma **534 5000**



Stolt af íslenskri þjóð

Margrét Pála Ólafsdóttir var fyrsti kennari íslenska skólakerfisins sem viðurkenndi samkynhneigð.



MEÐ HUNDINN ÁRNA „Ég var gift og með barn þegar ég áttaði mig á að ég var ósköp venjuleg manneskja með tilfinningar eins og allir aðrir. Ég var bara lesbía,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég tel að ég hafi ekki verið inni skápnunum, ég hafi einfaldlega verið týnd,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir leikskólalærjóni um það þegar hún áttaði sig á því að hún væri lesbía. Árið var 1984 og hún var 26 ára gift kona með barn.

Skömmu eftir að Margrét Pála gerði þessa uppgötvun kveðst hún hafa fjallað um málefni samkynhneigðra í viðtali við Mannlíf án þess að ræða eigin kynhneigð. „Ég var virðulegur forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg og óttaðist um vinnuna mína. Eftir það hef ég borið höfuðið hátt og hvergi kinokað mér við að leggja málstað samkynhneigðra lið, meðal annars sem formaður Samtakanna '78, enda hef ég ekki þurft að gjalda fyrir kynhneigð mína mjög lengi.“

Margréti Pálu þykir vænt um að vera treyst fyrir börnum í þúsundavís. Hún telur að því hefði enginn trúað fyrir aldarfjórðungi þegar hún var fyrsti kennarinn sem kom úr felum í skólakerfinu. „Ég er einstaklega stolt af íslenskri þjóð sem kemur ekki til hugar lengur að það sé eitthvað athugavert við það að uppalandi sé lesbía eða hommi. Íslendingar eru svo miklir snillingar þegar þeir vilja það við hafa.“

Leiðin til nútímans

Ótrúlega stutt er síðan ást fólks af sama kyni var viðurkennd og einangrun samkynhneigðra rofin.



BALDUR ÞÓRHALLSSON Hann segir réttindabaráttu samkynhneigðra oft rakta til Stonewall-uppreisnarinnar 1969.

„Það hefur alltaf verið skrifað um samkynhneigð. Ást karla til karla og kvenna til kvenna. Það er þekkt frá tímum Persa, Rómverja og Grikkja til forna. Oft var ástin höfð í flimtingum og textinn var fullur af fordómum,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur. Hann er staddur úti á flugvelli þegar haf er samband við hann en ekki stendur á svörum.

„Það urðu ákveðin þáttaskil eftir fyrri heimsstyrjöldina í hinum vestræna heimi þegar lýðræðisöfl komu til sögunnar. Þriðji áratugurinn var tímabil frjálslyndis, í París og Berlín var fjöldi samkomustaða fyrir samkynhneigða en með valdatöku fasista í Evrópu á fjórða

áratugnum var samkynhneigð ekki aðeins barin niður heldur sendu nasistar fjölda samkynhneigðra í útrýmingarbúðir.

Eftir seinni heimsstyrjöld náðu íhaldssöm öfl undirtökunum og fjölskyldugildin kristölluðust í eiginmanni, eiginkonu, börnum, bíl og gæludýri. Churchill var við völd í Bretlandi, Adenauer í Þýskalandi og Eisenhower í Bandaríkjunum. Það var ekki fyrr en með valdatöku Kennedys á sjöunda áratugnum að unga kynslóðin í hinum vestræna heimi fékk rödd. Viðhorfin tóku að breytast með hippatímanum og kvennabyttingunni og ákveðin þáttaskil urðu þegar lögreglan gerði rassú á Stonewall-bar í New York, þar sem fólk var að syrgja Judy Garland 27. júní 1969, og draggdrottningarnar tóku af sér hælaskóna og börðu lögregluna til baka. Eftir það varð ekki aftur snúið. Við erum komin inn í nútímann.“

Sitja við sama borð

Þegar fyrsta gay viðtalið birtist við Pál Óskar Hjálmtýsson söngvara reyndi faðir hans að gera blaðið upptækt.

„Ég kom út úr skápnunum fyrir sjálfum mér og fólkinu í kringum mig árið 1988. Árið 1991 birtist viðtal við mig í helgarblaði Þjóðviljans um ungliðahreyfingu sem ég og fleiri stofnuðum innan Samtakanna '78. Þetta var fyrsta gay viðtalið sem ég fór í,“ segir söngvarinn Páll Óskar.

Umrætt viðtal dró dílk á eftir sér heima hjá Páli Óskari. „Pabbi brjáláðist. Hjúp um allar hæðir Útvegsbankans, þar sem hann vann, safnaði öllum helgarblöðum Þjóðviljans saman og setti í tætarann. Hringdi í mómmu á hennar vinnustað, Landspítalann, og skipaði henni að gera blaðið upptækt þar. Eftir það keyrði hann í allar sjoppur í 101 og 107 og keypti öll helgarblöð Þjóðviljans sem hann fann.“

Páll Óskar segir samband sitt og föðurins ekki hafa verið upp á marga fiska á þessum árum. „Við pabbi áttum í miklu reiptogi og eftir viðtalið hótaði hann að henda mér út en þá steig mamma fram. Hún var svolítið eins og Clint Eastwood, sagði fátt en það sem hún sagði skipti öllu máli og þarna setti hún pabba mörk. Sagði þetta í fyrsta sinn sem eitthvert sjö barna þeirra væri gagnrýnt út frá kynhneigð og ef ég vildi koma með kærasta heim væri hann velkominn að borða sama sunnudagslærið með sömu grænu baununum og sömu brúnu sósunni og allir hinir. Í þessari setningu rammaði hún inn allt það sem réttindabaráttu okkar samkynhneigðra gengur út á. Að fá að sitja við sama borð og aðrir.“

PÁLL ÓSKAR „Mamma var svolítið eins og Clint Eastwood. Sagði fátt en það sem hún sagði skipti öllu máli.“

RÉTTINDABARÁTTA SAMKYNHNEIGÐRA 1975-2013

Hörður Torfason opinberaði samkynhneigð sína í blaðaviðtali, fyrstur manna á Íslandi.



Samtökin '78 voru stofnuð í Reykjavík 2. maí. Stofnfundinn sátu rúmlega tveir tugir karlmannna og fyrsti formaður var kjörinn Guðni Baldursson. Undirheiti félagsins var í fyrstu „félag hómósexúal fólks á Íslandi“ en árið 1981 var því breytt í „félag lesbía og homma á Íslandi“.



Samtökin '78 hlutu í fyrsta sinn **opinberan styrk** frá Reykjavíkurborg.



Fyrsta ganga Samtakanna '78 var farin en hún var ekki gleðiganga á sama hátt og síðar varð. Gleðin var einfaldlega ekki komin til sögunnar.

Lög um staðfesta samvist að norrænni fyrirmynd voru samþykkt á Alþingi.



Fyrsta kynleiðréttingaraðgerðin var framkvæmd á Íslandi. Áður voru aðgerðirnar gerðar í Noregi og var **Anna Kristjánsdóttir** annar Íslendingurinn til að undirgangast slíka aðgerð.



Samkynhneigð pör í staðfestri samvist öðluðust rétt til að ættleiða barn maka síns, svonefndri stjúpættleiðingu og fyrsta gleðigangan, **Gay pride**, var farin. Þá mættu 5.000 manns í miðborgina. Gangan hefur verið árvis viðburður síðan og orðið sífellt fjölmennari auk þess sem dagskrá Hinsegin daga hefur lengst og eflst.

Félagið Trans Ísland var stofnað. Ugly Stefánía Jónsdóttir er formaður þess.



Lög sem eiga að tryggja einstaklingum með kynáttunarförum jafna stöðu fyrir lögum á við aðra voru samþykkt á Alþingi Íslendinga.



Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu konum árið 1975. Þann 24. október var **kvennafriðdagur á Íslandi** í fyrsta sinn og 25.000 konur mættu á útifund á Lækjartorgi.

Tónleikar Megasar, Drög að sjálfsmorði, voru haldnir í Menntaskólanum við Hamrahlíð og **Jóhanna Sigurðardóttir** settist á þing að afloknum kosningum þar sem Alþýðuflokkurinn bætti við sig 13 prósentustigum og nýu þingsættum.



Berglind Ásgeirsdóttir varð fyrst kvenna til að gegna embætti ráðuneytisstjóra og Guðrún Helgadóttir fyrsta konan sem kosin var forseti sameinaðs þings. **Þjórfurvarpið** varð að lögum.



Á sjötta hundrað manns beið í ofvæni við Snæfellsjökul í kulda og trekki eftir að **geimverur** lentu þar. Þær höfðu boðað komu sína en létu svo ekki sjá sig.

Biskup Íslands, herra **Ólafur Skúlason** er sakaður um kynferðislega áreitni og konur frá Stígamótum mættu á prestastefnu íklæddar kúflum.



Alþingi samþykkti ný lög ræðislag þar sem sjálfræðisöld var hækkuð úr 16 árum í 18 og **Björk Guðmundsdóttir** tók við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs.

Ekki færri en sex íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á árinu og Draumar á jörðu eftir Einar Má Guðmundsson var vinsælasta bókinn í jólabókaflóðinu.

Árið einkennist af gifurlegum framkvæmdum og ótaminni kaupgleði hjá Íslendingum. **Það var 2007!**



Póra Arnórsdóttir fréttamaður komst nær því en áður hefur gerst að velta sitjandi forseta Íslands úr embætti í forsetakosningum.



2013 GLEÐIN RÍKIR Í DAG!

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

Brottfarir:
Tenerife:
21. & 28. ágúst.
Almería:
20. & 27. ágúst

Tilboð á síðustu sætin í ágúst!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst í dag kl. 12:00! Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

TENERIFE

ALMERÍA

⇒ Morgunmatur ⇐

⇒ Hált fæði! ⇐

Los Alisios ★★★

FRÁ: 79.100 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 98.200 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.

Brottför: 28. ágúst - 7 nætur.

La Siesta ★★★★★

FRÁ: 95.400 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunmat. Verð frá 118.640 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.

Brottför: 28. ágúst - 7 nætur.

Pierre Vacances ★★★

FRÁ: 64.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 79.800 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.

Brottför: 27. ágúst - 7 nætur.

Hotel Neptuno ★★★★★

FRÁ: 79.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og hálfu fæði. Verð frá 99.837 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.

Brottför: 27. ágúst - 7 nætur.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

RISA AU

ÚTVÖRÞ
BÍLHÁTALARAR
BÍLMAGNARAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐÐÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti

Sléttujárn og krullujárn í miklu úrvali frá 995 kr.

AIDA búshöld með 50% afslætti

Sjónvörp með allt að 150.000 kr. afslætti

Heimabíókerfi með allt að 40% afslætti

Frystikistur frá 44.995 kr.

OPIÐ!

ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17

DVD SPILARAR BÍLTÆKI
SJÓNVÖRÞ FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

HT IS SÁLLA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

Ofnar og helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti

40" Philips sjónvörp frá 109.995 kr.

Uppvottavélar með allt að 40.000 kr. afslætti

Nikon myndavélar með allt að 38% afslætti

Bluetooth hátalarar með miklum afslætti

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!



Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa *friete* Bauknecht elna exbo VESTFRÖST i INDESIT DeLonghi Whirlpool

tl.is

TÖLVU LISTINN

FARTÖLVUR FYRIR SKÓLANN



TOS-L8501Z4

TOSHIBA RAUÐ MEÐ INTEL CORE I3

Þessi hefur farið hratt undanfarna daga. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel örgjörva. Heilmikið geymslupláss á 750GB hörðum disk og 6GB vinnsluminni svo auðvelt sé að vinna í mörgum gluggum og forritum samtímis.

99.990

HAGKVÆM HEIMILISTÖLVA



TOS-C8501GL

TOSHIBA

Góður kostur fyrir alla almenna tölvuvinnslu eins og netið, tölvupóstinn, ritvinnslu og þetta helsta. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur.

69.990

HVÍT MEÐ 8GB VINNSLUMINNI

TOSHIBA

Ein sú heitasta í úrvalinu. Glæsileg hvít 15,6" fartölva með 8GB vinnsluminni og stórum 750GB hörðum disk. Hraðari gagnaflutningur með USB3 og HDMI til að tengja við sjónvarp eða skjá.

TOS-C855D154



89.990

HAGKVÆMESTA INTEL I3



TOS-C8501MZ

TOSHIBA

Lægsta verð sem við höfum náð á Toshiba Intel i3 fartölvu með 15,6" skjá. Stór 750GB harður diskur.

94.990

PROMENNT

ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGI ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem versla fartölvu hjá Tölvulistanum í ágúst og september fá í kaupbæti ávísun á fræðandi og skemmtilegt Windows 8 námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Á þessu vinsæla námskeiði fara Microsoft sérfræðingar Promennt yfir nýtt viðmót Windows 8 og hvernig best er að fullnýta möguleika þess. Gagnlegt og fræðandi námskeið sem viðskiptavinir hafa verið mjög ánægðir með.

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

TOSHIBA



INTEL CORE I5 Á FRÁBÆRU VERÐI!

Þessi fer fljótt.
Sérstaklega gott
verð á 15,6"
fartölvu með
þriðju kynslóð af Intel
Core i5. Mjög öflug vél með bættri
Intel HD4000 skjástýringu og 4GB
1600Mhz vinnsluminni sem hægt er að
stækka í 16GB. 500GB harður diskur, USB3
og HDMI. Mikið fyrir peninginn.



15,6"

TOS-C85522N

109.990

FJÖGURRA KJARNA ÖRGJÖRVI TOSHIBA

Kraftmikil og
glæsileg í senn.
Flott hvít umgjörð og
fjögurra kjarna AMD A8 örgjörvi.
Öflugt 1 GB Radeon HD 7640G skjákort,
8GB vinnsluminni og stór 1TB harður diskur.

TOS-L850D13F



119.990

EINSTAKT VERÐ FYRIR INTEL I7 TOSHIBA

Bestu kaupin í Toshiba línunni í ár.
Intel i7 örgjörvi fyrir þunga vinnslu
eða leiki. Öflugt 1GB nVidia
GeForce GT740M skjákort,
stækkanlegt vinnsluminni í
16GB, 750GB harður diskur, USB3 og HDMI.

TOS-L50A105



15,6"

149.990

1TB HARÐUR DISKUR TOSHIBA

Ein af okkar vinsælustu
skólatölvum. Meðfærileg í
skólann með 13,3" skjá og
Intel Core i3 örgjörva.
6GB vinnsluminni og
hellingur af plássí á 1TB
hörðum disk.

TOS-L83016E



13,3"

119.990

AMD A10 OG LEIKJASKJÁKORT

acer

Hörkuflott tölva með kraftmikla
fjögurra kjarna AMD A10
örgjörvanum og Radeon HD7670M
skjákort. 8GB vinnsluminni og stór
1TB harður diskur. Frábær kaup.

ACE-NXMOAEK005



139.990

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

HLÍN REYKDAL

Hlín Reykdal hefur getið sér gott orð fyrir skartgripahönnun sína. Kúluhálsmen Hlínar hafa á stuttum tíma orðið gífurlega vinsæl á Íslandi. Hún gerir hálsmenin í nánu samstarfi við eiginmann sinn, Hallgrím Stefán Sigurðsson, og engin tvö eru eins. Hún segir hjólin fyrst hafa byrjað að snúast almennilega þegar hann kom inn í framleiðsluna, en hann er menntaður verkfræðingur.

Hlín útskrifaðist sem fatakönnuður úr Listaháskóla Íslands árið 2009. Hugmyndin að hálsmenunum varð til út frá útskriftarlínu hennar og hefur sífellt verið í þróun síðan. Markmiðið er að stækka merkið og gera töskulínu í náinni framtíð. Einnig stefna þau hjón á að koma skartgripum sínum í sölu í útlöndum, meðal annars í New York-borg fyrir lok ársins.

HADDA FJÓLA REYKDAL

Hadda Fjóra Reykdal er myndlistarkona og hefur síðastliðinn áratug verið búsett í Gautaborg í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni.

Hadda útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands sem sameinaðist Listaháskóla Íslands árið 1998. Hún hefur alla tíð síðan starfað við myndlist sína og meðal annars sýnt í virtum galleríum í Stokkhólmi, Gautaborg, Kaupmannahöfn, Malmö og Reykjavík svo eitthvað sé nefnt.

NANNA REYKDAL

Nanna Reykdal flutti til Bandaríkjanna með manni sínum árið 1996, en hún hafði þá lokið prófi frá Myndlista- og handíðaskólanum. Hún fór í sérnámi til Bandaríkjanna og lærði grafíska hönnun.

Nanna vann við grafíska hönnun í Bandaríkjunum um tíma, eða þar til atvinnuleyfi hennar rann út. Þá sneri hún sér að barneignum og heiminu. Systurnar Hlín og Hadda Fjóra segja fáa leggja jafn mikið í heimili sitt og Nönnu. Hún tók núna síðast próf í einkapjálfarum og segist sjálf óhrædd við að skipta um skoðun.

Með listina í blóðinu

Þær **Nanna, Hadda Fjóra** og **Hlín Reykdal** eru dætur Jóns Reykdals myndlistarmanns og Jóhönnu Þórðardóttur, myndhöggvara og kennara. Stelpurnar hafa allar haft listir að aðalstarfi og segja þabba sinn hafa verið sína helstu fyrirmynd. Jón Reykdal lést í janúar á þessu ári eftir skammvinna baráttu við krabbamein í heila. Systurnar segja andlát föður þeirra hafa verið þeim mikið áfall. Þær eru heima á Íslandi, allar þrjár, í fyrsta skipti í langan tíma vegna einkasýningar Höddu Fjólu.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Systurnar þrjár, Nanna, Hadda Fjóra og Hlín Reykdal, eru önnur kafnar þegar blaðamann og ljósmyndara ber að garði. Hadda Fjóra er að leggja lokahönd á uppsetningu einkasýningar sinnar, í fallegum sýningarsal á Listasafni ASÍ, og hinar systurnar huga að börnunum og virða fyrir sér verk Höddu Fjólu. Þær eru með þrjú ungarbörn með sér en systurnar eignuðust allar barn á árinu. Andrúmsloftið er létt og skemmtilegt og er ljóst að þær taka sig ekki of alvarlega.

Nanna, sem er graffískur hönnuður að mennt, býr ásamt eiginmanni sínum, Magnúsi Eðvaldi Björnssyni, og fjórum börnum í úthverfi Boston í Massachusetts-fylki í Bandaríkjunum, þar sem hann starfar sem tölvunarfræðingur. Nanna er nú komin heim, meðal annars til að vera viðstödd opnun einkasýningar systur sinnar.

Hadda Fjóra, sem er myndlistarkona, hefur síðastliðinn áratug búið í Gautaborg í Svíþjóð ásamt eiginmanni sínum, Snorra Einarsyni, og börnum, en er nýflutt til Íslands þar sem hún segir ræturnar sterkar.

Hlín er skartgripahönnuður og yngst systranna. Hún býr í Vesturbænum ásamt eiginmanni sínum, Hallgrími Stefáni. Hún segist ánægð með að fá þær báðar heim því það gerist ekki nægilega oft að þær séu allar saman á einum stað.

Einn af fáum læknum á leið til Íslands

Hadda Fjóra: „Þegar við fluttum til Gautaborgar stóð alltaf til að flytja aftur heim. Þegar við vorum flutt út leið okkur vel og við byggðum upp fjölskyldu og líf. Svo rann bara upp sú stund að við þyrftum að ákveða okkur, hvort við ætluðum að vera eða fara. Við hugsuðum með okkur að við þyrftum allavega að prófa að fara heim áður en við yrðum hreinlega að Svíum. Það er erfið ákvörðun, þegar manni líður vel í útlöndum, að flytja heim. Hún snýst ekki bara um mig, heldur um fjölskylduna alla. Segja má að maðurinn minn sé einn af fáum læknum sem eru að flytja heim! En hann er kvensjúkdomalæknir með frjósemi sem sérgrein.“

Hlín: „Hann er kominn til að fjölga Íslendingum!“

Hadda Fjóra: „Svo veiktist þabbi í júlí í fyrra og þá fluttum við heim. Það var erfið ákvörðun en sjálfsögð fyrir okkur.“

Áfall að missa þabba

Jón Reykdal, faðir systranna, var listmálari og lektor í myndmennt við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann var frumkvöðull í íslensku graffíklist. Síðustu þrjátíu árin voru að mestu helguð málverkum, ljósmyndun og kennslu, en hann lagði mikið upp úr því að rækta sambandið við fjölskylduna.

Nanna: „Þabbi var greindur með

krabbamein í heila í júlí í fyrra. Þetta gerðist rosalega hratt og fyrir mitt leyti kom þetta eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

Hadda Fjóra: „Hann var alltaf svo hress og skemmtilegur og hugsaði vel um sig.“

Nanna: „Já, hann hugsaði um mataræðið og hreyfði sig. Hann var virkur í félagslífi og lífsglaður maður. Svo greinist hann með þennan skæða sjúkdóm og hrakaði svakalega hratt. Hann fór á þessum tíma í aðgerð sem tókst vel og allt leit betur út, en það var ekki lengi. Hann var dáinn hálfu ári síðar. Þetta er eitt stærsta áfall sem ég hef orðið fyrir í lífinu, það hrikta einhvern veginn í öllu.“

Hlín: „Þabbi var líka svo mikil fyrirmynd fyrir okkur systur.“

Nanna: „Já, það er alveg rétt. Við fjölskyldan fórum til dæmis öll í Myndlista- og handíðaskólann, en við höfum farið okkar eigin leiðir eftir það.“

Hadda Fjóra: „Auðvitað, og vonandi finnst öllum þabbi sinn dásamlegur. En við vorum rosalega heppnar með okkar þabba. Hann hafði alltaf tíma fyrir okkur og var okkar helsti ráðgjafi og mikill vinur. Og já, eins og Hlín segir, okkar fyrirmynd.“

Nanna: „Þetta var líka gríðarlega mikið áfall fyrir mömmu. Þarna fór hennar lífsförunautur, maðurinn sem hún hafði verið með í 49 ár. Hann var hennar besti vinur, stuðningsmaður og gagnrýnandi í listinni. Þau voru alla tíð mjög nái.“

Samheldin fjölskylda

Drátt fyrir að lönd og höf hafi verið á milli hefur fjölskyldan alltaf haldið miklu sambandi. Systurnar áttu meðal annars allar þrjár barn á árinu og leggja mikið upp úr því að börnin fái að kynnast vel.

Nanna: „Já, það verður eiginlega að segjast að tilfinningin um að flytja heim hefur aldrei verið sterkari. Við Hadda vorum alltaf einhvern veginn samsekir í útleðinni en nú er hún komin heim og það lætur mann óneitanlega hugsa um að koma heim líka. Það er svo myndið að í Bandaríkjunum eru allir svo óvanir því að fólk flytji aftur heim þegar það er á annað borð komið til Bandaríkjanna. Það eru allir rosalega hissa á að ég sé að þæla í því að fara aftur heim. En ræturnar eru sterkar.“

Hadda Fjóra: „Já, það var líka þannig í Svíþjóð. Hérna býr fjölskyldan manns í göngufæri og það er svo mikill samgangur. Okkur vantar bara Nönnu heim!“

Hlín: „Ég er sú eina sem hefur bara verið hér heima. Ég reyndar náði í manninn minn, nýlentani á Íslandi úr verkfræðisérnámi. Þá var ég í Listaháskólanum í fatakönnun, sem ég einmitt sótti um eftir hvatningu frá þabba. Þegar módelin mín voru að ganga eftir þöllumunum á útskriftarsýningunni minni var ég uppi á fæðingardeild að eignast okkar fyrsta barn. Svo eignuðumst við annað barn fyrir mánuði.“



SYSTUR Nanna, Hadda Fjóra og Hlín eignuðust allar barn á árinu. Hér í bakgrunni sjást verk eftir Höddu Fjólu sem eru til sýnis á Listasafni ASÍ.

Hadda Fjóra: „Ég eignaðist mitt fyrsta barn líka þegar ég var að halda útskriftarsýninguna mína!“

Systurnar hlæja innilega þegar þær rifja upp góða tíma.

Það kom aldrei neitt annað til greina

Hlín: „Fljótlega eftir útskrift fór ég að þróa merkið mitt og búa til skartgripa. Fylgihlutir í tísku hafa alltaf verið mitt aðaláhugamál. Halli, maðurinn minn, missti vinnuna í kreppunni eins og svo margir byggingaverkfræðingar. Daginn eftir kom hann upp á vinnustofu til mín að hjálpa mér og hefur ekkert farið síðan. Ég leyfði honum það hreinlega ekki. Við vinnum svo vel saman, ég sleppi honum ekki úr þessu. Hann kom með tækni inn í þetta. Verkfræði í skartgripahönnun er alveg málið. Hann er vandvirkur og spáir í hlutum sem ég kannski geri ekki. Fólk heldur að ég sé sú vandvirka og sjái um að hnýta og þetta sem allir halda að konur geri betur, en hann er ekkert síðri, ef ekki betri.“

Hadda Fjóra: „Ég þældi í því að fara í sálfræði eða hjúkrun. Þess

á milli var ég á kvöldnámskeiðum í módelteikningu og ég vissi alltaf að listin yrði á endanum ofan á. Það var aldrei neitt annað sem kom til greina, í raun og veru. Ég myndi ekki vilja vinna við neitt annað en myndlist.“

Nanna: „Það var aldrei nein pressa á okkur að fara í listnámi. Alls ekki. En við erum einhvern veginn öll með þetta í blóðinu. Maður reynir auðvitað að vera sjálfstæð manneskja og ég tók frönsku í Háskóla Íslands. En á lokaárinu mínu þar fór ég í inn-tökuprófið í Myndlista- og handíðaskólanum og það var aldrei spurning um neitt annað. Þaðan fór ég svo til Bandaríkjanna og lærði grafíska hönnun.“

Samviskusamir listamenn

Foreldrar stelpnanna voru alla tíð iðin við list sína og kenndu systrunum að ekkert gerðist án þess að vinna að því.

Hadda Fjóra: „Við lærðum það af mömmu og þabba að maður er ekkert að bíða eftir því að andinn komi yfir mann. Maður þarf bara að vinna að listinni og vera sam-

→ Við vorum rosalega heppnar með okkar þabba. Hann hafði alltaf tíma fyrir okkur og var okkar helsti ráðgjafi og mikill vinur.

viskusamur. Minn vinnudagur hefst hálf níu til níu. Ef ég er mætt eftir það þá er ég pirruð út í sjálfa mig fyrir að vera sein.“

Hlín: „Ég hef aldrei skilið að það að vera listamaður sé frábrugðið öðrum störfum í þjóðfélaginu. Maður er auðvitað eigin yfirmaður en oft er það þannig að maður þarf að vinna meira þegar svoleiðis er.“

Nanna: „Það kemur enginn andi yfir mann nema að maður byrji bara. Maður þarf að kunna að meta ferlið.“

Ég kveð þær systur þegar eiginmennirnir byrja að streyma að með afkvæmin. Þær taka kátar á móti fjölskyldu sinni og standa upp allar í einu. Það er greinilega mikil samheldni og gleði á þessum bæ.

Til hamingju með

Stóra daginn okkar

Einn fallegasti dagur ársins er runninn
upp þar sem við fögnum jafnrétti og
mannréttindum.

**FÖGNUM ÞVÍ AÐ
VERA TIL OG NJÓTUM
DAGSINS!**

Við minnum á **hinn Stóra daginn** sem er
þriðjudaginn 13. ágúst. Vinningurinn í
Milljónaveltunni er kominn í **70 milljónir** og engin
ástæða til annars en að halda gleðinni áfram.

DRÖGUM
13.
ÁGÚST



**HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Vænlegast til vinnings

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

→ Strákarnir



Bryan Boy
Tískubloggarinn er frá Filippseyjum. Hann er gríðarlega vinsæll bloggari og útnefndi New York Post hann í hópi heitustu net-stjarna heims fyrir skömmu.



Justin O'Shea
Ástralinn er innkaupastjóri fyrir vefverslunina MyTheresa.com. Hann þykir einn sá flottasti í bransanum í dag.



Scott Schuman
Bandaríski bloggari heldur úti vefsíðunni The Sartorialist ásamt kærustu sinni. Hann var áður innkaupastjóri en hóf að mynda götutísku er hann var í barneignarleyfi.

→ Bandarísku spekingarnir



Natalie Joos
Hin bandaríska Joos er bloggari og umboðsmaður og heldur úti athyglisverðri bloggsíðu.



Taylor Tomasi Hill
Tomasi Hill vann lengi hjá bandaríska Marie Claire og var eitt sinn músa hönnuðarins Prabals Gurung. Hún hefur heimsótt Ísland í tengslum við Reykjavík Fashion Festival.

Áhrifavaldarnir í tískunni

Sara McMahon
sara@frettabladid.is

Tískan er hverful en innan hennar þrífst þó fólk sem nær bæði að tolla í tískunni og hafa áhrif á hana ár eftir ár. Þeir frægustu eru einstaklingar á borð við kattavininn Grace Coddington og hina goðsagnakenndu Önnu Wintour. Nýjar „stjörnur“ hafa þó rutt sér til rúms og hér er farið á hundavaði yfir bakgrunn þeirra.




Elin Kling
Hin sænska Kling hefur lengi bloggað um tísku og gefur nú út eigið tískutímarit. Hún er jafnframt fyrsti bloggari sem hannað hefur línu fyrir fatarisann H&M.

→ Skandinavísku áhrifin



Marianne Theodorsen
Hin norska Marianne er bloggari á uppleið. Hún fær nú boð á allar helstu tískuvikurnar og þykir hafa einstakan fatastíl og hár.



Hanneli Mustaparta
Hanneli er einnig norsk og ásamt því að starfa sem fyrirsæta heldur hún úti vinsælu tískubloggi.

→ Rússneska „tískumafían“



Vika Gazinskaya og Ulyana Serjeenko
Gazinskaya og Serjeenko eru þekktir fatahönnuðir í heimalandi sínu og tilheyra rússnesku „tískumafíunni“ svonefndu.



Anya Ziourova
Stílistinn hóf feril sinn hjá bandaríska Vogue en starfar nú hjá rússneska Allure. Hún er oft mynduð á tískuviðburðum og tilheyrir einnig „tískumafíunni“.



Miroslava Duma
Er fyrrverandi ritstjóri rússneska Harper's Bazaar og rússnesk „It“ stúlka.

→ Þær ítölsku



Anna Dello Russo
Hinn ítalski ritstjóri japanska Vogue er vinsælt myndefni þeirra sem mynda götutískuna, enda klæðavalið litríkt.



Elisa Nalin
Nalin er fædd í Veróna á Ítalíu og starfar sem stílisti fyrir tímarit á borð við I-D, Dazed and Confused og Harper's Bazaar.



Giulia Tordini
Tordini-systurnar eru tíðir gestir á tískuvikum í Mílanó.



Giorgia Tordini
Ítalski fatahönnuðurinn lifir og hrærist í ítölsku tískusénni.

NORDICPHOTOS/GETTY

NÝ ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA



Love is in the air



TIL HAMINGJU MEÐ **DAGINN!**



BORGRÍKI II – BLÓÐ HRAUSTRA MANNA



Það eru engar smástjórnur í hlutverkunum í Borgríki II eins og sjá má á meðfylgjandi myndum sem teknar voru á tökustað.

Dramað er sykurinn í lífinu

Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri, eða **Olaf de Fleur** eins og hann kallar sig nú, er kominn á fullt við tökum á Borgríki II, sjálfstæðu framhaldi Borgríkis. Fyrri myndin er komin í endurgerðarferli í Bandaríkjunum og um leið opnast ýmsar nýjar dyr fyrir Ólafi. Hann er þó ekkert að stressa sig á því heldur vill bara segja góðar sögur með persónum sem höfða til fólks.

Friðrika
Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Það er hægara sagt en gert að ná Ólafi í viðtal, dagskráin er þétt og unnið fram á nætur. Það tekst þó loks einn sólríkan eftirmiðdag í vikunni, enda hefur hann gefið nokkurra daga frí frá tökum „til að fólk geti aðeins andað“, eins og hann orðar það. „Þetta er eins og hver önnur vertíð“, segir hann. „Gífurlegt álag en góður mórall, enda góður og samhentur hópur.“

Borgríki II – Blóð hraustra manna er sjálfstætt framhald Borgríkis og sami hópur sem stendur að gerð hennar. „Fyrri myndin var gerð samkvæmt gömlu kaupfélagshugsjóninni og fólk vann þar mjög svo undirlaunað, margir gáfu jafnvel vinnu sína. Það voru bara allir að verða brjálaðir á þessu eilífa hruntali þannig að við gerðum svona þínu fökkjú við heiminn, lokuðum okkur inni í þrjá mánuði og gerðum bíó saman. Nú er fólk hins vegar að fá laun en það er líka meira álag á mannskapnum.“

Borgríki er í endurgerðarferli í Bandaríkjunum, þar sem sögusviðið verður Chicago og Ólafur kemur að gerð hennar sem ráðgjafi. „Það er verið að skrifa handritið og þetta lítur bara vel út. Góður leikstjóri, James Mangold sem gerði meðal annars Walk the Line og Wolverine, og góðir framleiðendur. Mér líst mjög vel á þetta en maður þorir aldrei að treysta neinu í þessum bransa fyrr en tökum eru hafnar.“

Kann ekki að elska

Stórskotalið íslenskra leikara fer með hlutverkin í Borgríki II, þeir sömu og í Borgríki; Ágústa Eva Erlendsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Sigurður Sigurjónsson, Zlatko Krićić. Að auki leikur Darri Ingólfsson nýjan karakter. Ólafur segir skemmtilegustu vinnuna fólga í því að vinna með þeim við sköpun karakteranna. „Það eru persónurnar og sagan sem skipta öllu máli. Því tæknivæddari og flinkari sem við verðum í kvikmyndagerð því meira áberandi verður að eini gjaldmiðillinn sem eftir er gagnvart áhorfendum er hvort þeir tengja við persónurnar eða ekki. Ég tengi við þessar persónur að því leyti að þetta er fólk sem kann ekki að elska og setur endalaugar hindranir í veg fyrir sjálf sig eins og við gerum allan daginn til að fá eitthvert drama í lífið og finna fyrir tilveru okkar. Mér finnst líka svo fallegt að skoða það óhreina í mannlegu edli. Við erum svo frumstæð þegar betur er skoðað.“

Þetta svar býður upp á persónulega spurningu. Þú talar um fólk sem kann ekki að elska, ert þú einn af þeim? „Já, ég held við séum það flest að einhverju leyti. Maður sér bara sjálfan sig svo illa að maður þarf að setja hitamælinn í fólkið í kringum sig til að skoða þetta. Ég skauta almennt voðalega mikið yfir lífið og finnst óþægilegt ef ég festist einhvers staðar. Ég hef alltaf verið



LEIKSTJÓRI Ólafur de Fleur segir drauminn hafa verið að sigra Hollywood fyrir tíu árum en ekki lengur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

haldinn höfnunarótta, eins og allir, og spilað mig sjálföruggan út á við. Það er ákveðin fötlun í því. Heimurinn er nefnilega alltaf að segja þér það sama, hvert sem þú lítur: Haltu kjafti og opnaðu hjarta þitt hundrað prósent. Mér finnst áhugavert að skoða hvers vegna okkur tekst það svona sjaldan. Dramað er nokkurs konar sykur í lífinu og við erum flest sykursjúk.“

Lífið breyttist þegar pabbi dó

Ólafur ólst upp í Búdardal til fimmtán ára aldurs og verður sárhneykslaður þegar hann er spurður hvernig áhuginn á kvikmyndum hafi kviknað, hvort það sé einu sinni bióhús í Búdardal. „Þetta er afar móðgandi spurning, auðvitað er bióhús í Búdardal, en ég er reyndar af vhs-kynslóðinni og lá yfir vídeóinu öllum stundum. Ég átti bara svona týpíska, frábæra íslenska æsku í algjöru frelsi í sveitinni. Var alltaf góði strákurinn og stóð mig vel í skóla og svona, en hætti því svo og fór að gera eitthvað annað. Um tvítugt lagðist ég í mikið þunglyndi, heimurinn var virkilega að farast mörgum sinnum á dag. Þá sá ég í sjónvarpinu útsendingu frá free-style-danskeppni í Tónabæ þar sem stelpa sem vann var spurð hver væri uppskriftin að sigrinum. Hún svaraði með þessari gömlu klisju um að maður þyrfti bara að hlusta á hjarta sitt og vera maður sjálfur og ég greip þetta á lofti og ákvað að fylgja bara þessu ráði.“

Svo breyttist lífið mikið þegar pabbi dó. Þá var ég 25 ára að byrja í kvikmyndagerð og dauði hans móttíveraði mig mikið. Sársaukinn dýpkar mann

þannig að maður kemst nær því að vita hvað mann virkilega langar til að gera. Maður fattar að lífið er stutt og svona áföll skerpa á þorstanum eftir því að lifa til fulls. Ég ákvað að taka enga fanga og fara þessa kvikmyndaleið af fullri alvöru, sem ég hef gert síðan. Kannski hef ég meira að segja verið of afkastamikill. Hins vegar getur maður ekkert einn og þetta snýst um að finna rétta fólkið til að vinna með, fólk sem stendur með þér alla leið. Mér hefur tekist það og á núna mjög góða vinnufjölskyldu.“

En þú ert ekki fjölskyldumaður? „Nei, það var innifalið í þessu með að taka enga fanga. Þegar maður var yngri stóð manni til boða að fara þá leið, en var bara of óþroskaður. Egó-dýrið inni í manni sagði að maður yrði að velja annaðhvort vinnu eða fjölskyldu en eftir á fattar maður að það er alveg hægt að gera hvort tveggja. Maður fattar samt að það skiptir kannski ekki máli hvor vegurinn er tekinn, lífsfyrirbærið hefur sitt lag við að láta mann læra lexíurnar sama hvað.“

Borgríki II verður frumsýnd 2014, er eitthvað fleira í kortunum? „Ég er ekki kominn með neina aðra mynd í kollinn, nei. En út af endurgerðinni á Borgríki fékk ég umboðsmann og teymi í Bandaríkjunum og hef verið að fara þangað annað slagið að skoða handrit, mæta á meik-leikfundi og svona, sem er mjög gaman. Það er búið að tengja mig við nokkrar myndir, en svo er allt annað mál hvort þær verða nokkurn tíma gerðar, þannig að ég hef mikinn fyrirvara á því og hugsa ekki mikið um það.“

“Ég hef alltaf verið haldinn höfnunarótta, eins og allir, og spilað mig sjálföruggan út á við. Það er ákveðin fötlun í því. Heimurinn er nefnilega alltaf að segja þér það sama, hvert sem þú lítur: Haltu kjafti og opnaðu hjarta þitt hundrað prósent.“

Orkan í Hollywood

Er það samt draumurinn að meika það í Hollywood? „Það var draumurinn fyrir tíu árum en ekki lengur. Það er svo merkilegt að maður fær alltaf það sem maður vill um leið og mann hættir að langa í það. Sem er mjög gott. Ef maður hefur mikla löngun í eitthvað setur maður sig í undirstöðu sem kruppar mann gagnvart því. Um leið og þú tekur löngunina út úr jöfnunni verðurðu þúsund prósent hæfari til að framkvæma verkið. Hollywood er líka svo skritinn staður. Þú finnur myglulyktina af draumum fólks sem staðurinn hefur haldið í gíslingu árum saman. Fólk sem er heltekið af draumnum um frama og heldur alltaf að stóra tækifærið birtist á morgun. En þetta er líka ofsalega skemmtilegur staður, kreisí orka, færasta kvikmyndagerðarfólk í heimi og spennandi tækifæri, þannig að ég hefði ekkert á móti því að vinna þar einhvern tíma.“

Þegar þú ert að gera myndirnar þínar hugsarðu þær þá fyrir alþjóðlegan markað eða miðarðu við íslenska áhorfendur? „Það er ekkert hægt að vera að einblína á það. Maður er bara að reyna að segja sögur sem höfða til fólks, hlusta á hjarta sitt og vera einlægur. Reyna sitt besta en vera um leið svolítið villidýr. Það fer mikil vinna í að koma sér frá hugsunum um framleiðsluna og einbeita sér að því að finna orku hverrar senu og skila henni. Það er mikil áskorun. Ekki það að kvikmyndagerð sé endilega eitthvað merkilegra vinna en hvað annað, en það er gaman á þessari vertíð og þegar árangurinn er góður er það virkilega góð tilfinning.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GLEÐIGANGAN Í DAG

Gleðigangan fer af stað í dag kl. 14 frá Vatnsmýrarvegi. Gengið verður um Sóleyjargötu, Frikirkjuveg, Lækjargötu og fram hjá Arnarhóli þar sem útitónleikar eru haldnir. Eins og fyrri ár má búast við litskrúðugri göngu með söng og gleði þar sem Páll Óskar skín eins og sönn stjarna.

Dansaðu þig í form!



Fjölbreyttir tímar þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- Hefst 13. ágúst
- Þri. og fim. kl. 16:30
- Þjálfari: Hjördís Zebitz
- Verð kr. 13.900.-



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is



EKKI HRIFIN AF STIMPLUM

Svandís Anna segist ekki vera hrifin af stimplum samfélagsins en tekur þá á sig í nafni baráttunnar.

MYND/GVA

SKÁPURINN ALLTAF ENDURSKAPAÐUR

BARÁTTA Á TÍMAMÓTUM Svandís Anna Sigurðardóttir, kynjafræðingur og ritari Samtakanna '78, segir að baráttu hinsegin fólks sé hvergi nærri lokið.

Baráttan stendur á krossgötum. Það er tímabært að hinsegin hreyfingin komi saman, skoði hvar við stöndum og hvað við viljum gera næst," segir Svandís Anna Sigurðardóttir, kynjafræðingur og ritari Samtakanna '78. Hún segir lagaleg réttindi vera í höfn og að almenn sátt og samþykki ríki í samfélaginu um að hinsegin fólk eigi að njóta sömu réttinda og aðrir. Rökin fyrir réttindunum segir hún þó hafa verið niðurlægjandi. „Baráttan hefur verið háð

með þeim rökum að við séum alveg eins og hinir, þess vegna eigum við réttindin skilið. Við höfum þurft að sanna okkur sem venjuleg til þess að fá réttindin. Það er niðurlægjandi. Auðvitað eigum við að vera jöfn, hvernig sem við erum.“

Réttindin sem Svandís vísar í eru til dæmis rétturinn til að ganga í hjónaband og lög um réttarstöðu transfólks sem voru samþykkt í fyrra. Hún segir þó enn langt í land. „Þrátt fyrir að formleg réttindi séu í höfn er fólk enn lagt í

FRÁVIKIÐ

„Hæfni gagnkynhneigðra er aldrei dregin í efa, þeir eru viðmiðið og hinsegin fólk er frávikíð.“



Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Barnaheill
Save the Children á Íslandi




HVERNIG NÁST FLUGUR OG FÖST ÓHREININDI AF LAKKINU?

Vertu velkomin(n) í Málningarvörur þar sem þú hittir fyrir fagmenn og færð ráðleggingu um rétt val og notkun á hreinsiefnum fyrir bílinn.

Gerðu snjald plast og vínul sem nýtt sé, felgurnar óaðfinnanlegar og fáðu aftur fram djúpan upprunalegan gljáa lakksins... og bíllinn þinn verður glansandi finni sem aldrei fyrr!

Opið alla virka daga 8-18



LÁGMÚLI 9 BAKHÚS

MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9 | Sími 581 4200


Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?



Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá NÍ
www.gengurvel.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson,
sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson,
kollu@365.is, s. 512-5447



► einelti í skólum. Menn eru kallaðir hommar í niðurlægingskyni og enn þykir furðulegt að vera trans. Nú þarf að taka á hugmyndafræðilegu og félagslegu baráttunni.“

KYNVITUNDARSKALI

Svandís segir mismunandi skoðanir ríkja innan hinsegin samfélagsins á stöðu mála. Sumir séu sáttir við núverandi aðstæður en aðrir séu mjög ósáttir, enda standi ekki allir jafnfætis. „Ég tel að transfólk eigi mest undir högg að sækja í dag. Þá á ég einnig við transfólk sem er ekki transsexual fólk heldur transgender fólk sem vill kannski ekki fara í leiðréttingaraðgerð, eða upplifir sig hvorki algjörlega sem karl né konu. Þetta er mjög lítill hópur á Íslandi en hann er líka eiginlega alveg ósýnilegur,“ útskýrir Svandís. „Transgender er í raun regnhlífarhugtak yfir marga hópa. Þar á meðal er transsexual fólk sem hefur verið mest í opinberri umræðu á Íslandi. Svo er fullt af fólki undir trans-regnhlífinni sem er ekki transsexual, heldur upplifir sig á skjön við kynjakerfið og vill brjóta upp kynjagugtakið.“

Hún bætir við að eflaust mætti hugsa sér kynvitund fólks á ákveðnu rófi, líkt og kynhneigð. „Ákveðinn hluti fólks er algjörlega gagnkynhneigður, annar hluti alveg samkynhneigður en flestir eru á einhverju gráu svæði þar á milli. Það þyrfti eiginlega að teikna upp sambærilegt róf fyrir kynvitund.“

TEKUR STIMPLINUM FYRIR BARÁTTUNA

En er transfólk enn þá trans eftir kynleiðréttingaraðgerð? „Það er flókið mál. Sumir transeinstaklingar líta svo á að þeir hafi fæðst trans og verði því alltaf trans,“ segir Svandís og bætir við að þessir einstaklingar haldi gjarnan forskeytinu eftir kynleiðréttingarferlið, en aðrir vilji það ekki. „Það er gott og gilt en auðvitað er erfitt fyrir baráttu transfólks ef fólkíð hverfur allt eftir ferlið.“ Svandís segist skilja báða póla vel, því sjálfri leiðist henni stimplar samfélagsins.

„Ég tek þá að mér í nafni einhvers konar baráttu og til einföldunar fyrir fólk sem skilur ekki annað. Ef maður stendur upp og segir: „Ég vil frelsi frá stimplum og kynhneigð, þetta skiptir ekki máli!“ þá hættir fólk einfaldlega að skilja um hvað maður er að tala,“ segir hún og hlær. „Ég vil gjarnan berjast gegn þessu kynjakerfi en þetta er flókið mál. Að lokum fær maður alltaf sömu spurninguna: „Ertu samkynhneigð, eða ertu tvíkynhneigð? Ertu þá lesbía?““ Hún bætir við að kynhneigðir séu flóknari en gagnkynhneigð, tvíkynhneigð og samkynhneigð. „Til er fólk sem er asexual, pansexual og fleira. Það er ekki mikið í umræðunni hér.“

Svandís segir að mikilvægt sé að byrja fræðslu á yngri stigum samfélagsins en svo virðist sem ákveðin hræðsla ríki við að ræða um kynhneigð við börn. „Viðmótið er gjarnan á þá leið að best sé að gera ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir, því það sé svo eðlilegt og náttúrulegt, og svo komi bara í ljós ef svo er ekki,“ segir Svandís.

AÐ VERA HINSEGIN EÐA EINS?

Svandís segir að nú sé tími til kominn að beina kastljósinu af minnihlutahópnum yfir á meirihlutann, eða „normið“. Hún segir samfélagið stöðugt krefjast þess að hinsegin fólk svari fyrir sig og telur baráttuorðin „við erum öll eins“ vera tvíeggja sverð. „Fólk sem vill ekki smella sér í eitthvert gagnkynhneigt form, eignast sín tvö börn og líta eins út og allir aðrir verður að hafa frelsi til þess. Sumir vilja það náttúrulega og það er allt í lagi.“

Hún ítrekar að réttindin verði að vera til staðar en ekki megi gleyma frelsinu til að fara eigin leiðir. „Varðandi hjónabandið finnst mér það ekkert æsispennandi stofnun en ef hún er til staðar þá á hún ekki að vera bara fyrir einhvern afmarkaðan hóp. Baráttan hér á landi hefur þó að mínu mati verið dálítið gagnrýnislaus á þessari stofnanir.“



ENDURSKÖPUN SKÁPSINS

Svandís skrifaði mastersritgerðina sína í kynjafræði um kynjaflækju hinsegin mæðra. Hún segir rannsóknir á hinsegin fjölskyldum langt frá því að vera hlutlausar. „Rannsóknarspurningin virðist yfirleitt vera hvort að hinsegin fólk ali börnin sín „rétt“ upp eða „vel“ upp og hvernig þeim vegnar í lífinu. Rannsóknir miðar þannig að því að athuga hvort samkynhneigt fólk sé jafngott og gagnkynhneigt fólk. Hæfni gagnkynhneigðra er aldrei dregin í efa, þeir eru viðmiðið og hinsegin fólk er frávikíð.“ Hún segir því að hætta sé á að hinsegin foreldrar keppist við að fullvissa hið gagnkynhneigða samfélag um að börn sín séu í lagi, að uppeldið sé sambærilegt. Markmiðið segir hún vera að börnin verði í kynjanorminu, gagnkynhneigð og ekki trans. „Það virðist vera mikil hræðsla við að hinsegin fólk ali upp hinsegin börn. Skilyrðin virðast vera að við föllum vel inn í og endurtökum það sem er til staðar fyrir, ekki breyta of miklu.“

Í mastersritgerðinni skoðaði Svandís hvort lesbíur og hinsegin konur endurskapa skápinn fyrir börn sín. „Það er auðvelt að falla í þá gryfju að segja: „Jú, við gerum allt eins og börnin okkar verða venjuleg“, en hver er þá sigurinn? Ein kunningjakona mín sem á lítinn strák setti mynd af honum á Facebook um daginn þar sem hann lék sér með brúðu. Margir skrifuðu athugasemdir og „lækuðu“ en svo kom ein athugasemd þar sem stóð „Já, allt í lagi með þetta, en um leið og þið settið hann í fimleika þá segi ég stopp,“ og manni fallast hendur. Hvað gerist ef hann fer í fimleika? Verður hann þá kvenlegur, eins og mæður sínar? Eða verður hann samkynhneigður, eins og mæður sínar? Þetta eru fordómar sem fólk gerir sér ekki einu sinni grein fyrir. Það er alveg ótrúlegt hvernig þessi endursköpun á hinu gagnkynhneigða normi er stöðugt í gangi,“ segir Svandís. „Vissulega höfum við það gott hér miðað við hvernig staðan er í mörgum öðrum löndum en það þýðir ekki að við eigum að staðna.“

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN

Þeir sem hafa áhuga á umræðunni um hinsegin baráttuna er bent á námsstofu sem haldin verður næstu helgi í Reykjavíkúrákadémiunni. Námsstofan kallast „Pallíettubyltingin – hinsegin aktívismi á tímamótum“.

KYNJAFLÆKJA

Í mastersritgerð sinni skoðaði Svandís Anna hvernig samfélagið setur hinsegin foreldrum reglurnar varðandi barnauppeldi.
MYND/GVA

ALLIR ERU Á RÓFINU

„Ákveðinn hluti af fólki er algjörlega gagnkynhneigður, annar hluti er alveg samkynhneigður en flestir eru á einhverju gráu svæði þar á milli. Það þyrfti eiginlega að teikna upp sambærilegt róf fyrir kynvitund.“


Lengi getur gott batnað – í bítíð með nýju fólki

Virka morgna frá kl. 6:50–10:00
Heimir Karlsson hefur fengið til liðs við sig Gulla Helga og Huldu Bjarnadóttur.
Í Bítíð – skemmtilegri, fróðlegri, ýtarlegri og lengri þáttur en áður!

BYLGJAN
989



ÚTSALA



Persía

Opið kl. 11-18 • laugardaga kl. 11-16 • www.persia.is
TEPPAGALLERÍ • Bæjarlind 16 • Sími 568 6999



Undir Umhverfis- og framkvæmdasvið heyrir Fasteignafélag Hafnarfjarðar, umhverfis- og hönnunardeild, vatnsveita og fráveita. Umhverfis- og framkvæmdasvið annast verkefni er snúa að mannvirkjagerð, eignarekstri, veitustarfsemi, umhverfismálum, sorphirðu, umferðarmálum og málefnum sem falla undir stjórn Sorpu bs. og stjórn Strætó bs.

Sviðsstjóri

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan stjórnanda í stöðu sviðsstjóra Umhverfis og framkvæmda. Sviðsstjóri heyrir undir bæjarstjóra.

Meginhlutverk sviðsstjóra er að hafa yfirstjórn og bera ábyrgð á allri starfsemi sem heyrir undir sviðið, hafa yfirsýn yfir heildarverkefni og tryggja framgang þjónustu sviðsins við íbúa og atvinnulíf.

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og þjónustu sviðsins
- Ábyrgð á samræmingu verkefna og vinnulags sviðsins
- Ábyrgð á miðlun upplýsinga og eftirfylgni ákvarðana Umhverfis- og framkvæmdaráðs
- Ábyrgð á stefnumótun og frumkvæði að þróun nýjunga í þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Ábyrgð og umsjón með upplýsingagjöf og skýrslugerð
- Sviðsstjóri situr í framkvæmdastjórn Hafnarfjarðarbæjar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, tækni- og viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun æskileg
- Þekking og reynsla af stjórnun, fjármálum, framkvæmdum og rekstri
- Menntun og/eða reynsla af umhverfismálum er kostur
- Rík samstarfs- og samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg

Upplýsingar veita:

Elísabet Sværrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 24. ágúst.

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja-, skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja. Fyrirtækið er þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavinum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur. Gildi PwC eru fagmennska, þekking og samvinna.

Fleiri verkefni kalla á aukinn mannskap

PwC á Íslandi ætlar að bæta við starfsmannahópinn vegna aukinna umsvifa. Störfin krefjast þekkingar og reynslu á fjölmörgum sviðum. Fagmennska, metnaður og starfsgleði einkennir starfsmannahóp PwC. Fyrirtækið býður starfsmönnum starfsþróun og tækifæri bæði hér heima og erlendis.

Innri endurskoðandi

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Innri endurskoðun
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði
- Faggilding í innri endurskoðun er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vönduð vinnubrögð

Starfsmenn á endurskoðunarsviði

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ytri endurskoðun
- Reikningsskil og skattframtalsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði
- Ástundun í meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun er góður kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Elísabet Sværrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 20. ágúst nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700

óskum eftir að ráða arkitekt á stofu í 101 Reykjavík

starfssvið
hönnun og skipulag
gerð bygginganefndaruppdráttar
gerð skipulagsuppdráttar
áætlanagerð og lýsingar
uppbygging nýrra verkefna

hæfniskröfur
starfsreynsla á arkitektastofu
mjög góð þekking á Autocad
mjög góð þekking á 3D vinnslu
góð almenn tölvukunnátta
sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Ferilskrá á pdf formi, sendist á netfangið arkitekt@dap.is eigi síðar en 16.ágúst 2013. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál

VERSLUNARSTJÓRI

ÖFLUGUR LIÐSMAÐUR ÓSKAST TIL AÐ TAKA AÐ SÉR VERSLUNARSTJÓRN Í EINNI AF VERSLUNUM ÚTILÍFS

Starfið felst í stjórnun á líflegum vinnustað þar sem allt byggist á ánægjulegri upplifun allra viðskiptavina. Verslunarstjóri þarf því að vera skipulagður, samvirkusamur, heiðarlegur, jákvæður, lipur í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður.

HÆFNISKRÖFUR:

- Tölvukunnátta og menntun sem nýtist í starfinu (til dæmis verslunarstjórn frá Bifröst).
- Reynsla af sölustörfum og stjórnun.
- Áhugi á íþróttum og útivist.

UMSÓKNIR OG FRESTUR:

Áhugasamir sendi starfsúmsókn ásamt ítarlegri ferilskrá til Harðar Magnússonar, hordur@utilif.is fyrir 19. ágúst.

ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍPRÓTTA- OG ÚTIVISTAR.

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavina er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengi í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ÚTILÍF

--- Óskað er eftir starfsmanni á rafhjólaverkstæði ---

Óskað er eftir starfsmanni á rafhjólaverkstæði. Helstu verkefni eru viðhald og viðgerðir á hjólum ásamt samsetningu á nýjum rafhjólum. Um er að ræða fullt starf mán. – fös. kl. 8:00 – 16:00. Gerðar eru kröfur um að umsækjandi sé bæði stundvís og reyklaus. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn á netfangið: saekjaumstarf@gmail.com

SKOLAR
NÆRING HREYFING LISTIR

Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa eftir Heilsustefnunni og leggja ríka áherslu á heilsuefningu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Því leitum við að samstarfsfólki sem:

- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir leikskólans
- Hefur áhuga á heilsuefningu, umhverfismennt og umhyggjusömum samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samvirkusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!

Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu

Ungbarnaleikskólinn Ársól er 2ja deilda leikskóli með 48 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Berglind Grétarsdóttir leikskólastjóri, sími 563-7730.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á

<http://www.leikskolinn.is/arsol/>

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi

Auglýsir eftir:

- Proskapjálfa eða leikskólakennara í 100% stöðu eða hlutastarf
- Deildarstjóra í 100% stöðu
- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu.



Nánari upplýsingar veitir:

Bjarney K. Hlöðversdóttir, skólastjóri, í síma 570-4940.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á

<http://skolar.is/Starf/>

Heilsuleikskólar Skóla eru:

Hamravellir Hafnarfirði, Háaleiti Ásbrú
Reykjanesbæ, Kór Kópavogi, Krókur Grindavík og
Ungbarnaleikskólinn Ársól Reykjavík.

Sérvörverslun í miðbænum óskar eftir starfskrafti frá kl. 13-18.

Upplýsingar í síma 823 4095

ALLRA

Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál!

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á atvinna@allra.is



Reykjavíkurborg

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Verkefnisstjóri

Reykjavíkurborg auglýsir lausa stöðu verkefnisstjóra á skrifstofu þjónustu og reksturs - upplýsingatæknideild. Skrifstofan skiptist í þrjár deildir, þjónustudeild, skjaladeild og upplýsingatæknideild. Verkefnisstjóri mun vinna með skrifstofustjóra upplýsingatæknideildar að ýmsum úrbótaverkefnum í deildinni, en deildin hefur yfirumsjón með upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar. Starfið er fjölbreytt og felur í sér mikil samskipti við bæði innlenda og erlenda aðila. Um er að ræða tímabundna ráðningu til 12 mánaða með möguleika á framlengingu.

Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirfylgni umbóta- og breytingarverkefna
- Umsjón með gerð rekstrarhandbókar
- Útfærsla, uppsetning, undirbúningur og eftirfylgni breytingaráætlunar deildarinnar
- Vinnsla samanburðar- og viðmiðunarskýrsla

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er nýttist í starfi, framhaldsmenntun
- Yfirgripsmikil þekking á upplýsingakerfum og upplýsingatækni.

Viðkomandi þarf að þekkja helstu hugtök, virkni, samspil og uppbyggingu í upplýsingatækni. Reynsla af rekstri og/eða högun upplýsingakerfa æskileg

- Góð ensku og íslenskukunnátta bæði skrifleg og munnleg.
- Þekking á verkefnastjórnun og/eða breytingastjórnun
- Góð tækni á töflureiknum og/eða verkefnisstjórnunarhugbúnaði
- Góð tækni á ritvinnslu og framsetningu efnis á tölvutæku sniði
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2013

Umsækjendum er bent á að sækja um starfið á heimasíðu borgarinnar www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar J. Sandholt (oskar.j.sandholt@reykjavik.is) í síma 4 11 11 11

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Upplýsingatækni

Borgun leitar að öflugum sérfræðingum á Upplýsingatæknisvið

Sérfræðingur - Business Analyst

Helstu verkefni:

- Þátttaka í innleiðingu tölvukerfis
- Uppbygging þekkingar á kerfi og kortavíðskiptum
- Greining á viðskiptaþörfum
- Skipulagning og umsjón með prófunum
- Tengiliður Upplýsingatæknisviðs við Viðskiptasvið Borgunar
- Samskipti við erlenda birgja og samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Áhugi og góður skilningur á tæknimálum
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og frumkvæði í starfi

Sérfræðingur - Technical Expert

Helstu verkefni:

- Þátttaka í innleiðingu tölvukerfis
- Uppbygging þekkingar á innviðum kerfisins og skilum þess við önnur kerfi
- Aðlögun kerfisins að þörfum Borgunar
- Undirbúningur og framkvæmd á uppfærslum kerfisins
- Samskipti við erlenda birgja og samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af Oracle umhverfi, SQL, PL/SQL, Java, JavaScript, SQL Server og .NET
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og frumkvæði í starfi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á www.borgun.is.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561.

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk.



Rafvirki óskast!

Við leitum að vönum rafvirkja til framtíðarstarfa.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á netfangið rafsol@rafsol.is



Síðumúli 34 • 108 Reykjavík • Sími 553 5600
www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is



Traust og framsækið fyrirtæki leitar af duglegum og heiðarlegum söluráðgjafa, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp á vandkvæða.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir ásamt Starfsferilsskrá sendist á trausti@sparnadur.is

Ertu leikskólakennari?
Og langar að verða deildarstjóri?

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra.

Enn fremur eru lausar stöður fyrir leikskólakennara og starfsfólki með aðra uppeldismenntun eða reynslu af starfi.

Sjáländ er einkarekinn leikskóli sem starfar eftir Fjólvisistefnunni með áherslu á sjálfstæði og styrkleika hvers og eins. Enn fremur vinnur hann með áherslu á græn gildi og umhverfismennt.

Nánari upplýsingar veitir Sara Hrund Finnbogadóttir mannauðsstjóri í síma 578-1220 eða á netfangið; sarahrund@sjaland.is

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst n.k.



Fresh?

We're looking for talented people

- Online Marketing and SEO Specialist
- Graphic Designer

Further information at www.lsretail.com/about-us/careers



LS Retail

LS Retail, headquartered in Reykjavík Iceland, is a leading developer of software solutions and services for the retail and hospitality industries. With more than two decades of experience, LS Retail develops software solutions to make the shopping and dining experience worldwide a pleasure. Based on the Microsoft Dynamics platform, the solutions help businesses around the world increase revenue, build loyalty, reach new customers and lower their costs of operations.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Heimilið Sigurhæð

- Forstöðuproskaþjálfari

Heimilið Krókamýri

- Starfsfólk á heimili fyrir fatlað fólk

Íþróttamiðstöðvar í Garðabæ

- Starfsfólk í vaktavinnu

Hofsstaðaskóli

- Skólaliðar
- Leiðbeinendur í tómsundaheimili

Flataskóli

- Skólaliði
- Umsjónarmaður tómsundaheimilis
- Leiðbeinendur í tómsundaheimili

Sjáländsskóli

- Kennari á miðstigi
- Sérkennari
- Proskapjálfi

Álftanesskóli

- Leiðbeinendur í tómsundaheimilinu Frístund
- Heimilisfræðikennari

Leikskólinn Akkrar

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Bæjarból

- Sérkennslustjóri

Hjúkrunarheimilið Ísafold

- Hjúkrunarfræðingar
- Starfsfólk í aðhlyningu og ræstingar

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



www.gardabaer.is

viltu efla grænt samfélag?

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni með áhuga á umhverfsvottun og hvernig fjölga megi Svansvottuðum fyrirtækjum á Íslandi.

Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga, þar sem áhersla er lögð á opin samskipti, þverfaglega vinnu, erlent samstarf og möguleika á að hafa áhrif á þróun starfs.

Helstu verkefni sérfræðingsins tengjast aðallega rekstri á umhverfismerkinu Svaninum. Í því felst m.a. ýmis konar kynning á Svaninum, meðferð umsókna, samskipti við leyfishafa og framkvæmd eftirlits.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi/

Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2013

Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á umhverfisstofnun.is



Eftirlit með velferð dýra

Störf við eftirlit með velferð og aðbúnaði dýra ásamt öflun hagtalna

Matvælastofnun óskar eftir að ráða sex sérfræðinga í 100% starf, einn í hvert umdæmi stofnunarinnar, með staðsetningu á Selfossi, í Reykjavík, Borgarnesi, á Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum. Ráðið er í stöðurnar frá og með 1. janúar 2014.

Um ný störf er að ræða sem eru tilkomin vegna nýrra laga um velferð dýra nr. 55/2013 og laga um búfjárhald nr. 38/2013 sem taka gildi 1. janúar 2014. Hlutverk sérfræðinganna er að vinna við framkvæmd laganna auk annarra opinberra eftirlitsstarfa. Næsti yfirmaður er héraðsdýralæknir viðkomandi umdæmis.

Helstu verkefni og ábyrgð felast í eftirliti með dýrahaldi (þ.á.m. fóðrun, merkingum og aðbúnaði), móttöku og úrvinnslu tilkynninga um illa meðferð dýra, öflun og úrvinnslu hagtalna, eftirliti með skráningum í gagnagrunna um dýrahald og önnur eftirlitsverkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í búvísindum eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Reynsla af opinberu eftirliti æskileg
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir (sigurborg.dadadottir@mast.is) og Stefán Guðmundsson, forstöðumaður rekstrar- og mannauðssviðs (stefan.gudmundsson@mast.is) í síma 530-4800. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Sérfræðingur, velferð dýra" eða á starf@mast.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Hjá Matvælastofnun starfa rúmlega 70 starfsmenn. Stofnunin sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar samkvæmt eftirfarandi gildum: árvekni, framsækni, traust og gegnsæi.

www.mast.is

Linux sérfræðingur

Við leitum að öflugum og sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi Linux umhverfi. Lögð er rík áhersla á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð. Áhugavert tækifæri í boði.

Starfssvið

- Þjónusta við tölvakerfi sem felur í sér m.a. uppsetningar, rekstur, breytingar og viðhald á Linux kerfum í alþjóðlegu umhverfi
- Þróun lausna og endurbætur

Hæfniskröfur

- Árangursrík reynsla af Linux kerfisumsjón
- RHCE eða aðrar Linux vottanir eru kostur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðslu, skipulagsmál og fræðslu á sviði umhverfismála. Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 40 og skiptist starfsemi þess í fjórar skrifstofur: skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar. Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á www.umhverfisraduneyti.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (Helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Ritari í umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir að ráða starfsmann í starf ritara fyrir sameiginleg verkefni á skrifstofu landgæða og skrifstofu hafs, vatns og loftslags.

Helstu verkefni

- Almenn skrifstofu- og ritarastörf
- Skráning, afgreiðsla erinda og frágangur skjala
- Önnur verkefni sem heyra undir ritara hverju sinni

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf er skilyrði, háskólapróf er æskilegt
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og almenn tölvukunnátta (ritvinnsla)
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og kunnátta í norðurlandamáli er æskileg

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



KVENLÆKNINGAÐEILD Hjúkrunarfræðingar

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga við kvenlækningadeild 21A.

Deildin, sem er 24 rúma, er í senn dagdeild og sólarhringslegudeild fyrir konur með bráða kvensjúkdóma og konur sem þurfa skurðaðgerð vegna góðkynja eða illkynja sjúkdóma í grindarholi og brjóstum.

Leitað er eftir áhugasömum hjúkrunarfræðingum um hjúkrun kvenna og fjölskyldna þeirra.

Viðkomandi þarf að hafa sterka faglega sýn og hafa áhuga á að taka þátt í faglegri uppbyggingu á deildinni. Umsækjendur verða að geta tekið allar vaktir og hafið störf sem fyrst eða frá 1. október 2013.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Skipuleggja fjölbreytta hjúkrun kvenna m.a. fyrir og eftir aðgerðir og bera ábyrgð á störfum samkvæmt starfslýsingu
- » Vinna að þróunar- og gæðaverkefnum sem stuðla að faglegri uppbyggingu á deildinni

Hæfniskröfur


- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Faglegur metnaður í starfi
- » Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2013.
- » Starfshlutfall er 60-80%
- » Störfin veitast frá 1. október 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Hrund Magnúsdóttir, deildarstjóri, hrundmag@landspitali.is, sími 825 3752.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



LÍKNARDEILD Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við líknardeildina í Kópavogi frá og með 1. október 2013 eða eftir samkomulagi.

Á deildinni eru 12 legurými, öflug dagdeild og á næstu vikum verða opnuð fjögur 5 daga pláss. Starfsemin er byggð á hugmyndafræði líknarmeðferðar. Áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun og teymisvinnu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi. Boðið er upp á fræðslu og starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Að veita einstaklingshæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning til sjúklinga með langt gengna sjúkdóma og aðstandenda þeirra.

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Góð samskiptahæfni
- » Faglegur metnaður

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2013.
- » Starfshlutfall er 50-100%, unnið er í vaktarvinnu og er vinnufyrirkomulag samkomulagsatriði.
- » Starfið veitist frá 1. október 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veita Dóra Halldórsdóttir, deildarstjóri, dorahal@landspitali.is, sími 543 6604 og Þórdís Ingólfssdóttir, mannauðsráðgjafi, thoring@landspitali.is, sími 825 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Lausar stöður í Foldaskóla

Eftirfarandi stöður er lausar í Foldaskóla skólaárið 2013-2014.

- Umsjónarkennari í 7. bekk
- Sérkennari á unglíngastigi
- Ráðgjafi við fardeild (78% starf til eins árs)
- Þrjár 70% stöður stuðningsfulltrúa í einhverfudeild og á unglíngastigi.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Óskað er eftir framkvæmdastjóra listahátíðarinnar Listar án landamæra sem haldin er árlega, að vori.

Starfið er fjölbreytt og skapandi og er starfshlutfall breytilegt yfir árið. Starf framkvæmdastjóra felur m.a. í sér skipulagningu og mótun dagskrár, sýningarstjórn, fjáröflun, kynningarmál og framkvæmd hátíðarinnar.

Umsækjendur mega gjarnan hafa: Þekkingu og áhuga á málefnum fatlaðs fólks, listrænan bakgrunn, góða samskiptahæfni, ríkt frumkvæði, metnað, sveigjanleika og reynslu af skipulagningu og fjármögnun viðburða.

Umsóknir sendist á netfangið: listanlandamaera@gmail.com til og með 19. ágúst.

Frekari upplýsingar fást í síma 691-8756, www.listin.is eða listanlandamaera@gmail.com

SKJALASTJÓRI

- ✓ Tækifæri til að láta að sér kveða
- ✓ Faglega spennandi
- ✓ Ábyrgð
- ✓ Skemmtilegur vinnustaður

Skjalasafnið er miðpunkturinn í atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu. Öll mál eiga þar upphaf og endi, allir starfsmenn ráðuneytisins koma við sögu og skjalasafnið gegnir lykilhlutverki í samskiptum við aðila utan ráðuneytisins.


Hér eru því ótal tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling til að leiða framúrskarandi skjalasafn til enn frekari sigra.

Nánari upplýsingar um starfið og helstu menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is og á vefsvæði ráðuneytisins atvinnuvegaraduneyti.is/raduneyti/laus-storf/

Umsjón með ráðningu hefur Guðrún Gísladóttir, skrifstofustjóri innri þjónustu og rekstrar gudrun.gisladottir@anr.is. Umsóknum skal skila inn á postur@anr.is. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Í MÁI VORU SKRÁÐ

298
NÝ MÁL
Í SKJALASAFN ANR



Ert þú bókar með mikla reynslu og langar að bættast í starfsmannahópið okkar?

Við hjá Lemon leitum af hressum og reynslumiklum bókara í hlutastarf

Viðkomandi þarf að:
Hafa mikla reynslu af bókhaldsvinnu
Hafa góða þekkingu á DK bókhaldskerfi
Geta unnið sjálfstætt
Sýna frumkvæði í starfi
Vera jákvæður
Hafa góð meðmæli

Ef þú hefur það sem til þarf þá endilega sendu okkur umsókn á brostu@lemon.is fyrir 15. ágúst

Fjármálastjóri

AGR leitar að öflugum einstaklingi í starf fjármálastjóra. Starfið felur meðal annars í sér áætlanagerð, fjárstyringu og umsjón með reiknishaldi og uppgjörum starfsstöðva AGR á Íslandi, Bretlandi og Danmörku.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun
- Reynsla af störfum í alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á ensku

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á netfangið job@agr.is.

Umsóknarfrestur er til 19. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri

í síma 512-1000 eða á netfangið haukur@agr.is.

Fullum trúnaði heitið.



AGR er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku starfa um 20 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina okkar.

AGR Iceland Höfðatún 2 105 Reykjavík sími: +354 512 1000

www.agr.is



Brammer Group er leiðandi fyrirtæki í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki.

Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Brammer sér um innkaup og lagerhald, ásamt tæknilegri ráðgjöf fyrir Alcoa Fjarðaál og veitir 24 tíma þjónustu allt árið um kring. Einnig starfrækir Brammer verslun í Hafnarfirði og skrifstofu í Reykjavík. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn.

Innkaupafulltrúi

Brammer leitar að starfsmönnum í innkaup, vörustjórnun og sölu á starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík.

Helstu verkefni

- Innkaup, vörustjórnun og sala á vörum
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Eftirlit með framlegð og veltuhraða
- Greiningar og ferlavinna
- Samskipti við vörustjóra
- Svörun fyrirspurna og eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða í samstarfi við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og vörustjórnun
- Góð greiningarhæfni
- Góð samskiptafærni á íslensku og ensku
- Mjög góð tölvu- og enskukunnátta
- Þekking á rekstrarvörum í iðnaði
- Áhugi á teymisvinnu

Brammer leitar að starfsmanni á starfsstöð fyrirtækisins á Grundartanga

Tæknilegur ráðgjafi

Óskað er eftir vélaverkfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Starfið felst í tæknilegri ráðgjöf um viðhald og endurnýjun véla og tækja með það að markmiði að leita hagkvæmstu leiða í innkaupum. Mikilvægt er að viðkomandi sé lausnamiðaður og eigi gott með að vinna í hóp og deila upplýsingum. Markmiðið er að finna lausnir sem draga úr kostnaði viðskiptavina fyrirtækisins, en tæknilegur ráðgjafi vinnur náið með stjórnendum og sölumönnum þess.

Helstu verkefni

- Samskipti við viðskiptavina
- Viðhalda tengslum við viðskiptavina Brammer
- Fylgja eftir söluverkefnum
- Vinna að tæknilegum lausnum með viðskiptavinum
- Finna leiðir til að spara viðskiptavinum kostnað
- Halda utan um skráningar á sparnaði og þeim verkefnum sem tengjast honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í vélaverkfræði
- Þekking og reynsla af vélum og tækjum skilyrði
- Þekking og reynsla af rafmagni, loftþrýstingsfræði og vökvafærni kostur
- Reynsla úr iðnfyrirtækjum og/eða framleiðslufyrirtækjum kostur
- Góð almenn tölvukunnátta, s.s. í Excel
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði

Upplýsingar veita:

Rannveig Jóna Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Elísabet Sværissdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk.

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í umræddu starfi.

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störf.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Ert þú með rétta talandann?

Söluráðgjafar óskast.

Starf söluráðgjafa er fyrir árangursdrifna einstaklinga með reynslu af sölustörfum.

Starfið felst í að fjölga nýjum viðskiptavinum Tals.

Söluráðgjafar Tals leggja áherslu á að veita faglega ráðgjöf í samræmi við fjarskiptaþarfir viðskiptavina.

Í boði er fullt starf sem og hlutafstarf.

Við bjóðum

- Góð laun fyrir góða söluráðgjafa
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Skemmtilegan starfsanda

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Vinsamlegast fyllið út umsókn um starfið og látið ferilskrá fylgja á www.tal.is/atvinna

Menntun og hæfniskröfur

- Farsæl reynsla af sölu er skilyrði
- Brennandi áhugi á sölu er skilyrði
- Sannfæringarkraftur og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg
- Keppnisskap og metnaður til að ná árangri í starfi
- Almenn tölvufærni
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni eru skilyrði
- 20 ára og eldri

Frekari upplýsingar um starfið veita:

Arthur Vilhelm Jóhannesson
forstöðumaður sölusviðs í síma 445 1646
eða á arthur@tal.is

Hrafnhildur Aradóttir
verkefnastjóri á sölusviði í síma 445 1766
eða á hrafnhildura@tal.is

Sterk tengsl í
Íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



www.vinna.is



Proskapjálfrar

spennandi og fjölbreytt starf við dagþjónustu

Ás styrktarfélag óskar eftir þroskajálfrar til starfa í 100% starf. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30 og staðsetning er Stjörnugróf 7-9. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða vinnu- og virknilboð fyrir fullorðið fólk með fötlun og tekur starfsmaður þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veitir Valgerður Unnarsdóttir í síma 414-0540 á virkum dögum.

Atvinnusókn sendist á valgerdur@styrktarfelag.is.

Upplýsingar um félagið má nálgast á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

STARFSMAÐUR Í RÁÐSTEFNUMÓTTÖKU



Um er að ræða fullt starf og unnið er á 12 tíma vöktum. Starfið felst m.a. í símsvörum, móttöku viðskiptavina og almennri afgreiðslu.

Leitað er eftir einstaklingi sem er gæddur þjónustulund og er lipur í mannlegum samskiptum.

Góð íslensku- og enskukunnátta. Snyrtimennska og stundvísi.

Umsóknir skulu sendast á starf@grand.is

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík / grand.is



Seltjarnarnesbær

Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness
auglýsir eftir leikskólakennurum
og leiðbeinendum til starfa með
yngri börnum skólans

Leikskóli Seltjarnarness er sameinuð fag- og rekstrar-eining með um 195 börnum. Leikskólinn starfar í þremur starfstöðvum.

Á Seltjarnarnesi er lögd rík áhersla á metnaðarfullt leikskólastarf þar sem velferð og hagur barna er hafður að leiðarljósi og að skólastarf í bænum standist ávallt samanburð við það sem best er hverju sinni.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri soffia@nesid.is og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri annaha@nesid.is í síma 5959-280/290

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2013.

Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar

www.seltjarnarnes.is

Vegna aukinna tækifæra

leitar Betware eftir liðskroftum

Sérfræðingur í útboðsmálum (RFP Specialist)

Skipulagður einstaklingur sem mun bera ábyrgð á að straumlínulaga útboðsferli fyrir hönd fyrirtækisins með því að safna svörum í gagnabanka, samhæfa útlit, gera áætlanir og sjá um að útboðum sé svarað tímanlega og á faglegan hátt. Reynsla af útboðum og framúrskarandi enskukunnátta eru skilyrði.

Vörustjóri (Product Manager)

Markaðsdrifinn og skapandi einstaklingur með reynslu af smásöluumhverfi (Retail), sem leiða á framþróun og hönnun hugbúnaðar í nýrri vörulínu Betware. Vörustjóri vinnur náið með þróunarteymi og markaðs- og söludeild. Reynsla af þróun smásöluhugbúnaðar og brennandi áhugi á vörupróun eru skilyrði.

Hugbúnaðarprófari (Quality Assurance)

Skipulagður einstaklingur með mikla greiningarhæfni til að framkvæma prófanir og gæðaeftirlit á lausnum Betware. Háskólanám sem nýtist í starfi og/eða reynsla af hugbúnaðarprófunum eru skilyrði.

Forritari (Software Developer)

Snjall forritari með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð sem mun vinna í metnaðarfullu teymi við að hanna og þróa hugbúnaðarlausnir í Java. Háskólanám í tölvunarfræði er skilyrði.

Vefhönnuður (Web Designer)

Hugmyndaríkur einstaklingur sem mun vinna náið með vefforriturum í að skapa stórkostlegar veflausnir. Hafa þarf gott auga fyrir grafík og viðmótshönnun, auk brennandi áhuga á notendaupplifun. Góð þekking á forritum á borð við Adobe Creative Suite er nauðsynleg og reynsla af HTML/CSS er kostur.

Hljómar tilvalið fyrir þig? Hikaðu þá ekki við að senda okkur umsókn og ferilskrá á netfangið applications@betware.com fyrir 20. ágúst með heitið á stöðunni í viðfangi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.



Betware er íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í Danmörku, Spáni og Serbíu. Meðal viðskiptavina Betware eru alþjóðleg leikjafyrirtæki. Hjá Betware starfa yfir 100 einstaklingar sem leggja sitt af mörkum til að skapa skemmtilegan og vinalegan vinnustað. Unnið er í teyimum eftir Agile-aðferðafræði þar sem rík áhersla er lögð á nýsköpun og þróun.

ELDMÓÐUR • HEILINDI • NÝSKÖPUN
www.betware.com

Betware

Hópkaup auglýsir eftir viðskiptastjóra

Ert þú sniðug/ur, hress og hefur áhuga á markaðsmálum?

Hópkaup er fyrirtæki sem vinnur að því að auka viðskipti samstarfsaðila sinna með vinsælustu tilboðsaðferð heimsins í dag og er **Hópkaup** stærsta fyrirtækið á sínum vettvangi á Íslandi. **Vilt þú vera í sigurliðinu?**

Áhugasamir sendi umsókn strax á umsokn@hopkaup.is.

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst

Hæfniskröfur:

Hressleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á markaðsmálum
Sjálfstæði
Söluhæfileikar

Við getum kennt þér að selja, en við getum ekki kennt þér að vera hress.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

Suðurlandsbraut 22 - 108 Reykjavík - hopkaup.is - Sími 520 1030

PIPARBYVA • SJÁ • 132296

Spennandi atvinnutækifæri í ört vaxandi fyrirtæki

Sinum er fyrirtæki á velferðarsviði sem sérhæfir sig í alhliða heimaþjónustu, aðhlyningu, heimahjúkrun, hvíldardvöl, heimahreingerningu og rekstri dvalarheimilis ásamt því sem það annast daglegan rekstur á sjúkrahótelum LSH.



Hjúkrunarstjóri Heimilisins í Holtsbúð

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing í starf hjúkrunarstjóra Heimilisins að Holtsbúð 87. Starfið felur bæði í sér stjórnun og hjúkrun auk þess sem viðkomandi er faglegur yfirmaður heimaþjónustu Sinnum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi á dvalarheimili og/eða í heimaþjónustu. Um er að ræða fullt starf sem að mestu er unnið á dagvinnutíma.

Teymisstjóri í heimaþjónustu

Einnig leitum við að teymisstjóra í heimaþjónustu og mikill kostur ef viðkomandi hefur menntun og reynslu sem sjúkraliði. Aðallega er um að ræða teymisstjórnun og vinnu á vettvangi í heimaþjónustu með öldruðum og fötluðum einstaklingum. Æskilegt er að viðkomandi geti verið í fullu starfi en hlutastarf kemur þó til greina.

Félagliðar og almennir starfsmenn

Vegna vaxandi umsvifa í heimaþjónustu Sinnum vantar okkur jafnframt félagliða og almenna starfsmenn í heimaþjónustu. Um er að ræða framtíðarstörf í heimaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Bæði getur verið um að ræða fullt starf og hlutastörf.

Þjónustustjóri í heimaþjónustu

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing, sjúkrapjálfa, iðjubjálfa eða þroskarpjálfa í starf þjónustustjóra í heimaþjónustu. Æskilegt er að viðkomandi hafi bæði áhuga á að vinna með þjónustuþegum á vettvangi og jafnframt sinna stjórnun að hluta til á skrifstofu. Vinnutíminn er mest á hefðbundnum dagvinnutíma en hluti starfsins er unnin utan hans. Æskilegt er að viðkomandi geti verið í fullu starfi en hlutastarf kemur þó til greina.

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru lagnir í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af því að sinna fólki sem þarfnast aðstoðar við, hvort sem um er að ræða fötlun, öldrun, tímabundin eða langvarandi veikindi. Viðkomandi verður að hafa bíl til afnota.

Störfín henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst. Umsóknir skilist með rafrænu eyðublaði á www.sinnum.is. Umsækjendur eru beðnir um að skrifa í umsókn hvaða starf er sótt um, hversu háu starfshlutfalli þeir sækjast eftir og á hvaða tíma þeir geta unnið.

 **sinnum**
heimaþjónusta

Sími 770 2221 – 519 1400
www.sinnum.is

Laus staða við Súðavíkurskóla

Súðavíkurhreppur er sveitarfélag við Ísafjarðardjúp, og er kaupúnið Súðavík við Álftafjörð þéttbýlasti hluti hreppsins. Hreppurinn skartar einstaklega fallegri og ósnortinni náttúru og er veðursæld mikil. Einungis er 10 mínútna akstur á Ísafjarðarflugvöll og tekur um 40 mínútur að fljúga til Reykjavíkur. Skólahúsnæðið er glæsilegt og vel búið. Skólinn er einsetinn með fámennum aldursblönduðum bekkjardeildum, vel búinn tækjum og góðri vinnuaðstöðu. Leikskólinn er gjaldfrjálst í 6 tíma eða frá 8:00 til 14:00.

Vegna óviðráðanlegra orsaka er laus staða umsjónarkennara á unglingsstigi. Um er að ræða almenna kennslu í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, uppl- og tæknimennt, lífsleikni og ensku í 8.-9.-10. bekk og íþróttir á öllum skólastigum. Unnið er í anda Uppbyggingar til ábyrgðar og lögd er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna. Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunn- leik- og tónlistarskóla. Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 14. ágúst n.k. meðmæli óskast með umsókn. Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í gsm: 893-4985, annalind@sudavik.is



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND
TUNBRAUT 1-3 545 SKAGASTRÖND

Lausar stöður á Skagaströnd

Grunnskólakennara vantar í 100% stöðu við Höfðaskóla einnig leitar leikskólinn Barnaból eftir leikskólakennara

Allar helstu upplýsingar um skólastarfið má sjá á heimasíðum skólanna, <http://hofdaskoli.skagastrond.is> og <http://www.leikskolinn.is/barnabol>

Barnvænt umhverfi, gott samstarfsfólk og lág húsaleiga!

Nánari upplýsingar veita Hildur Ingólfsdóttir grunnskólustjóri, vs. 452 2800, gsm 849 0370 og Þórunn Bernóusdóttir leikskólustjóri vs. 452 2706.

Hægt er að senda umsóknir á netföngin hofdaskoli@skagastrond.is og barnabol@skagastrond.is

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst.



Lausar kennarastöður við grunnskóla Norðurþings:

Grunnskóli Raufarhafnar auglýsir eftir kennurum

Grunnskóli Raufarhafnar er samrekin grunns- og leikskóli með 13 nemendur þar sem Uppbyggingarstefnan er höfð að leiðarljósi. Skólinn nýtur mikils stuðnings frá samfélaginu og leggjum við áherslu á samvinnu sem og jákvæðni.

Við leitum að áhugasömum, fjölbreyttum og jákvæðum kennara í bekkjarkennslu á yngsta stigi þar sem þekking á byrenda-læsi er mikilvæg. Um fullt starf er að ræða.

Einnig leitum við að íþróttakennara sem og list- og verkgreina-kennara í hlutastarf en möguleiki er á fullu starfi.

Upplýsingar veitir Frida Elisabeth Jörgensen skólastjóri í síma 694-9063 og frida@raufarhofn.is

Umsóknarfrestur er til 21. ágúst 2013.

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Aðstoðarkonur óskast í hlutastarf!

Ég er fertug kona búsett í Mosfellsbæ og stunda nám í fötlunarfræði við Háskóla Íslands. Ég er hreyfihömluð kona og þarf aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs. Er að leita að aðstoðarkonum á aldrinum 20 - 45 ára í hlutastarf (40 - 60%) um dag, kvöld og helgar. Starfið felst í að vera persónuleg aðstoðarkona og byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, sem má kynna sér á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is.

Mikilvægt er að umsækjandi sé reyklaus og hafi bílpróf. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fyrirspurnir og umsókn ásamt ferilskrá og meðmælendum sendist á netfangið www.npastarf@gmail.com fyrir 19. ágúst 2013.

» Ráðningarbjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarbjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér bjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar bjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar bjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á bjónustu okkar. Gerðu verðsamburð!

HH Ráðgjöf er alhlíða ráðningarbjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi bjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARBJÓNUSTA

www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

BJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Öldutúnsskóli í Hafnarfirði auglýsir eftir:

- Umsjónarkennara á yngsta stig.
- Kennara í námsver á unglingsstigi.

Upplýsingar um störfin gefur Valdimar Víðisson, skólalastjóri, í síma 664-5898 eða í gegnum netfangið valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is

Umsóknarfrestur til 19. ágúst.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði.

Bluebird
Cargo



Bláfugl óskar eftir að ráða umsjónarmann handbóka og gæðamála á flugrekstrarsviði

Umsjónarmaður handbóka og gæðamála hefur umsjón með handbókum flugrekstrarsviðs, uppfærslu þeirra, útgáfu og dreifingu. Í starfinu felst einnig aðstoð við undirbúning og úrvinnslu gæðaúttekta.

Hæfniskröfur:

Við leitum að atorkusömum, fróðleiksfúsum og skipulögðum einstaklingi með jákvætt hugarfar. Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á ensku tal og ritmáli, og mjög góða tölvukunnáttu. Reynsla af uppsetningu og ritun handbóka, nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði. Menntun og/eða umtalsverð reynsla tengd flugrekstri eða gæðamálum er nauðsynleg. Þekking á reglugerðumhverfi flugrekstrar er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2013.

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir berist til: Bláfugl, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík eða á netfangið ghl@bluebirdcargo.com



Akademísk störf í jarðvísindum við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands

Jarðvísindadeild Háskóla Íslands er ein sex deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Við deildina stunda um 250 stúdentar nám í jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði.

Jarðvísindastofnun er faglega og fjárhagslega sjálfstæð stofnun innan Raunvísindastofnunar Háskólans.

Markmið Jarðvísindastofnunar er að vera metnaðarfull alþjóðleg rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda.

Sjá nánar um störfin á starfatorg.is og hi.is/laus_storf.

Þrjú störf kennara við Jarðvísindadeild og starf fræðimanns við Jarðvísindastofnun Háskólans

Lektor í jarðefnafræði

Tilgangur starfsins er að efla rannsóknir og kennslu í jarðefnafræði og tengist það meistaranámi á sviði endurnýjanlegrar orku við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Starfið er sett á fót með stuðningi Landsvirkjunar. Lektorinn mun kenna á grunn- og framhaldsstigi auk þess að stunda rannsóknir í jarðefnafræði, meðal annars á sviði jarðhita. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í jarðefnafræði.

Lektor í jarðfræði

Starfið er hluti af eflingu grunnrannsókna og kennslu í jarðvísindum og er styrkt af Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands. Lektorinn mun kenna á sviði almennrar jarðfræði á grunn- og framhaldsstigi ásamt því að stunda rannsóknir í jarðfræði. Æskilegt er að lektorinn hafi sérþekkingu á einu eða fleiri eftirtaldrá sviða: Höggunar og jarðhnika, jarðlagfræði, bergfræði og/eða steindafræði. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í jarðfræði.

Dósent við Jarðvísindadeild Fræðimaður við Jarðvísindastofnun – hafeðlisfræði og hafefnafræði

Um er að ræða tvö akademísk störf á sviði hafefnafræði sem laus eru til umsóknar, annað við Jarðvísindadeild og hitt við Jarðvísindastofnun. Verður annað starfið á sviði hafefnafræði og hitt á sviði hafeðlisfræði. Störfin eru þáttur í eflingu rannsókna og kennslu í hafefnafræði. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í hafefnafræði, hafeðlisfræði eða skyldum greinum og sýnt fram á árangur í rannsóknum á fagsviði sínu að loknu doktorsprófi.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2013

Nánari upplýsingar um störfin veita Magnús Tumi Guðmundsson forseti Jarðvísindadeildar, mtg@hi.is og Þóra Árnadóttir formaður stjórnar Jarðvísindastofnunar, thora1@hi.is, sími: 525 4800.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Þýskukennari	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201308/027
Forstöðumaður	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201308/026
Sérfræðingur í plöntusjúkdómum	Matvælastofnun	Reykjavík	201308/025
Lögfræðingur	Umhverfisstofnun	Landið	201308/024
Ritari	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Reykjavík	201308/023
Doktorsnemi í menntunarfræðum	Háskóli Íslands, menntavísindasvið	Reykjavík	201308/022
Fulltrúi á þjónustuborði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201308/021
Fulltrúi á innheimtusviði	Tollstjóri	Reykjavík	201308/020
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201308/019
Félagsliði	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201308/018
Skólaliði	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201308/017
Starfsmaður í ræstingu	Alþingi	Reykjavík	201308/016
Lögfræðingur	Sýslumaðurinn á Akranesi	Akranes	201308/015
Vaktstjóri	Vegagerðin	Ísafjörður	201308/014
Vélvirki, bifvélvirki	Vegagerðin	Borgarnes	201308/013
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, líknardeild	Reykjavík	201308/012
Aðstoðarmaður	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201308/011
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, kvenlækningadeild 21A	Reykjavík	201308/010
Starfsmannastjóri	Landspítali	Reykjavík	201307/007
Matráðsmaður	Landspítali, BUGL	Reykjavík	201308/009
Sjúkraliði	Landspítali, skilunardeild	Reykjavík	201307/050



Grímsnes-
og Grafningshreppur

Kerhólsskóli, leik- og grunnskóli

**Umsjónakennari 3-4 bekk,
verkmenntakennari og leikskólakennari
óskast til starfa.**

Starfsmenn óskast í stöðu leikskólakennara, verkmenntakennara og umsjónakennari í 3-4 bekk frá og með næsta skólaári. Staða verkmenntakennara og umsjónakennara eru til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Starfshlutföll er 90 - 100% og umsækjendur þurfa að hafa grunn – og/eða leikskólakennaramenntun. Fáist ekki grunn – og/eða leikskólakennari verða ráðnir inn starfsmenn í stöðu leiðbeinanda.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með heildarfjölda 50 nemendur á aldrinum 1. árs upp í 8. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt- og náttúrufræði, útikennslu, list- og verkgeinar.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra ekki síðar en mánudaginn 12. ágúst nk.

Nánari upplýsingar gefur Sigmar Ólafsson skólastjóri í síma 482-2617, 863-0463 eða sigmar@kerholsskoli.is; Heimasíða skólans: <http://www.kerholsskoli.is>

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Markaðs- og menningarfulltrúi

Fjallabyggð óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling til starfa. Megin viðfangsefnið er stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almanna- tengslum -, ferða- og menningarmálum sem og á sviði atvinnumála.

Markaðs- og menningarfulltrúi starfar undir stjórn deildarstjóra stjórnarsýslu og fjármála.

1. Helstu verkefni.

1.1. Kynningar og markaðsmál

Umsjón og skipulagning á kynningar- og markaðsmálum sveitarfélagsins.

Annast samskipti við fjölmiðla.

Stefnumótun í upplýsingamálum í samráði við stjórnendur.

Umsjón með heimasíðu bæjarfélagsins.

Móttaka gesta og skipulagningu ráðstefna og funda.

Skipulagningu viðburða í samstarfi við stjórnendur.

Veitir ráðgjöf í málaflokkum sem tengjast starfinu.

1.2. Upplýsingamál og almannatengsl

Sér um fréttir af vettvangi sveitarfélagsins og miðlun þeirra til fjölmiðla.

Umsjón með gerð kynningarefnis og auglýsinga á vegum sveitarfélagsins.

Aflar upplýsinga sem tengjast starfinu og vinnur úr þeim.

Veitir upplýsingar til aðila sem tengjast starfinu.

1.3. Menningarmál

Umsjón með menningartengdum viðburðum

á vegum sveitarfélagsins og stýrir verkefnum sem

varða samræmingu og samþættingu á milli stofnana.

Fjallabyggðar á sviði menningar.

Tengist þáttum í rekstri náttúrurgripasafns, listaverka-

safns, bókasafns og menningarhúss.

Kemur að undirbúningi funda og samvinnu við men-

ningarnefnd í samráði við yfirmann.

1.4. Atvinnu- og ferðamál

Er til ráðgjafar vegna eflingar atvinnulífs, þ.m.t.

eflingu ferðamannaíðnaðar.

Tengist þáttum í rekstri upplýsingamiðstöðva ferða-

mála og tjaldsvæða.

Kemur að undirbúningi funda og samvinnu við

atvinnu- og ferðamálanefnd í samráði við yfirmann.

1.5. Teymisvinna

Starfar náið með starfsmönnum á sinni deild.

Stýrir verkefnum eftir ákvörðun yfirmanns.

1.6. Samskipti

Við aðila sem vinna að markaðs- og ferðamálum.

Við aðila vegna upplýsingamála- og almannatengsla.

Við aðila sem tengjast ferða- og menningarmálum.

Við aðila á sviði atvinnumála.

Við ráðuneyti og aðra opinberra aðila.

Við aðila og gesti sem og erlenda aðila sem tengjast

starfinu.

1.7. Önnur verkefni

Verkefnastjórnun í tilfallandi verkefnum.

Önnur verkefni sem yfirmaður felur honum.

2. Hæfni og samstarfsmarkmið

2.1. Menntun þekking og reynsla

Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Reynsla af markaðs- og kynningarmálum.

Þekking á ferða- og menningarmálum.

Reynsla og/eða þekking á atvinnumálum.

Þekking á stefnumótun og hópavinnu.

Góð málakunnátta.

Þekking á fundarstjórnun.

Þekking á helstu upplýsingakerfum.

Þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg.

2.2. Hæfni

Skipulags- og samskiptahæfileikar.

Sjálfstæði í vinnubrögðum.

Hæfni í mennlegum samskiptum.

Markaðs- upplýsinga og menningarfulltrúi heyrir undir deildarstjóra stjórnarsýslu og fjármála Fjallabyggðar sem ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og eru framundan. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580 eða Ólafsvegi 4, Ólafsfirði 625, eigi síðar en **föstudaginn 16. ágúst 2013.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnarsýslu- og fjármála, netfang olafur@fjallabyggd.is sími 464 -9100 eða Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri, netfang sigurdur@fjallabyggd.is.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Verkefnisstjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að koma á fót og leiða starfið. Markmið Jafnréttisskólans er að efla jafnréttisstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, sbr. aðalnámskrár leik- og grunnskóla, 23. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla sem og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri mun starfa á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Næsti yfirmaður verkefnisstjóra Jafnréttisskólans er skrifstofustjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Helstu verkefni:

- Að skapa vettvang og leiðir fyrir jafnréttis- og kynjafræðslu í skóla- og frístundastarfi í anda laga og mannréttinda- stefnu borgarinnar.
- Veita ráðgjöf, fræðslu og stuðning til starfsmanna í leik- skólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum um jafnréttisfræðslu.
- Taka þátt í miðlægrri stefnumótun á skóla- og frístundasviði og stefnumótun á starfsstöðum þess er tengist jafnréttisfræðslu.
- Þróa og viðhalda vef um jafnréttisfræðslu kynjanna.
- Fylgjast með nýjungum á sviði jafnréttisfræðslu og í kynjafræði.
- Eiga samstarf við sérfræðinga í jafnréttis- og kynjafræðum innan og utan skóla- og frístundasviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám í kynjafræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af jafnréttisverkefnum æskileg.
- Kennsluréttindi eru æskileg og/eða reynsla af starfi með börnum og ungmönnum.
- Reynsla af verkefnisstjórn og innleiðingu verkefna æskileg.
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á starfsúmsóknavef Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir **Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri og Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannaúdráðgjafi í síma 4111111.**

VILTU BYRJA MEÐ OKKUR?

FABRIKKAN HÖFÐATORGI LEITAR AÐ STARFSFÓLKI MEÐ LANGTÍMASAMBAND Í HUGA

Á þetta við um dig?

- Ég er heiðarleg/ur Homo Sapiens!
- Ég hef jákvætt viðhorf til lífsins!
- Ég nýt þess að ná árangri!
- Ég er Manneskjumanneskja (ensk. Peoples person)!
- Mér þykir vænt um annað fólk!

Þá skaltu sækja um starf á Fabrikkunni.



VAKTSTJÓRI Í SAL

Vaktstjóri í sal er fyrirlíðinn á vaktinni og þarf að vera hvetjandi og jákvæður orkubolti.

Æskilegheit:

- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af vaktstjórn í veitingasal
- 20+ ára

Umsóknir ásamt mynd sendist á atvinna@fabrikkann.is merkt

„**Fabrikkann Höfðatorgi**
- Vaktstjóri í sal“

ÞJÓNN Í SAL – 60%

Fabrikkann leitar að ábyrgum þjóni í sal sem einnig getur leyst af hendi ýmis önnur verkefni, s.s. innslátt innkaupareikninga. Um er að ræða 60% starf í dagvinnu með möguleika á aukavöktum.

Æskilegheit:

- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af Excel
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Bílpróf
- 25+ ára

Umsóknir ásamt mynd sendist á atvinna@fabrikkann.is merkt

„**Fabrikkann Höfðatorgi**
- Þjónn í sal - 60%“



2010

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKOGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Lausar stöður í Foldaskóla

Eftirfarandi stöður er lausar í Foldaskóla skólaárið 2013-2014.

- Umsjónarkennari í 7. bekk
- Sérkennari á unglingastigi
- Ráðgjafi við fardeild (78% starf til eins árs)
- Þrjár 70% stöður stuðningsfulltrúa í einhverfudeild og á unglingastigi.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Viljum ráða vana mótasmiði, verkamenn og kranamann

Áhugasamir hafi samband við Jón Ágúst í síma 897 8678 eða á non@nonbygg.is

non
BYGGINGAFÉLAG

Rennismiður – CNC

Aðili vanur rennismíði og fræsivinnu óskast til starfa.

STARFSLÝSING:

- Rennismiður óskast til starfa á renni- & fræsiverkstæði KAPP ehf í Garðabæ.
- Viðkomandi verður að búa yfir þekkingu á nýjustu tækni eða geta tileinkað sér hana fljótt og vel.
- Góð vinnuásta, góð framleiðslutæki í lífandi starfsumhverfi.
- Góður vinnuandi – um framtíðarstarf er að ræða.

HÆFNISKRÖFUR:

- Viðkomandi hafi menntun og/ eða reynslu á sviði rennismíði & fræsivinnu.
- Viðkomandi geti unnið sjálfstætt.
- Áhersla er lögð á nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum.

Lípurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfni til að starfa með öðrum eru nauðsynlegir eiginleikar sem og hæfni til að koma upplýsingum/þekkingu til skila á skipulagðan og aðgengilegan hátt.

Upplýsingar veitir Freyr Friðriksson, framkvæmdastjóri í síma 864 0305 eða freyr@kapp.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 12. ágúst 2013. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

KAPP ehf

KAPP ehf.
Míðhrauni 2 – 210 Garðabær
Sími: 544 2444 – Fax: 544 2445
kapp@kapp.is – www.kapp.is

Véla & renniverkstæði

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NETTÓ GRANDA

ÓSKAR EFTIR VÖNU VERSLUNARFÓLKI TIL STARFA SEM FYRST!

Með nýju búðinni okkar á Granda mun Nettó starfrækja 11 lágvöruverðsverslanir á landinu, þar af 4 á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. á Grandanum, í Mjódd, Hverafold og við Salaveg í Kópavogi.

VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGU STARFSFÓLKI TIL LIÐS VIÐ OKKUR FULLT STARF - HLUTASTARF

- Starfsfólk í almenn afgangslustörf, hlutastörf og heilsdagsstörf
- Umsjón grænmetis- og ávaxtadeildar
- Umsjón kjötdeildar
- Umsjón í mjólkurdeild
- Umsjón með bakstri

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá sendist á umsokn@netto.is fyrir 14. ágúst.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.



nettó
Kræsingar & kostakjör
www.netto.is



CAFÉ MEZZO

Café Mezzo leitar að skemmtilegu og vinnusömu starfsfólki í hlutastörf fyrir veturinn, einkum um kvöld og helgar. Sveigjanlegt vaktafyrirkomulag. Reynsla af afgreiðslu á kaffihúsi eða veitingarstað æskileg. Ferilskrá sendist á mezzo@mezzo.is merkt "Mezzo 101".

Starfskraftur óskast!

Velmerkt skiltagerð óskar eftir vönum starfsmanni í uppsetningu. Um er að ræða framtíðarstarf og þarf viðkomandi að vera orðinn 25 ára eða eldri. 100% starfshlutfall.

Starfið felst í frágangi og upplímingum á merkingum skilta, bíla, glugga o.fl. Stundvísi, vandvirkni og reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendast á: velmerkt@velmerkt.is fyrir 25. ágúst 2013.

velmerkt

Velmerkt ehf // Dugguvogi 23, 104 Reykjavík // velmerkt.is

Afgreiðslustarf

Virka óskar eftir starfsmanni í hlutastarf í fataefna- og bútasamsdeild. Leitum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi á aldrinum 18 ára og upp úr!

Upplýsingar í síma 825 0022, eða sendið umsókn á dagbjort@virka.is Vinsamlegast athugið - hentar ekki með skóla

VIRKA

Mörkinni 3, 108 RVK.

Starf leikskólastjóra við nýjan leikskóla við Austurkór

Ráðið verður í starfið, sem er 100%, frá 1. janúar 2014.

Skólinn verður 6 deilda með um 120 rými. Frábært tækifæri fyrir fólk sem vill takast á við skemmtilegt og krefjandi verkefni.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði leikskólamála skilyrði
- Reynsla af starfi í leikskóla nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Góð tölvukunnátta
- Forystuhæfileikar og góð samskiptahæfni

Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL. Starfað er skv. starfslýsingu Kópavogsbæjar og Félags stjórnenda leikskóla. Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Kópavogs þurfa að undirrita heimild til að afla upplýsinga af sakaskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi, sesselja@kopavogur.is Sigurlaug Bjarnadóttir, leikskólaráðgjafi, sigurlaugb@kopavogur.is og Gerður Guðmundsdóttir leikskólaráðgjafi, gerdur@kopavogur.is Sími á skrifstofu Kópavogsbæjar er: 570-1500

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2013.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Umsækjendur athugið að ekki er tryggt að umsókn hafi borist, nema þið fáið svar þess efnis að hún hafi verið móttækin.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

FORSTÖÐUMAÐUR MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐS HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Háskólinn á Akureyri auglýsir 100% stöðu forstöðumanns markaðs- og kynningarsviðs við Háskólann á Akureyri. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Starfssvið

- Gerð markaðs- og kynningaráætlana
- Vinna við vefsíðu háskólans
- Umsjón með auglýsingum og kynningarefni háskólans í samstarfi við fræðasvið
- Skipulagning kynninga
- Samskipti og miðlun upplýsinga til almennings, fjölmiðla o.fl.
- Viðburðastjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þekking á verkefnastjórnun
- Geta til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvuþekking
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Frumkvæði og drifkraftur
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 24. ágúst 2013. Ekki eru notuð stöðluð umsóknaeyðublöð. Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil og stjórnunarreynslu ásamt staðfestu afriti af viðeigandi prófskírteinum. Tilnefna skal þrjá meðmælendur. Æskilegt er að einn þeirra sé næsti yfirmaður umsækjanda í núverandi eða fyrra starfi hans. Umsókn sendist skrifstofu rektors, Háskólanum á Akureyri, Sólborg v/ Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsókn og fylgigögn skal einnig senda á rafrænu formi eftir því sem unnt er á netfangið gmk@unak.is. Sjá nánar á www.unak.is/lausstorf

Nánari upplýsingar veitir Dagmar Ýr Stefánsdóttir í síma 460 8009, netfang dagmar@unak.is

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

www.unak.is

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent



Starfsfólk óskast

Engin venjuleg bílapvottastöð!

Auglýsum eftir starfsfólki við bílaprif. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum á splass@splass.is



Leitum að liðsauka í þjónustudeild

Te og Kaffi óskar eftir þjónustumanni á verkstæði fyrirtækisins

Te og Kaffi óskar eftir þjónustumanni á verkstæði fyrirtækisins. Starf þetta felur m.a. í sér viðgerðarþjónustu á verkstæði við kaffivélar, reglubundið eftirlit hjá viðskiptavinum og útköll vegna bílana.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla við viðgerðir og bilanagreiningu
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar
- Áhugi á að kynnast samspili tækjabúnaðar og framleiðslu á hágæðakaffi

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog
kaffi.is

SMIÐIR



Ans óskar eftir að ráða trésmiði til starfa Einnig kemur til greina að semja við undirverktaka Upplýsingar gefur Ívar Þór Þórisson í síma 840 0955 eða á ivar@ans.is

Björnsbakari vesturbæ óskar eftir að ráða bakaranema og eða astoðarmann í framleiðslu.

viðkomandi þarf að tala íslensku og vera morgunhress.

Vinsamlega sendið svar á bjornsbakari@bjornsbakari.is

Öllum umsóknum verður svarað.



Traust og framsækið fyrirtæki leitar af duglegum og heiðarlegum söluráðgjafa, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp á vandkvæða.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir ásamt Starfsferilsskrá sendist á trausti@sparnadur.is

viltu efla grænt samfélag?

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni með áhuga á umhverfsvottun og hvernig fjölga meggi Svansvottuðum fyrirtækjum á Íslandi.

Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga, þar sem áhersla er lögð á opin samskipti, þverfaglega vinnu, erlent samstarf og möguleika á að hafa áhrif á þróun starfs.

Helstu verkefni sérfræðingsins tengjast aðallega rekstri á umhverfismerkinu Svaninum. Í því felst m.a. ýmis konar kynning á Svaninum, meðferð umsókna, samskipti við leyfishafa og framkvæmd eftirlits.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi/

Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2013

Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á umhverfisstofnun.is



UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri - Egilstaðir - Hella - Isaförður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snaefellnes - Vestmannaeyjar

Blue Water shipping er alhliða flutninga-, vörustjórnunar- og flutningsmiðlunarfyrirtæki. Við sameinum þekkingu á heimamarkaði við kunnáttu á heimsvísu til að finna bestu lausnir fyrir viðskiptavinum okkar. Skrifstofur Blue Water Shipping eru yfir 60 víðs vegar um heiminn og starfsmannafjöldinn yfir 1000 manns.

2 NÝ STÖRF

Blue Water Shipping á Íslandi óskar eftir að ráða tvo öfluga starfsmenn. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hefur nú þegar markað sér sess í öflugum samkeppnisumhverfi. Sjá nánar á www.bws.dk.

Söluráðgjafi

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- » Sala og ráðgjöf til fyrirtækja
- » Öflun nýrra viðskiptavina
- » Viðhalda tengslum við viðskiptavini
- » Fylgja eftir söluverkefnum
- » Tilboðsgerð

Menntun og hæfniskröfur:

- » Reynsla af sölustörfum
- » Góð kunnáttu í ensku og excel
- » Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- » Sóknarhugur og metnaður
- » Kostur að hafa unnið á fyrirtækjamarkaði
- » Gott tengslanet

Þjónustufulltrúi

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- » Almenn skrifstofustörf
- » Frágangur og eftirfylgni viðskipta
- » Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- » Upplýsingagjöf

Menntun og hæfniskröfur:

- » Góð samskiptahæfni og söludrifni
- » Sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og nákvæmni
- » Skipulagshæfni og sveigjanleiki
- » Mjög góð ensku- og tölvukunnáttu

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst n.k.

Upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is



**BLUE
WATER
SHIPPING**

ION Luxury Adventure Hotel leitar að fagfólki til framtíðarstarfa



ION Luxury Adventure Hotel er staðsett í stórbrotnu umhverfi á Nesjavöllum við Pingvallavatn. ION Hotel hefur hlotið umtalsverða viðurkenningu fyrir hönnun og áherslur sínar á sjálfbærni. Við hjá ION Hotel leggjum áherslu á metnað og fagleika í þjónustu. Við leitum að áhugasömu, drífandi og faglærðu fólki í neðangreind störf:

- Afgreiðslu í gestamóttöku
- Morgunverðarvakt í eldhús & þjónustu
- Yfirpernu & Þernur
- Yfirþjón & Þjóna
- Matreiðslumann
- Uppvaskara
- Bílstjóra
- Heilsunuddara

Öll umrædd störf eru unnin í vaktavinnu.

Nánari starfslýsingu er að finna á: www.ionice.land.is

Fyrir frekari upplýsingar varðandi störfin vinsamlegast sendið fyrirspurnir á job@ionice.land.is

ion

LUXURY ADVENTURE HOTEL
Iceland | Where everything meets nothing



Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á: job@ionice.land.is fyrir 13. ágúst.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Lindaskóli óskar eftir:

- skólaliða í dægradvöl
- skólaliða í gangavörslu/ræstingar

Álfhólsskóli óskar eftir:

- stuðningsfulltrúa í sérdeild fyrir einhverfa
- sérkennari í sérdeild fyrir einhverfa
- matráð
- skólaliða
- skólaliða í dægradvöl

Kársnesskóli óskar eftir:

- matráð
- starfsmanni í dægradvöl
- skólaliða

Salaskóli óskar eftir:

- umsjónarkennara á miðstigi
- skólaliðum í dægradvöl
- starfsmanni í mótuneyti

Kópavogsskóli óskar eftir:

- skólaliða

Hörðuvallaskóli óskar eftir:

- stuðningsfulltrúum/skólaliðum/ starfsmönnum í dægradvöl

Leikskólinn Marbakki óskar eftir:

- leikskólakennara/myndlistarkennsla

Leikskólinn Efstihjalli óskar eftir:

- leikskólakennara

Starfsfólk óskast á hæfingarstöð fyrir fatlaða
Þroskaþjálfari óskast á hæfingarstöð fyrir fatlaða

Starfsfólk óskast á heimili fyrir fatlaða

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Heimilið Sigurhæð

- Forstöðuþroskaþjálfari

Heimilið Krókamýri

- Starfsfólk á heimili fyrir fatlað fólk

og rekur þar hnefaleikamiðstöð sem yfirskinn fyrir eiturlyfjafnask sitt. Bróðir hans býr þar einnig og í upphafi myndarinnar myrðir hann unga stúlku. Lögreglu- maðurinn Chang er sendur á staðinn og upphefst þá hin furðulegasta atburðarás.

Leikurinn er góður og Chang er sérstaklega heillandi persóna, þrátt fyrir vafasamt siðferði sitt. Gosling er eins og Gosling á það til að vera: fámáll og heillandi. Miðað við viðtökurnar á Cannes vissi maður ekki við hverju mátti búast af myndinni en hún var fallega skotin (minnti svolítið á hræring af Kill Bill, Twin Peaks og Drive) og lýsingin draumkennd. Manni leiddist aldrei og þótt sagan væri furðuleg varð hún aldrei það furðuleg að maður týndi söguþræðinum. Myndin var þó blóðug og ofbeldisfull og viðkvæmir (líkt og undirrituð) þurftu að loka augunum nokkrum sinnum.

Sara McMahon

NIÐURSTAÐA: Áhugaverð mynd sem var listilega tekin en fullblóðug fyrir viðkvæma.

AÐEINS 2 DAGAR EFTIR!

ÚTSÖLULOK Á MORGUN Í LAUGARDALSHÖLLINNI

NÝTT!
SKÓLAVÖRUR
Á GÓÐU VERÐI!

VERÐ FRÁ
99
KR.

TÓNLIST
LEIKFÖNG
OG DVD

VERÐHRINI!

20% AUKAFSLÁTTUR

Á ALLAR VÖRUR - ALLT Á AÐ SELJAST!

SÍÐASTI SÉNS. OPIÐ 11 - 19 Í DAG OG Á MORGUN SUNNUDAG!

Ungstirni á hraðri niðurleið

Justin Bieber var aðeins sextán ára þegar honum skaut á ógnarhraða upp á stjörnuhimininn árið 2010. Undanfarið hefur kappinn þó átt í erfiðleikum með frægðina og sífellt berast fregnir af grasreykingum hans eða undarlegri hegðun. Er tími Justins Bieber að líða undir lok?

Umboðsmaðurinn Scooter Braun finnur myndband af hinum kanadíska Bieber á YouTube og ákveður samstundis að hafa uppi á drengnum og gera við hann plötusamning. Braun rekur plötuútgáfuna Raymond Braun Media Group með söngvaranum Usher. Fréttir af hinum hæfileikaríka Bieber breiðast hratt út og reynir Justin Timberlake að semja við ungstirnið en ekkert varð af því samstarfi.




MEÐ USHER Bieber skrifaði undir plötusamning fyrir útgáfufyrirtæki Ushers, Raymond Braun Media Group, árið 2007.

Fyrsta breiðskífan, My World 2.0, kemur út og gerði gott betur en stuttskífan á Billboard 200 listanum en hún náði toppsætinu með 283.000 seld eintök fyrstu söluvikuna. Bieber varð þá yngsti karlsöngvarinn til þess að tróna á toppi listans en Stevie Wonder átti fyrra metið frá árinu 1963.



BER AÐ OFAN Söngvarinn hélt tónleika í Staples Center fyrr á árinu ber að ofan og lét sjást í húðflúrinn.



Strax í janúar er Bieber myndaður reykjandi jónu og stuttu síðar fara þær sögusagnir á flug að söngvarinn hafi haldið fram hjá Selenu Gomez. Þarið hættir og byrjar saman allnokkrum sinnum og í byrjun sumars staðfestir Selena að sambandið sé endanlega búið. Bieber mætir svo tveimur tímum of seint á tónleika sína í London í mars og púðu tónleikagestir vel og lengi. Í apríl fundu sænskir lögregluþjónar eiturlyf í tónleikarútu söngvarans og í júl lét Bieber mynda sig þegar hann meig í fötu á veitingastað í New York.

Í KRÍSU í upphafi árs bárust fregnir af því að Bieber hefði verið myndaður við grasreykingar og stuttu síðar var hann sakaður um framhjáhald.

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013



UNGUR OG SAKLAUS Justin Bieber mætti í viðtal hjá fyrirsættunni Alexu Chung á MTV í september 2009.

Stuttskífan My World kemur út í nóvember og náði sjötta sæti á bandaríska Billboard 200 listanum yfir söluhæstu plötur í fyrstu söluvikunni, með 137.000 seld eintök.

Bieber-æðið nær algjöru hámarki og út kemur priváddarmyndin Never Say Never. Hún sýnir undirbúning söngvarans fyrir tónleika sína í Madison Square Garden en miðar á viðburðinn seldust upp á 22 mínútum. Síðar sama ár er Disney-stjarnan Selena Gomez kynnt sem kærasta Biebers og kvenkyns aðdáendur kappans ætla algjörlega að fara yfir um.

Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Justin Bieber og Selena Gomez byrjuðu saman árið 2011 en hættu saman nú í vor.



Hér fara hlutirnir smám saman að fara úrskeiðis hjá Bieber en fréttir berast af drykkjulátum, hraðakstri og áflogum við ágenga ljósmyndara.

Alicante

Ótrúlegt verð - frá kr. **15.800**

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt verð til Alicante 15. ágúst. Einnig aðrar dagsetningar í ágúst á hagstæðu verði.

Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!

Netverð frá **kr. 15.800**
Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Billund

Ótrúlegt verð - frá kr. **11.900**

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt verð í beinu flugi til og frá Billund í Danmörku í ágúst.

Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!

Netverð frá **kr. 11.900**
Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Birt með fyrirvara um prentsvölur. Heimsferðir ákveður sér rétt til leiðbéttinga á skó. Ath. að verð getur breytt á fyrirliggjandi tímum.



SKEPNA Rokksveitin Skepna hefur gefið út sína fyrstu plötu.

Hrátt og kraftmikið Skepnurokk

Skepna hefur gefið út sína fyrstu plötu sem ber sama nafn og hljómsveitin.

Rokksveitin Skepna hefur gefið út sína fyrstu plötu. Meðlimir eru þeir Hallur Ingólfsson, söngvari og gítarleikari, Birgir Jónsson trommari og Hörður Ingi Stefánsson bassaleikari.

Skepna hefur verið starfandi í um ár en ekki enn haldið tónleika. „Við erum búnir að vera inni í æfingahúsnæði að semja þessi lög. Þetta er allt gert í sameiningu hjá okkur félögunum,“ segir Hallur, sem hefur áður starfrækt sveitina XIII.

Markmið Skepnu er að semja hrátt og kraftmikið rokk sem fjallar um líf fólks í dag. Hallur segir hljómsveitina hafa viljað fanga

→ Útgáfutónleikar Skepnu verða á Bar 11 föstudaginn 30. ágúst.

kraftinn úr æfingahúsnæðinu á plötunni. „Svona hljómar hljómsveitin, gítar, bassi og trommur. Það er ekki verið að hlaða ofan á neitt eða búa til einhverja gítarveggi.“

Hallur tók plötuna upp og hljóðblandaði en Íslendingurinn S. Husky Höskulds hljómfafnaði í Groundlift Studios í Los Angeles. Smekkleysa sér um dreifingu.

-fb

Semja fyrir kvikmynd

Arcade Fire semur tónlist við kvikmyndina Her.

Arcade Fire mun semja tónlistina fyrir nýjustu kvikmynd leikstjórans Spike Jonze, Her. Þar leikur Joaquin Phoenix hinn einmana Theodore sem verður ástfanginn af tölvuforriti í anda Siri.

Hljómsveitin, sem er að undirbúa útgáfu nýrrar plötu, hafði áður hljóðritað órafmagnaða útgáfu af laginu Wake Up fyrir mynd Jonzes, Where The Wild Things Are. Hann leikstýrði einnig þrjátíu mínútna mynd fyrir



ARCADE FIRE Hljómsveitin Arcade Fire semur tónlistina fyrir myndina Her. Síðustu plötu Arcade Fire, The Suburbs.

Scarlett Johansson ljáir tölvuforritinu rödd sína í Her.



SPORTS

DIRECT.com

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

ÚTSALA



SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI - OPNUNARTÍMAR

MÁN-MIÐ: 10-19
FIMMTUDAGA: 10-21
FÖSTUDAGA: 10-20
LAU-SUN: 10-18

GILDIR Á MEDAN BIRGDIR ENDAST



facebook

WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS-BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS-BÍÓ	Sýningartímar
THE WAY WAY BACK	5, 8, 10, 10
ONLY GOD FORGIVES	10, 10
STRUMPARNIR 2	2, 3D
STRUMPARNIR 2	2, 5, 2D
GROWN UPS 2	8
R.I.P.D.	8, 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN	2, 5, 2D
THE HEAT	10

SAMBIÓN SPARBÍÓ

MEKTAÐ MEB GRÆNU OG APPELSÚGULU Í BÍÓUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÚGULT

FORSÝND LAUGARDAG OG SUNNUDAG

JENNIFER ANISTON JASON SUDEIKIS **WE'RE THE MILLERS***

"STATHAM ROCKS AS A VIGILANTE WITH A HEART IN THIS POWERHOUSE THRILLER!"

JASON STATHAM **HUMMINGBIRD**

"JAFNVEL SKEMMTILEGRI EN FYRRI MYNDIN"

WILLIS MALKOVICH PARKER **RED 2**

STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR

SÝND MEB ISLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D

Disney · PIXAR **SKRÍMSLA HÁSKÓLINN**

SÝND MEB ISLENSKU TALI Í 2D OG 3D

STRUMPARNIR 2

PACIFIC RIM 2D

WORLD WAR Z

BRAD PITT **THE MONUMENTS MEN**

LAUGARÁS-BÍÓ	ALFABAKKA
WE'RE THE MILLERS FORSÝND	KL. 8 - 10:30
WE'RE THE MILLERS VIP FORSÝND	KL. 8 - 10:30
HUMMINGBIRD	KL. 8 - 10:40
RED 2	KL. 5:40 - 8 - 10:30
RED 2 VIP	KL. 3 - 5:30
GAMBIT	KL. 6
PACIFIC RIM 2D	KL. 10:30
MONSTERS UNIVERSITY ISL.TAL.3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
MONSTERS UNIVERSITY ISL.TAL.2D	KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40
MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL.2D	KL. 1.20 - 3:40 - 8
WORLD WAR Z 2D	KL. 6 - 8
THE LONE RANGER	KL. 10:20
SAMMY 2 ISL.TAL.2D	KL. 2 - 4 TILBOÐ 400 KR.
LAUGARÁS-BÍÓ	AKUREYRI
WE'RE THE MILLERS FORSÝND	KL. 10:10
HUMMINGBIRD	KL. 8 - 10:30
RED 2	KL. 8
MONSTERS UNIVERSITY ISL.TAL.3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
MONSTERS UNIVERSITY ISL.TAL.2D	KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40
THE LONE RANGER	KL. 5
LAUGARÁS-BÍÓ	KEFLAVÍK
WE'RE THE MILLERS FORSÝND	KL. 10:10
HUMMINGBIRD	KL. 8
RED 2	KL. 10:10
GROWN UPS 2	KL. 8
SMURFS 2 ISL.TAL.3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
MONSTERS UNIVERSITY ISL.TAL.2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Bliki í þrjár klukkustundir

BAKPANKAR
Kolbeins Tuma
Daðasonar

Það er erfitt að útskýra það og ég hef á tilfinningunni að maður megi ekki segja það. Maður gæti verið stimplaður þjóðernissinni, orð sem fólk hefur ólíkan skilning á en yfirleitt neikvæðan, eða þá væminn. En stundum er maður ótrúlega stoltur yfir því að vera Íslendingur.

Í rigningu, roki og skítakulda var flautað til loka venjulegs leiktíma á Laugar-dalsvelli á fimmtudagskvöldið. Karlalið Breiðabliks í knattspyrnu hafði unnið 1-0 sigur á sterkasta liði Kasakstans og jafnaði metin í einvígi liðanna eftir 1-0 tap ytra. Leikmenn réðu ráðum sínum, klæddu sig í úlpur og hlustuðu á þjálfara sinn enda framlenging fram undan. Fólk í stúkunnni nuddaði lærin vegna kuldans, brosti vandræðalega hvert til annars og vissi ekki almennilega hvernig það átti að haga sér. Þá byrjaði lag að hljóma. Íslenskarar gat það ekki verið. Þorparinn með Pálma Gunnars.



ÉG veit ekki hvað það var en í nokkrar sekúndur leið mér yndislega í skítakuldunum á Laugar-dalsvelli. Fulltrúar litla Íslands áttu

í fullu tré við frambærilegasta atvinnumannalið sautján milljóna manna þjóðar úr fjarlægum heimi. Týpísk íslensk minni-máttarkennd, en hvað sem því líður var tilfinningin góð.

PÓTT „aðeins“ 2.500 manns hafi mætt í Dalinn á risaleikinn þá létu vallargestir vel í sér heyra og eftir því sem spennan og vonin varð meiri fjölgaði Blikunum. Jú, einhverjir bættust í hópinn þegar byrjað var að hleypa frítt inn en eftir því sem áhorfendur urðu stoltari af strákunum inni á vellinum leyfðu þeir sér að hrópa og kalla í takt við harðasta kjarna stuðningsmannanna. Í nokkrar mínútur studdu allir vallargestir þá grænu og hvítu (svörtu). Á kvöldi sem þessu eru nefnilega allir íslenskir knattspyrnuunnendur Blikar.

SVO fór að Blikar urðu að játa sig sigræða eftir dramatiska vítaspyrnukeppni. Hver Blikinn á fætur öðrum reyndi sig gegn markverði gestanna sem skellti í lás. Hetjulegri baráttu gegn atvinnumönnum úr hinum enda álfunnar var lokið. Blikar lutu höfði, svekkelsið var mikið en innst inni vissu leikmennirnir og allir aðrir á Laugar-dalsvelli að Blikar höfðu staðið sig vel. Leikmennirnir voru stoltir þótt hundfúllir væru. Sömu sögu var að segja um stolta landa þeirra í stúkunnni óháð því hvaða lið þeir allajafna hvetja til dáða.

FORSÝNINGAR Á BESTU GRÍNMYND ÁRSINS LAUGARDAG OG SUNNUDAG

ALFABAKKI: KL. 8 - 10:30

KRINGLAN: KL. 8 - 10:30

EGILSHÖLL: KL. 8 - 10:30

AKUREYRI: KL. 10:10

KEFLAVÍK: KL. 10:10

SAMBIO.IS

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

SKRÍMSLA HÁSKÓLINN TILBOÐ KL. 2

STRUMPARNIR 2 TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁS-BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

Party, strákar, kynlíf...listinn er langur

THE TO DO LIST

BÚÐ YKKUR UNDIR ÖPEKKTIR!

STRUMPARNIR 2

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FERDU ÖNKUR. LITTLE MISS SUNSHINE OG JUNO

THE WAY WAY BACK

WOLVERINE 3D LÚXUS

ONLY GOD FORGIVES

THE HEAT

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
THE TO DO LIST	KL. 1 (TILBOÐ) - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
STRUMPARNIR 3D ISL.TAL.	KL. 1 (TILBOÐ) - 3:20 - 5:40
STRUMPARNIR 2D ISL.TAL.	KL. 1 (TILBOÐ) - 3:20 - 5:40
WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10:40
WOLVERINE 3D LÚXUS	KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
GROWN UPS	KL. 1 (TILBOÐ) - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
THE HEAT	KL. 8 - 10:30
SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
THE WAY WAY BACK	KL. 3:20 (TILBOÐ) - 5:40 - 8 - 10:20
STRUMPARNIR 3D ISL.TAL.	KL. 3:20 (TILBOÐ) - 5:40
STRUMPARNIR 2D ISL.TAL.	KL. 3:20 (TILBOÐ) - 5:40
ONLY GOD FORGIVES	KL. 8 - 10:10
WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10:40
GROWN UPS	KL. 3:20 (TILBOÐ) - 5:40 - 8
THIS IS THE END	KL. 10:20

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MID.IS

STRUMPARNIR 3D KL. 6

ONLY GOD FORGIVES KL. 8 - 10 / WOLVERINE 3D KL. 10

GROWN UPS 2 KL. 8 - 8

Miðasala á: **mid.is** og eMiði

SKRÍMSLA HÁSKÓLINN TILBOÐ 400 KR.

STRUMPARNIR 2

SPARBÍÓ

KEFVIÐRI SAMMA 3D

KLUNNAR 2 & 4 Í ALFABAKKA

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

BÚÐ YKKUR UNDIR ÖPEKKTIR!

KL. 15.20 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 13 SMÁRABÍÓ

KL. 15.20 HÁSKÓLABÍÓ Í 2D OG 3D

KL. 13 SMÁRABÍÓ Í 2D OG 3D

Party, strákar, kynlíf...listinn er langur

THE TO DO LIST

STRUMPARNIR 2

WOLVERINE 3D

GROWN UPS

THE HEAT

BÍÓ PARADÍS Heimili kvímyndanna

DAGSKRÁIN ER Á **WWW.BIOPARADIS.IS** OG **MIDI.IS**

EUROPA CINEMAS ISLANDS

HIN EINA SANNA SKÓSPRENGJA Í FULLUM GANGI 50-90% afsláttur



Toppskórinn
Outlet

Toppskórinn
Markaður

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opíð virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opíð virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
Sunnudaga: 12-18

Sólarhringur sem gleymist seint

Peir gerast varla dramatískari sólarhringarnir en sá síðasti hjá Blikanum Kristni Jónssyni. Hann klúðraði víti og féll úr Evrópukeppni með Blikum á fimmtudagskvöldið en var síðan valinn í íslenska landsliðið aðeins fjórtán klukkutímum síðar.

FÓTBOLTI Kristinn Jónsson var einn af fjórum Blikum sem klíkkuðu á vítaspyrnum þegar Evrópuævintýri Blika endaði á Laugardalsvelli á fimmtudaginn. Blikar voru grátlega nálægt því að komast áfram en góð spilamennska liðsins í sumar hefur ekki farið fram hjá landsliðsþjálfaranum sem valdi vinstri bakvörð liðsins í A-landsliðið í gær.

„Ég er hrikalega stoltur og það er mikill heiður fyrir mig að vera valinn í landsliðið,“ sagði Kristinn þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann var þá eins og aðrir aðeins nýbúinn að fréttu að hann væri í landsliðshópi Lars Lagerbäck á móti Færeyjum.

Enn þá í spennusjokki

„Ég frétti þetta bara rétt áður en þetta var tilkynnt. Þetta er búið að vera upp og niður hjá manni síðustu klukkutímuna og maður er enn þá í spennusjokki eftir gær daginn,“ sagði Kristinn og bætti við: „Þetta bætir skapið að einhverju leyti en ég er enn þá hundfúll yfir gærdeginum,“ sagði Kristinn.

Liðsfélagi hans og fyrirlíði Breiðabliks, Finnur Orri Margeirsson, gladdist fyrir hönd félaga síns. „Ég er gífurlega ánægður með hann. Þetta er löngu orðið verðskuldað hjá honum og hann á þetta fyllilega skilið,“ sagði Finnur.

„Þetta er mikið tækifæri fyrir mig til þess að sýna hvað í mér býr,“ sagði Kristinn en annar bakvörður úr Pepsi-deildinni, Stjórnmaðurinn Jóhann Laxdal, kom einnig inn í hópinn í gær. „Okkur leiðist ekkert að fara upp vænginn og sækja. Ég veit ekki alveg hvernig taktík þjálfarans er en það

Landsliðshópurinn

Markverðir:

Hannes Þór Halldórsson, KR

Gunnleifur Gunnleifsson, Breiðabliki

Aðrir leikmenn

Birkir Már Sævarsson, Brann

Sölvi Geir Ottesen, FC Ural

Ragnar Sigurðsson, FC Kaupmannahöfn

Kári Árnason, Rotherham

Ari Freyr Skúlason, OB

Hjálmar Jónsson, IFK Gautaborg

Hallgrímur Jónsson, Sønderjyske

Kristinn Jónsson, Breiðabliki

Jóhann Laxdal, Stjórnumni

Gylfi Þór Sigurðsson, Tottenham

Birkir Bjarnason, Pescara

Rúrik Gíslason, FC Kaupmannahöfn

Helgi Valur Daníelsson, CF OS Belenenses

Emil Hallfreðsson, Hellas Verona

Ólafur Ingi Skúlason, SV Zulte Waregem

Jóhann Berg Guðmundsson, AZ Alkmaar

Kolbeinn Sigþórsson, Ajax

Alfreð Finnbogason, Heerenveen

Eiður Smári Guðjohnsen, Club Brugge

Arnór Smárason, Helsingborg IF

ooj@frettabladid.is

getur vel verið að hann sé að fara að horfa meira til þess að vera með sóknjarfa bakverði,“ segir Kristinn.

„Ég mæti á æfingarnar, geri mitt besta og gef allt í þetta. Svo verður frábært ef ég fær einhverjar mínútur í leiknum,“ sagði Kristinn en það eru fjögur ár síðan hann spilaði sinn fyrsta og eina A-landsleikinn.

„Ég spilaði æfingaleik á móti Færeyjum í Kórnum 2009. Ég man mjög vel eftir þessum fyrsta landsleik mínum. Þetta var reyndar tapleikur, sem var hálfleiðinlegt fyrir fyrsta landsleik,“ segir Kristinn.

Smá rússíbani

„Það hefur alltaf verið takmark í gegnum tíðina að komast í landsliðið en ég hef ekkert verið að einblína neitt sérstaklega á það núna heldur bara einbeita mér að því að spila vel hjá Breiðabliki og reyna að vekja einhvern áhuga erlendis,“ sagði Kristinn en hann þarf aðeins meiri tíma til að jafna sig á tapinu á móti Aktobe.


„Ég sleiki sárin í dag og svo verð ég orðinn tilbúinn á morgun fyrir leikinn á sunnudaginn,“ sagði Kristinn, sem gleymir þessum sólarhring örugglega ekki í bráð.

„Ætli það nokkuð. Þetta er búinn að vera smá rússíbani,“ sagði Kristinn að lokum.



EITT AF FJÓRUM VÍTAKLÚÐRUM BLIKA Kristinn Jónsson lagði upp mark Blika á móti Aktobe en klíkkaði á sínu víti í vftakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Vilt þú læra á listskauta?



Listskautanámskeið

Fyrir 5 – 16 ára

Fríir prufutímar!

Námskeiðin hefjast laugardaginn 31. ágúst og eru ætluð bæði strákum og stelpum.

Hægt er að velja 8 vikna námskeið (31. ágúst – 23. október) eða 15 vikna námskeið (31. ágúst – 15. desember).

Æfingar fara fram í Egilshöllinni / Kennit er í litlum hópum þar sem skipt er eftir bæði getu og aldri.

Liðleiki, jafnvægi, þol, styrkur, snerpa, túlkun, samhæfing og tækni

Stundatafla

- Laugardagar: Svell kl. 12:20 – 13:00
- Miðvikudagar: Svell kl. 16:20 – 17:00 / Þrek kl. 17:20 – 18:00

Nánari upplýsingar varðandi námskeiðin veita:

- Berglind Rós Einarsdóttir, yfirþjálfari s: 899-3058
- Erlendína Kristjánsson, skautastjóri s: 697-3990
- Krístrún Elva Jónsdóttir, gjaldkeri s: 849-6746

Skráning

www.bjominn.com/Listskautar

Skráningardagar verða í Egilshöll (við skautasvellið á 2. hæð) laugardaginn 24. ágúst og laugardaginn 31. ágúst kl. 10 – 13 þar sem hægt verður að fá frekari upplýsingar varðandi námskeiðin, s.s. þjálfun, skráningu og annað sem viðkemur íþróttinni.

Einnig má senda tölvupóst á gjaldkerilist@bjominn.com

Þjálfarar listskautadeildar:

Erlendína Kristjánsson, skautastjóri og þjálfari

Clair Wileman, yfirþjálfari A og B deilda

Andrew Place, ólympíufari, yfirþjálfari C deildar

Berglind Rós Einarsdóttir, yfirþjálfari skautaskóladeildar



Viljum fara til Brasilíu

Lars Lagerbäck er bjartsýnn á leikina fram undan.

FÓTBOLTI Lars Lagerbäck, þjálfari karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu, tilkynnti í gær hverjir munu tilheyra hópnum sem mætir Færeyjum í æfingaleik á miðvikudagskvöld í Laugardal. Stjórnmaðurinn Jóhann Laxdal er eini nýliðinn í hópnum en Lars valdi einnig Kristin Jónsson úr Breiðabliki í 22 manna hópinn sinn.

Landsliðsfyrirlíðinn Aron Einar Gunnarsson er fjarverandi, enda enn að jafna sig á axlarmeislum sem hann hlaut í landsleik gegn Slóvenum í júní. Þá ríkir óvissa með þátttöku Birkis Más Sævarssonar þar sem kona hans á von á barni.

Leikurinn er sá eini sem landsliðið spilar í undirbúningi sínum fyrir leikina í undankeppni heimsmeistaramótsins 2014 í Brasilíu. Liðið á fjóra leiki eftir, heimaleiki gegn Albaníu og Kýpur og útileiki gegn Sviss og Noregi.

„Ef við vinnum þrjá leiki náum við pottþétt öðru sætinu í riðlinum,“ sagði Lagerbäck. Fyrsta sætið í riðlinum gefur sæti í lokakeppninni en annað sætið gefur að öllum líkindum sæti í umspili.

„Það er ekki einu sinni víst að við þurfum að vinna þrjá leiki,“ sagði Svíinn. Lagerbäck var bjartsýnn á fundi með blaðamönnum í gær og sagði að möguleikinn á öðru sætinu væri svo sannarlega raunhæfur.

„Við viljum koma á óvart og fara til Brasilíu,“ sagði Lagerbäck brosandí.

Hannes Þór Halldórsson hefur verið fyrsti kostur í stöðu markvarðar undir stjórn Lagerbäck, sem hefur þó tekið vel eftir frábærri frammistöðu Gunnleifs Gunnleifssonar með Blikum í sumar.

Á sama tíma hefur Hannes verið mistækur.

„Hannes ætti ekki að vera of öruggur með sæti sitt,“ sagði Lagerbäck sem fagnar samkeppninni. Hann hrósar einnig Gunnleifi sérstaklega fyrir fagmannlega og jákvæða framkomu þrátt fyrir mikla bekkjarsetu.

Lars ræddi sérstaklega Aron Jóhannsson, sem valdi bandaríska landsliðið á dögnum fram yfir það íslenska.

„Við vorum í samskiptum við hann nánast allt frá því ég tók við landsliðinu. Mér fannst samskiptin góð og ég hvatti hann til að velja Ísland,“ segir Lagerbäck. Nú hafi Aron hins vegar valið Bandaríkin og lítið sé hægt að gera við því.

Landsleikur Íslands og Færeyja fer fram á Laugardalsvelli á miðvikudagskvöldið klukkan 19.45.

- ktd



JÓHANN LAXDAL Eini nýliðinn í hópnum á móti Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einn komst í gegn á EM

GOLF Guðmundur Ágúst Kristjánsson úr GR mun leika loka-hringinn á Evrópumóti einstaklinga í golfi í dag einn Íslendinga. Guðmundur Ágúst lék í gær á 72 höggum, kom inn á níu höggum fyrir pari og er í 48. sæti á mótinu. Haraldur Franklín Magnús úr GR lauk leik tólf höggum yfir pari í 67. sæti og Axel Bóasson úr Keili endaði í 127. sæti.

-66j



SIGNÝ ARNÓRSDÓTTIR Lékk best af konunum. MYND/GSÍMYNDIR.NET

Signý og Ólafur Björn í forystu

GOLF Signý Arnórsdóttir úr Keili og Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum eru efst eftir fyrsta daginn á fimmta móti sumarsins á Eimskipsmótarröðinni í golfi, Síamótinu, en mótið hófst á Leirdalsvelli í gærmorgun.

Signý Arnórsdóttir lék á 72 höggum í gær eða einu höggi yfir pari. Í öðru sæti er Íslandsmeistarinn Sunna Víðisdóttir úr GR sem lék á 73 höggum.

Ólafur Björn lék á 70 höggum eða einu undir pari en í öðru sæti er Rúnar Arnórsson úr Keili sem lék á pari vallarins eða á 71 höggi. Það var ræst út í morgun frá klukkan 7.30 og mótinu lýkur svo á morgun. - 66j



BRYNJAR ÁSGEIR Hefur leikið vel með FH-liðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Eyjólfur valdi þrjá nýliða

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrisson, þjálfari 21 árs landsliðs karla, tilkynnti í gær 18 manna hóp fyrir leikinn við Hvít-Rússa í undankeppni EM 2015 en leikurinn fer fram á Vodafone-vellinum miðvikudaginn 14. ágúst og hefst kl. 17.00.

Þrjú nýliðar eru í hópnum; Frederik August Albrecht Schram, markvörður OB í Danmörku, FH-ingurinn Brynjar Ásgeir Guðmundsson og Blikinn Tómas Óli Garðarsson.

Íslenska liðið er sem stendur á toppi riðilsins með fullt hús stiga eftir tvo leiki en leikurinn við Hvít-Rússa er fyrsti heimaleikurinn. - 66j

LANDSLIÐSHÓPURINN:

Markverðir: Rúnar Alex Rúnarsson (KR) og Frederik August Albrecht Schram (OB). **Aðrir leikmenn:** Hördur Björgvin Magnússon (Spezia), Jón Daði Böðvarsson (Viking), Guðmundur Pórarinnsson (Sarpsborg), Arnór Ingví Traustason (Keflavík), Emil Atlason (KR), Andri Rafn Yeoman (Breiðablik), Brynjar Gauti Guðjónsson (ÍBV), Emil Pálsson (FH), Hólmbert Friðjónsson (Fram), Hjörtur Hermannsson (PSV), Kristján Gauti Emilsson (FH), Sverrir Ingi Ingason (Breiðablik), Orrí Sigurður Ómarsson (AGF), Gunnar Þorsteinsson (ÍBV), Brynjar Ásgeir Guðmundsson (FH) og Tómas Óli Garðarsson (Breiðablik).

Töltkóngurinn í stuði á HM íslenska hestsins í Berlín í gær



MAÐUR DAGSINS Jóhann R. Skúlason og Hnokki frá Fellskoti fengu einkunnina 9,20 í forkeppni töltsins og þeim var líka vel fagnað. MYNDIR/RUT SIGURDARDÓTTIR

HESTAR Jóhann R. Skúlason og Hnokki frá Fellskoti buðu upp á frábæra sýningu í forkeppni í tölti á HM íslenska hestsins í Berlín í gær. Jóhann og Hnokki fengu einkunnina 9,20 og eru langefstir. Það fylgir sögunni á Hestafréttum. is að stúkan hafi hreinlega tryllt þegar þeir fóru með glæsibrag um brautina á meðan „Then we take Berlin“ hljómaði í hátalarakerfinu.

Jóhann er margfaldur heimsmeistari í tölti en menn sjá þó ekki svona stórglæsilega einkunn á hverjum degi á HM.

Með þessu var líka ljóst að þeir Jóhann og Hnokki frá Fellskoti voru orðnir heimsmeistarar í samanlögðum fjörgangsgreinum en úrslitin í töltinu eru síðan á lokadegi mótsins á morgun. - 66j



Nýtt nám í Borgarholtsskóla

Nám í margmiðlun

– 60% nám með vinnu í 2 ár

Inntökukröfur: Stúdentspróf eða sambærileg menntun

Námstími: 60% nám í tvö ár (12 einingar á önn)

Prófgráða: Skírteini um námslok í margmiðlun

Fyrirkomulag: Dreifnám, þ.e. fjarnám með staðlotum ásamt stuðnings- og umræðutímum

Innihald: Prentmiðlun, kvikmyndun, ljósmyndun, vefhönnun o.fl.

Framlengdur umsóknarfrestur: 19. ágúst 2013

Nánari upplýsingar: 820 2857, ari@bhs.is, www.bhs.is

Námið er ætlað fólki með ólíka þekkingu og bakgrunn sem vill öðlast alhliða hæfni í hönnun og miðlun efnis með stafrænni tækni. Námið er bæði verklegt og fræðilegt og hentar vel þeim sem vilja ná góðum tókum á upplýsingatækni, s.s. kennurum, upplýsingafræðingum, fjölmiðlafólki, almannatenglum, listamönnum og fleirum. Námið er á 4. hæfniprepi og því möguleiki að fá það metið til háskólaeininga.

Námið skiptist í fjórar annir - A, B, C og D - með eftirfarandi áherslum á hverri önn:

- Önn A: Grunnur að margmiðlun
- Önn B: Umbrot og myndlýsing
- Önn C: Kvikmyndun og hljóðvinnsla
- Önn D: Upplýsinga- og gagnamiðlun

Borgarholtsskóli við Mosaveg • sími 535 1700 • www.bhs.is

Stærstu bitarnir vilja komast í burtu

Manchester United mætir Wigan í leiknum um Samfélagskjöldinn á morgun sem þýðir aðeins eitt. Vika er í að ballið byrji á nýjan leik í sterkustu deildarkeppni Evrópu, ensku úrvalsdeildinni. Mikil óvissa ríkir um framtíð þriggja skærustu stjarnanna í deildinni.

Kolbeinn Tumi
Daðason

kolbeinntumi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þegar aðeins vika er í að flautað verði til leiks í ensku úrvalsdeildinni eiga mest spennandi leikmaður Bretlands, sá umdeildasti og von enska landsliðsins í deilum við vinnuveitendur sína.

Gareth Bale, Luis Suarez og Wayne Rooney vilja allir yfirgefa félag sín fyrir grasið græna hinum megin við lækinn. Allir hafa verið fjarri góðu gamni á undirbúningstímabilinu og ýmist sagðir meiddir, ekki í réttu standi eða hreinlega meinað að æfa með aðalliðinu.

Gareth Bale, efnilegasti og besti leikmaður síðasta tímabils, vill komast til Real Madrid. Spænski risinn er búinn að planta stjörnum í augu velska kantmannsins sem vill komast í sólina í höfuðborg Spánar. 100 milljónir punda er verðmiðinn á Bale, sem yrði að dýrasta leikmanni í sögunni. Töluvert dýrari en Cristiano Ronaldo sem yfirgaf Manchester United fyrir spænska félagið sumarið 2009 eftir ekki ósvipaðan aðdraganda. Hvers vegna vill Bale fara til Real Madrid? Jú, hann vill spila í Meistaradeild Evrópu.

Ef Daniel Levy, stjórnarformaður Tottenham myndi leita ráða hjá Luis Suarez, framherja Liverpool, yrði svarið einfalt: „Leyfðu honum að fara.“

Óþekktarormurinn frá Úrúgvæ

Suarez, sem líkt og Bale framlengdi samning sinn við núverandi félag sitt á síðasta ári, vill nefnilega sjálfur komast í burtu frá Liverpool. Meistaradeildarféðbolti er einnig afsökun vikunnar hjá Úrúgvæjanum en áður var ósanngjörnum blaðamönnum um að kenna. Fleira mætti telja til hjá framherjanum sem ómögulegt er að segja á hverju tekur upp á.

Liverpool hefur staðið með óþekktarorminum í gegnum storma og hríðir. Kynþáttafordómar í garð andstæðings og tannrás er meðal þess sem Suarez hefur verið dæmdur í leikbann fyrir í ensku úrvalsdeildinni. Tennurnar höfðu áður verið notaðar í reiðikasti í leik með Ajax í Hollandi. Að læra af reynslunni hefur ekki verið sterkasta hlið Suarez. Úrúgvæinn verður einmitt í leikbanni í fyrstu fimm leikjum Liverpool í deildinni fyrir að hafa bitað Branislav Ivanovic fyrir framan hörðustu stuðningsmenn Liverpool í leik gegn Chelsea í vor.

Nýjasta útspil Suarez, fullyrðingar um loforð frá því í vetur um að mega yfirgefa félagið í sumar, var þó kornið sem fyllti mælinn hjá knattspyrnustjóranum Brendan Rodgers. Norður-Írinn sagði Suarez hafa gengið of langt og sýnt félaginu og öðrum leikmönnum óvirðingu. Enginn leikmaður væri stærri en félagið. Nú æfir Suarez einn og fullkomlega óvíst um framhaldið. Stuðningsmenn Liverpool hafa þó almennt öðlast aukna trú og virðingu á sínum unga stjóra eftir viðbrögð hans við nýjustu kröfum Suarez.



GARETH BALE

Aldur **24 ára**
Félag **Tottenham Hotspur**
203 leikir
56 mörk
58 stoðsendingar
Verðmiði **100 milljónir punda**



”Við höfum rætt við Real Madrid, að þeirra frumkvæði, en einu skilaboð okkar eru þau að Gareth Bale sé ekki til sölu.

Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham

David Moyes, nýr stjóri Manchester United, glímur við svipað vandamál. Wayne Rooney, oft talinn fulltrúi Englands í hópi fremstu knattspyrnumanna heimsins, vill komast burt. Ekki í fyrsta skiptið. Félagið sem virðist leiða kapphlaupið um hann er einn aðalkeppinautur United í úrvalsdeildinni, Chelsea. Jose Mourinho er mættur aftur á Stamford Bridge. Nái hann að næla í Rooney væri



LUIS SUAREZ

Aldur **26 ára**
Félag **Liverpool**
96 leikir
51 mark
29 stoðsendingar
Verðmiði **50 milljónir punda**




”Suarez hefur sýnt félaginu algjöra óvirðingu. Félagi sem er eitt hið stærsta í sögunni og hefur gefið honum allt sem hann hefur óskað.

Brendan Rogers, stjóri Liverpool

stór sigur unninn. Félagaskiptin yrðu mikið áfall fyrir United og sérstaklega Moyes.

Yfirgefur Rooney Moyes á ný?

Skotinn er nýtekinn við 27 ára búi Sir Alex Ferguson og hefur um nóg að hugsa. Illa hefur gengið á undirbúningstímabilinu og stuðningsmenn liðsins eru áhyggjufullir. Nú fylgist heimsbyggðin með hvernig



WAYNE ROONEY

Aldur **27 ára**
Félag **Manchester United**
402 leikir
197 mörk
102 stoðsendingar
Verðmiði **40+ milljónir punda**



”Ég hef sagt það áður og félagið hefur sagt það áður. Wayne Rooney er ekki til sölu.

David Moyes, stjóri Manchester United

Moyes tekst að meðhöndla stjörnurarnar í büningsklefanum og fýldan stjörnuframherja liðsins. Moyes þurfti að horfa á eftir Rooney, þá átján ára og efnilegasta leikmanni ensku þjóðarinnar, til United sumarið 2004. Missi Moyes Rooney aftur úr höndum sér mun það valalítið setja stórt strik í reikning titilvarnarinnar sem fram undan er.

kolbeinntumi@365.is

Bændur og búalið athugið!

Nú er Bónðabrie kominn í nýjar umbúðir. Gríptu hann með þér í næstu verslun.





Gist verður á íbúðarhótelinu **Rouge Nublo** sem er frábærlega staðsett á Ensku ströndinni á Tirajana götunni. Yumbo Center er í næsta nágrenni en þar er fjöldinn allur af veitingarstöðum, kaffihúsum, börum og verslunum.

Í þessari sextán náttu ferð ætlar þeir Soggi og Raggi að leiða hópinn og bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Íslendingar sækja til Kanarí allan veturinn. Eyjan hefur verið vinsælasti vetraráfangastaður Íslendinga undanfarna áratugi. Flestir fara aftur og aftur enda erfitt að finna betri stað fyrir vetrarfríð. Allar nánari upplýsingar um ferðina eru að finna á urvalutsyn.is

MEÐAL ANNARS VERÐUR BOÐIÐ UPP Á:

Bátsferð – Gay Sigling // Pikk Nikk

// Gönguferð um gamla bæinn í Las Palmas


// Verslunarferð í Las Palmas



NÚ ERU INNKAUÐPALISTAR GRUNNSKÓLANNNA KOMNIR Á HEIMKAUP.IS



Veldu þinn skóla á
heimkaup.is og kláraðu
dæmið á **5 mínútum** 😊



Innkaupalistar grunnskólanna eru komnir inn á Heimkaup.is. Það eina sem þú þarft að gera er að finna þinn skóla, þinn bekk, haka í réttu reitina og skóladótið er komið heim að dyrum. Þægilegt og áreiðanlegt.

EINFALT OG ÞÆGILEGT HEIMADÆMI SEM ALLIR GETA LEYST.



SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

innan höfuðborgarsvæðisins*

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Facebook Farðu inn á Heimkaup á Facebook, snúðu lukkuhjólínu og þú átt inneign!

ALDREI MINNA EN 500 KR.



PHAN/MBWA - SÍA - 132119



Njóttu
Coke með...



Opnaðu hamingju



BENNI FÉKK BLIKKKARL

Tónlistarmaðurinn **Benedikt Freyr Jónsson**, sem gengur oftast undir nafninu Benni B-Ruff, úr rapphljómsveitinni Forgotten Loos, sagði stoltur frá því að Facebook-síðu sinni í gærkvöld að stórleikkonan Eva Mendes hefði



blikkað hann þegar augu þeirra mættust í biðröðinni á Lifandi markaði. Eva er mikið fyrir heilbrigðan lífsstíl og til marks um það hefur hún verið dugleg að æfa í Baðhúsinu hjá Lindu Pétursdóttir á meðan dvöl hennar hér landi stendur. - að



„Ég náði næstum því í skærin mín í morgun eftir að ég sá sætu stuttu klippinguna hjá Beyoncé. Mér rétt tókst að hafa hemil á mér. Það munaði samt mjóu.“

LEIKKONAN **EMMA WATSON**, SEM KLIPPTI HÁRIÐ STUTT ÁRIÐ 2010, ER GREINILEGA ÖFUNDSJÚK ÚT Í SÖNGKONUNA BEYONCÉ.

Á FARALDSFÆTI

Aðstandendur tískuverslananna KronKron og Kiosk hafa ákveðið að leggja land undir fót og flytja íslenska hönnun og tísku alla leið til Seyðisfjarðar í dag. Slegið verður upp fatamarkaði í Öldunni á Seyðisfirði þar sem hægt verður að gera góð kaup. **Hugrún Árnadóttir** er hönnuður og eigandi KronKron og þekkt fyrir litríka hönnun sína. Mun framtakið án efa falla vel í kramið hjá heimamönnum og öðrum sem eiga leið hjá. - sm

**NÝR LISTRÆNN STJÓRNANDI JÖR**

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílísti var nýverið ráðin listrænn stjórnandi fatamerkisins JÖR, sem notið hefur gríðarlega vinsælda undanfarið. Meðal annars var Baltasar Kormákur klæddur í jakkaföt frá JÖR við frumsýningu nýjustu kvikmyndar sinnar, 2 Guns, vestanhafs á dögnum.

Eigandi fatamerkisins JÖR er Guðmundur Jörundsson og kemur fyrsta dómúlina JÖR út í haust.

- ósk



FRÁBÆR ÁRANGUR
Leiksýningin Blam! hefur slegið í gegn á Edinborgarhátíðinni. Kristján Ingimarsson er leikstjóri verksins.

Blam! slær í gegn

Leiksýningin Blam! hefur slegið í gegn á Edinborgarhátíðinni, einni stærstu leiklistarhátíð heims.

„Þetta er ótrúlega flott. Maður er listaður númer eitt af þúsund sýningum á hátíðinni. Ég átti nú ekki von á þessu og við erum alveg í skýjum um yfir þessu,“ segir Kristján Ingimarsson leikstjóri um gott gengi leiksýningarinnar Blam! á Edinborgarhátíðinni. Hátíðin er ein stærsta og virtasta leiklistarhátíð Evrópu.

Sýningin hefur hlotið fjölda fimm stjörnu dóma frá gagnrýnendum og er talin óvæntasta sýning hátíðarinnar. Alls verður verkið sýnt 24 sinnum á hátíðinni og fer síðasta sýningin fram í lok mánaðarins.

„Svo setjum við upp 31 sýningu í Danmörku og 26 í London, þannig að þetta er stöðug keyrsla út þetta ár og ekkert lát verður á,“ segir leikstjórinn kátur og bætir við: „Maður verður kominn með góðar harðsperrur eftir þennan sprett.“

Blam! var sýnt sex sinnum fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu í vor og mun snúa aftur á svið leikhússins í maí. - sm

Fimm stjörnur dómar á Bretlandseyjum:

- ★★★★★ The Scotsman
- ★★★★★ The Independent
- ★★★★★ British Theatre Guide
- ★★★★★ Edinburgh Spotlight



GOTT SAMSTARF
Ragnhildur Steinunn ásamt Hrafnhildi á frumsýningu myndarinnar í fyrra.

Hrafnhildur keppir á Nordisk Panorama

Heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur keppir í flokki ætluðum ungum og upprennandi leikstjórum á hinni virtu kvikmyndahátíð.

„Það er frábært hvað myndin hefur fengið góð viðbrögð, bæði hér og víðar,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir fjölmiðlakona. Heimildarmynd hennar, Hrafnhildur, keppir á kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama í lok næsta mánaðar.

Flokkurinn sem mynd Ragnhildar Steinunnar keppir í er ætlaður ungum og upprennandi leikstjórum og kallast New Nordic Voices. Tvær aðrar íslenskar myndir keppa í flokknum: Ástarsaga eftir Ásu Hjörleifsdóttur og The Last Thing eftir Hörpu Fönn Sigurjónsdóttur.

Spurð hvort hún sé vongóð um sigur segir Ragnhildur Steinunn hlæjandi: „Maður krossar í það minnsta fingur. Ég held við séum um fimmtán til tuttugu sem keppum í flokknum, þannig að við erum mörg. En það er mikill heiður

fyrir ungan og óreyndan leikstjóra að komast inn á hátíðina, hvað þá að komast í keppnisflokk. Maður veit líka að erlendar sjónvarpsstöðvar fylgjast náið með hátíðinni og ég vona bara að myndin fari sem víðast.“

Ragnhildi Steinunni þykir leikstjórnarstarfið áhugavert og vildi gjarnan sinna því enn frekar í framtíðinni. „Mér fannst rosalega gaman að gera Hrafnhildi, þá sérstaklega af því ég gerði hana nánast sjálf frá A til Ö. Þótt ég hafi ekkert lært í kvikmyndagerð hef ég fengið við mjög ólíka dagskrárgerð á RÚV og sú reynsla nýttist vel í þessu ferli.“

Fjölmiðlakonan á von á sínu öðru barni eftir tvær vikur og hyggst nýta barneignafri sitt í eftirvinnslu nýrrar heimildarmyndar sem hún vinnur að í samstarfi við Sjónvarpið

→ Heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur, Hrafnhildur, keppir í flokki ætluðum ungum leikstjórum á kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama.

og Egil Eðvarðsson. „Við náum vonandi að klára að klippa myndina í fæðingarorlofinu. Ég nýti þau í þetta, ég kláraði Hrafnhildi í hinu orlofinu.“

Aðspurð hvort hún ætli að taka þátt í fagnaðarlátunum er fylgja Gleðigöngunni sem fram fer í dag segir hún: „Ég vil gjarnan taka fullan þátt en það verður að ráðast af samdráttarverkjum hversu mikinn þátt ég tek í hátíðahöldunum í ár,“ segir hún. sara@frettabladid.is

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY og HABITAT
Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18
og á sunnudögum kl. 13-18.

Vefverslun á www.tekk.is

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUNNI
LÝKUR Á
SUNNUDAG

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

habitat

TEKK
COMPANY

GÓÐ SAMSKIPTI



AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA

**AÐ GLEÝMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAÐ FÓLK HEFUR
ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR**

ÞOLINMÆÐI, ATHYGLI, VIRÐING

HUGGREKKI

**AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA**



★ GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ ★

**OG ÞAU VERÐA TIL
HJÁ OKKUR SJÁLFUM**



NÆRMYND



Anna Pála Sverrisdóttir

Lögfræðingur og formaður Samtakanna '78

MAKI Alfa Rós Pétursdóttir.

FORELDRAR Sverrir Þórisson og Helena Pálsdóttir.

Anna Pála Sverrisdóttir er formaður Samtakanna '78, sem eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks á Ísland. Anna starfar einnig sem lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu.

„Anna Pála var mjög ung þegar hún var farin að láta að sér kveða. Sex ára gömul var hún kölluð á Kjarvalsstaði þar sem hún tók á móti bókmenntaverðlaunum og fór í blaðaviðtal eins og hún hefði aldrei gert neitt annað. Henni hafa alltaf verið allir vegir færir en hún getur verið svolítið óstundvís.“



Sverrir Þórisson faðir

„Anna Pála er hörkudugleg, eldklár og með sterka réttlætiskennnd. Hún er mjög góð í því að virkja fólk í kringum sig, enda einstaklega jákvæð, myndin og skemmtileg. Einn galli sem ég má til með að nefna; hún er búin að vera svo mikið í útlöndum síðustu mánuði að maður hefur ekki fengið að hitta hana nógu oft.“

Jón Gunnar Ólafsson vinur



„Ég hef aldrei verið jafn spennt fyrir fæðingu neins barns og þegar Anna Pála fæddist. Hún hefur sterka réttlætiskennnd og er víðsýn. Hún er frábær vinkona og frænka og er með puttann á púlsinum í málefnum sem skipta okkur öll máli. Hún er stundum svolítið sein í matarboð.“

Póra Karítas Árnadóttir frænka


EINSTAKT UPPFLETTIRIT

Yfir 350 fisktegundum gerð skil



www.forlagid.is

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN



© Inter IKEA Systems B.V. 2013

Verslun opin 11-20 alla daga - Veltungastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is

